

LÍFIÐ ÞARF EKKI AÐ VERA NEITT SLOR
 Hafliði Magnússon lífskúntner
 og rithöfundur á Bíldudal



adhd
 20 ára afmælisblað ADHD
 samtakanna fylgir blaðinu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ

31. ágúst 2008 – 236. tölublað – 8. árgangur Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



BRÆÐUR BERJAST EKKI Í BANDINU
 Sleeps Like an Angry Bear, hljómsveit skipuð þremur ungum bræðrum

SUMARMYND ÁRSINS
 FERÐALÖG
 FALLEGASTA HÓTEL HEIMS?
 VEDUR 4

VEÐRIÐ Í DAG

HÆGVIDRI í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Rigning austan til í fyrstu og hætt við smáskúrum með suðurströndinni. Þurr og bjart með köflum á landinu vestanverðu. Hiti víðast 9-15 stig.

Töfrandi!

IKEA 2009

PITT LÍF PITT HEIMILI 39.950,-

Fjórtán hundruð hafa misst vinnuna

Tæplega fjórtán hundruð manns hafa misst vinnuna í hópuppsögnum á árinu. Fleiri hundruð til viðbótar hefur líklega verið sagt upp í minni uppsögnum. Öll merki um aukið atvinnuleysi, segir forstjóri Vinnumálastofnunar.

VINNUMARKAÐUR Tæplega fjórtán hundruð manns hefur verið sagt upp störfum í hópuppsögnum það sem af er þessu ári. Um þriðjungur þessara uppsagna varð á föstudag hjá Ístaki, Pósthúsinu og Kjötbankanum. „Það eru bara öll merki þess að atvinnuleysi fari núna að skrifa svolítið af stað og fyrirtæki þurfi að losa sig við stóran hóp manna,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. „Við erum svolítið að greina það þessa dagana og vikurnar hverjir þetta eru og hvaða úrræði gætu verið hentugust til þess að koma þessu fólki aftur af stað.“

Uppsagnir bitna nokkuð á erlendu vinnuafli að sögn Gissurar, þeim sem komið hafa sérstaklega hingað til þess að vinna hjá byggingar- og verktakafyrirtækjum. Hópuppsagnirnar muni því ekki endilega skila sér í auknu atvinnuleysi, því mikið af erlendu vinnuafli sé að snúa til síns heima. Atvinnuleysi í júlímánuði var 1,1 prósent, og voru að meðaltali tæplega tvö þúsund manns á atvinnuleysissskrá. Það er talsvert meira en á sama tíma í fyrra, en atvinnuleysi telst enn með minnsta móti.

Hópuppsagnir eru tilkynntar til Vinnumálastofnunar, en flest fyrirtæki nefna rekstarerfiðleika og samdrátt sem ástæður uppsagna. Í júní var 80 til 100 manns sagt upp störfum hjá Flugþjónustunni á Keflavíkurlflugvelli, en stöðugildi þeirra voru 70 til 75. Þá voru stöðugildi þeirra 129, sem sagt var upp hjá Pósthúsinu fyrir helgi, fjörutú talsins. „Þetta kemur okkur ekki á óvart,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ. „Þessu til viðbótar er ábyggilega æði mikill fjöldi í smærri fyrirtækjum þar sem verið að segja upp nokkrum starfsmönnum. Þar er örugglega um að ræða að minnsta kosti fleiri hundruð manns til viðbótar. Það er ekkert langsótt, þó að það vonandi gangi ekki eftir, að þetta verði sívaxandi að minnsta kosti fram eftir hausti.“



FRÍÐRIK SOPHUSSON Forstjóri Landsvirkjunar fer brátt á eftirlaun.

Fríðrik Sophusson hættir: Forstjórastaða Landsvirkjunar auglýst í dag

STJÓRNSÝSLA Stjórn Landsvirkjunar auglýsir eftir umsóknum um stöðu forstjóra fyrirtækisins í Fréttablaðinu í dag, en Fríðrik Sophusson, núverandi forstjóri, fer brátt á eftirlaun. Umsækjandi skal meðal annars hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi, stjórnunar- og rekstrarreynslu og yfirgrípsmikla þekkingu á sviði fjármála. Tekið er fram í auglýsingunni að farið verði með umsóknir sem trúnaðarmál. Landsvirkjun er sameignarfélag í eigu ríkisins. - kóp



BEIÐ EFTIR BYLNUM Þúsundir manna hafa flúið heimili sín í New Orleans vegna fellibylsins Gústavs sem mun líklega herja á borgina í vikunni. Fellibylurinn nær væntanlega fimmta og hæsta stigi í dag. Stríður straumur fólks var um umferðarmiðstöðina í New Orleans um helgina enda aðeins þrjú ár síðan fellibylurinn Katrín lagði borgina því sem næst í rúst. NORDICPHOTOS/AFP

Hundruð þúsunda hafa flúið fellibylinn sem ríður nú yfir Karíbahaf: Gústav stefnir á New Orleans

KÚBA, AP Hundruð þúsunda hafa flúið komu stormins Gústavs sem nú ríður yfir Karíbahafið. Stormurinn náði í gær að Kúbu og stefnir í átt að Bandaríkjunum. Hann hefur þegar valdið miklum usla í Karíbahafsríkjum. Að minnsta kosti 81 hefur látist á Haítí, Jamaíka og Dóminíska lýðveldinu. Stormurinn hafði í gær náð styrk fjögur og gert er ráð fyrir að hann nái styrk fimm í dag, hæsta

styrk storma, með yfir 250 kílómetra vindhraða. Tvö hundruð og fjörutíu þúsund Kúbverjar hafa verið fluttir frá heimilum sínum. Ekki höfðu borist fregnir af tjóni þaðan í gær, en ýmis starfsemi lá niðri. Yfir milljón manns hafa flúið heimili sín í Suður-rikkjum Bandaríkjanna fyrir ætlaða komu stormins. Lýst hefur verið yfir neyðarástandi í Texas og Louisiana. - gh / sjá síðu 4

Ljósmyndasamkeppni: Fjögur þúsund myndir bærust

SAMKEPPNI Hátt í fjögur þúsund myndir bærust í ljósmyndasamkeppni sem Ferðalög, aukablað Fréttablaðsins tileinkað ferðalögum, Vísir.is, Sony Center og Ferðaskrifstofa Íslands stóðu fyrir nú í ágúst. Keppnin stóð um bestu sumarmyndina frá ferðalögum landsmanna innanlands og utan. Vegleg verðlaun eru veitt fyrir þrjár bestu ljósmyndirnar í formi ferðavinnings og glæsilegra myndavéla. Fyrstu verðlaun fara til Hólmgeirs Karlssonar á Akureyri en hann tók mynd við Bäckaskog-kastala í Suður-Svíþjóð af Karli syni sínum. - amb / sjá Ferðalög í miðju blaðsins.

OPIÐ til 20 alla daga **HAGKAUP** Ein ferð betra verð

DANCE CENTER REYKJAVÍK

NR. 1 SO YOU THINK YOU CAN DANCE 2007

SABRA JOHNSON Í VETRARGARÐINUM Í DAG KL. 13.30

SPURNING DAGSINS



Vala, mun þetta toppa sumarið '68?

„Án efa.“

Jóhanna Vala Höskuldadóttir, fyrrverandi Idol-keppandi, stendur fyrir opnun ástarsafns í gömlum stræti á Akureyri.

Markaður og uppboð Jóhönnu Kristjónsdóttur sló í gegn í Perlunni í gær:

Á nítjándu milljón safnaðist

GÓÐGERÐARSTARFSEMI Á nítjándu milljón safnaðist á markaði og uppboði í Perlunni í gær. Jóhanna Kristjónsdóttir safnaði þar fé fyrir skólabyggingu í Jemen og segir hún Perluna hafa verið fulla af fólki allan daginn.

„Þetta er óskaplega magnaður árangur og þýðir það að við erum komin hátt í að geta keypt skólann,“ segir Jóhanna, en fyrir voru um níu milljónir í byggingarsjóði, sem aflað var með frjálsum framlögum.

Uppboðið eitt og sér skilaði góðgerðarstarfseminni sjö milljónum og fékkst mest fyrir listaverk eftir Ólaf Eliásson; 2,1 milljón króna. Milljón fékkst fyrir handboltalands-

liðstreyja Ólafs Stefánssonar.

Einnig voru boðnar upp ferðir og málverk og fatnaður. Fengust til að mynda um 110 þúsund krónur fyrir kjól Bjarkar Guðmundsdóttur.

Markaðurinn varður á sínum stað í dag frá klukkan 12 til 18 og lækkar þá varningurinn í verði.

„Það verður allt hræ-hræðýrt og vonandi að fólk komi sem flest og kætist og gleðjist með okkur.“

- kóp

FRÁ PERLUNNI Í GÆR Safnað verður áfram í dag fyrir skólabyggingu í Jemen og verður varningurinn lækkaður í verði, að sögn Jóhönnu Kristjónsdóttur. Húsið opnar á hádegis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR



Árásir í Suður-Ossetíu:

Georgíumenn hraktir burt

GEORGÍA, AP Suður-Ossetar hafa með kerfisbundnum hætti eyðilagt hífli Georgíumanna í Suður-Ossetíu til að hindra að þeir snúi aftur í héraðið, að sögn bandarískra mannréttindasamtaka. Suður-ossetískar vígasveitir hafa undanfarið farið ránshendi um hús Georgíumanna í Suður-Ossetíu og kveikt í þeim. Flestir georgískir íbúar Suður-Ossetíu hafa flúið þaðan. Mikil spenna ríkir milli Suður-Osseta og Georgíumanna eftir nýliðin átök á svæðinu.

Suður-ossetísk yfirvöld segjast gera það sem þau geta til að hindra árásir á Georgíumenn. - gh

Skaut á íbúðarhús í Keflavík:

Loftbyssumaður ófundinn

LÖGREGLUMÁL Skotið var úr loftbyssu á rúðu í íbúðarhúsi við Faxabraut í Keflavík aðfaranótt laugardags. Tilkynnt var um atvikið til lögreglu um klukkan tvö í gærnótt.

Íbúar sáu þann sem skaut og gátu gefið lýsingu á bíl sem hann fór upp í eftir að hafa skotið á rúðuna. Tveir aðrir voru í för með skotmanninum. Ekki hafði verið haft uppi á þeim sem skaut þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Sandgerðisdagar fara nú fram í Sandgerði og hafa að sögn lögreglu farið vel fram. - þeb



SARAH PALIN Fyrir aftan sést John McCain.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar vestra:

Trúarleiðtogar fagna Palin

BANDARÍKIN, AP Margir trúarleiðtogar í Bandaríkjunum hafa lýst yfir ánægju með val Johns McCain, forsetaefnis Repúblikana, á Söruh Palin sem varaforsetaefni hans. Hafa þeir sagt hana „snilldarlegt val“ og „örugga um að virkja gildiskjösendur“.

McCain tilkynnti í fyrradag um valið á Palin, sem er ríkisstjóri í Alaska. Hún er íhaldssamari en hann, er til dæmis andvíg fóstureyðingum og hjónaböndum samkynhneigðra. - gh

Þingmönnum gert að segja frá eignum

Frumvarp er til umsagnar hjá forsætisnefnd Alþingis um siðareglur að norrænni fyrirmynd. Gert er ráð fyrir að það verði samþykkt á kjörtímabilinu. Samkvæmt því skulu þingmenn greina frá eignum sínum og þegnum greiðum.

STJÓRNMÁL Unnið hefur verið að siðareglum fyrir þingmenn allt frá síðasta kjörtímabili. Reiknað er með að þær verði samþykktar fyrir næstu kosningar. Reglurnar eru að norrænni fyrirmynd og munu að öllu óbreyttu kveða á um að þingmenn greini frá eignum sínum, svo sem hlutafjáreign, og þegnum gjöfum og greiðum.

Markmið laganna er að tryggja sem mest gegnsæi og koma með því í veg fyrir að grunsemdir vakni. Því verður skrá yfir eignir þingmanna líklega aðgengileg almenningi.

Þetta segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

„Það er að mestu leyti byggt á reglum sem eru í Danmörku og við viljum tryggja að þær verði einfaldar og skýrar. En þær eru enn til umræðu og því ótímabært að greina frá þeim nákvæmlega,“ segir Arnbjörg.

Lúdvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar segir að þingflokkur sinn vinni nú þegar eftir ákveðnum siðareglum. Þingmenn skuli þannig greina þingflokki frá, þegar upp komi hugsanlegir hagsmunarárekstrar.

„Það segir sig sjálf að það er langeðlilegast að hlutafjáreign þingmanna liggja á borðinu. Eg tala nú ekki um þegar það er eign í fjármálfyrirtæki eða sjávarútvegsfyrirtæki,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Síðustu vikur hafa komið upp mál, þar sem athæfi kjörinna fulltrúa hefur verið gagnrýnt, vegna þeginna greiða eða meðferðar á almannafé. Nú síðast hefur verið fjallað um fjármálaráðherra, Arna M. Mathiesen, sem lýsti sig vanhæfan að eigin frumkvæði, því hann á stofnfjáreign í sparissjóði.



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

LÚDVÍK BERGVINSSON



BALDUR ÞÓR-HALLSSON

ÁRNI M. MATHIESEN

Fjármálaráðherra hefur ekki viljað greina frá því hversu miklar eignir hann á, né í hversu mörgum fyrirtækjum hann eigi hluti.

„Þegar koma upp spurningar um eignir stjórnmálamanna og þeir neita að svara þeim, þá vekur það grunsemdir. Það er ekki bara betra fyrir kjösendur að þetta sé skýrt, heldur líka fyrir þingmennina sjálfa,“ segir Baldur.

- kóp



SKEMMDIR Nýr bryggjukantur brotnaði og skemmd varð á stálþili. Tjónið getur numið nokkrum milljónum króna.

MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Vestmannaeyjar:

Arnarfell bakk-aði á bryggjuna

VESTMANNAEYJAR Flutningaskipið Arnarfell bakk-aði á Básaskersbryggju þegar verið var að snúa því í höfninni í Vestmannaeyjum síðdegis í fyrradag. Engar skemmdir urðu á skipinu en bryggjan skemmdist, ný kanturinn sem verið er að steypa brotnaði, landfestarpólli brotnaði upp og skemmd varð á stálþili.

Kristján Eggertsson hafnarstjóri segir að tjónið geti hlaupið nokkrum milljónum króna. Verið er að gera Básaskersbryggjuna upp og leggja nýja steypu yfir alla bryggjuna. - ghs

HERNAÐUR

Norður-Víkingur að nýju

Varnaræfingin Norður-Víkingur, ásamt svokallaðri loftrýmisgæslu bandaríska flughersins, hefst á mánudaginn á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

LÖGREGLUMÁL

Fíkniefni á skólalalli

Lögreglan á Akureyri hafði afskipti af fjórum einstaklingum á busaballi VMA á fimmtudagskvöld. Kanna-bisefni og tæki til fíkniefnaneyslu fundust á einum þeirra og umbúðir utan af fíkniefnum á öðrum.

Nám í verðbréfavíðskiptum

Nám til undirbúnings prófs í verðbréfavíðskiptum



Framúrskarandi kennarar

Staðnám og fjarnám

Sérstakir dæmatímar

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hefst 6. september
Skráning stendur yfir á endurmenntun.is

Borgarstjóri segir lög um veitingastaði ekki ná yfir nektarstaði í rekstri:

Snýst um Vegas og Club Óðal

REYKJAVÍK Áskorun borgarráðs um að Alþingi skýri löggjöf um nektardans snýst fyrst og fremst um það að borgina skortir heimildir til að endurnýja ekki rekstrarleyfi nektarstaða sem nú þegar eru í rekstri, segir borgarstjóri, Hanna Birna Kristjánsdóttir. Þessir staðir eru Vegas og Óðal.

Borgarráð hefur skorað á Alþingi að skýra lög um veitingastaði, en í þeim stendur að heimilt sé að veita undanþágu um nektardans, sem er annars bannaður.

Var þetta gert meðal annars í ljósi úrskurðar dómsmálaráðherra síðan í maí, þar sem hann við nektardans á veitingastaðnum Goldfinger var felld úr gildi. Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Segir að Alþingi þurfi að skýra lög um veitingastaði svo þau nái örugglega yfir staði sem eru í rekstri.

4. GREIN LAGANNA

„Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila.“

síðan bent á að í lögum séu einmitt skýrar heimildir til að banna nektardans. Því standi ekki til að endurskoða lög.

„Við heimilum ekki nýja staði. En úrskurður dómsmálaráðherra og fleira gerir það að verkum að lögfræðingar borgarinnar telja að verði leyfi nektarstaða ekki endurnýjuð, kunnir borgin að verða skaðabótaskýld,“ segir Hanna.

Augljóslega þurfi að koma í veg fyrir lagalega óvissu um þessi mál. - kóp

Opið hús í Sporthúsinu

Sunnudaginn 31. ágúst

FRÍTT Í LÍKAMSRÆKTINA OG ALLA TÍMA, ALLAN DAGINN!



Á milli klukkan 14:00 - 18:00 verður boðið upp á :

Keppni í nýrri Sportbraut
Hver getur skorað úr víti hjá Gillzenegger?

Grill
Hoppukastali
Gjafir fyrir börnin
Sippkeppni
Keppni í að halda bolta á lofti
Danssýning
Frí fitumæling

Cross Fit kynning
Jump Fit kynning
Fit Pilates kynning
Rope Yoga kynning
Eróbikk-, palla-, þrek- og hjólatímar
Magadans

HAPDRÆTTI

Allir gestir Sporthússins þennan dag eiga kost á því að vinna flugmiða til einhvers af áfangastöðum Ícelandair í Evrópu

Skyrunner
fylgir fyrstu
200 kortunum

SALA Á ÞESSUM
KORTUM HEFST
31. ÁGÚST
KL. 14:00

SPORTKLÚBBURINN!

200 fyrstu fá kaupauka
að verðmæti 95.000.-
fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!

- frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
- frír mánuður fyrir vin
- tækjakennsla
- bolur
- brúsi
- 5 tímar í skvass
- 5 tímar í golf
- máltíð á BK Kjúkling
- 5 tímar í ljós

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is

| GJALDMÍÐLAR | KAUP SALA |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 82,7 83,1 |
| Sterlingspund | 151,23 151,97 |
| Evra | 121,75 122,43 |
| Dönsk króna | 16,323 16,419 |
| Norsk króna | 15,332 15,422 |
| Sænsk króna | 12,895 12,971 |
| Japanskt jen | 0,7600 0,7644 |

SDR 129,77 130,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

158,8986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fleiri sveitarfélög koma hugsanlega inn í sameiginlegt dreifingarfyrtæki:

Orkuveitan hlutuð í tvennt

ÍDNADUR Hafinn er undirbúningur að því að skipta Orkuveitu Reykjavíkur í tvö fyrirtæki, annars vegar í framleiðslu- og sölu- fyrirtæki og hins vegar í dreifingarfyrtæki.

Fyrirtækin koma til með að lúta sinni stjórninni hvort og verða þær að vera óháðar hvor annarri. Þetta er í samræmi við lög, sem voru samþykkt á Alþingi í vor.

„Þessu þarf að vera lokið um mitt næsta ár og við reukum fyrirtækið nú þegar í sérstökum einingum.

En við kynnum betur hvaða leiðir koma til greina á næsta stjórnarfundum,“ segir Hjörleifur

B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar. Dreifingarfyrtækið yrði nokkuð smærra, en Hjörleifur kveður nokkra möguleika til stækkunar á því sviði.

„Þetta gefur okkur aukin færi á að sameina veitur. Við höfum átt í viðræðum við ýmis sveitarfélög annað slag, til dæmis Garðabæ, sem á bæði vatnsveitu og fráveitu, sem hægt væri að leggja inn í slíkt fyrirtæki,“ segir Hjörleifur. Einnig hafi verið rætt við Hafnarfjörð um þetta.

Starfsfólk Hitaveitu Suðurnesja undirbýr svipaðar breytingar og mun vera komið lengra áleiðis en Orkuveitan.



HELLISHEIÐARVIRKJUN Á höfuðborgarsvæðinu rekur Orkuveitan stærstu jarðhitavirkjun í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hálfsársuppgjör Rarik:

Stórtap á rekstrinum

VIÐSKIPTI Rarik ohf. tapaði 2,8 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins, samkvæmt tilkynningu til Kauphallarinnar.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam hins vegar tæpum 800 milljónum króna.

Mikill fjármagnskostnaður skýrir afkomuna, en hann stafar aftur af gengisfalli krónunnar og tapi Landsnets, segir í tilkynningunni.

Eigin fjárhlutfall Rarik nemur tæpum 50 prósentum. Eigið fé nam þrettán og hálfum milljarði króna um mitt árið og heildar-eignir rúmum 27. Heildarskuldur fyrirtækisins nema tæpum fjórtán milljörðum króna. - ikh

Kvótalausi sjómaðurinn:

Snýst í hringi og klórar sér

SIÁVARÚTVEGUR „Nú snýst maður bara í hringi og klórar sér,“ segir



ÁSMUNDUR JÓHANNSON

Ásmundur Jóhannsson hinn kvótalausi.

Bátur Ásmundar var innsigliður fyrir rétt um þremur vikum, eftir tvo mánuði af kvótalausum veiðum. Ekki er enn búið að kæra Ásmund. Skýrslur hafa verið teknar

af honum í tvígang.

„Þær hafa bara verið boðaðar símleiðis en aldrei bréflaga. Þeir vilja greinilega ekki að það séu til gögn um þetta. Þetta er bara þessi valdníðsla sem stjórnvöld eru svo hlynnt í dag,“ segir Ásmundur.



GÚSTAV Þúsundur hafa flúið frá svæðum þar sem stormurinn ríður yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fleiri þúsund flýja fellibylinn Gústav

Að minnsta kosti 81 hefur látist af völdum fellibylsins Gústavs sem stefnir nú hraðbyri á New Orleans. Talið er að bylurinn nái hæsta styrk í dag. Hann er öflugri en stormurinn Katrína sem gekk yfir svæðið fyrir þremur árum.

KÚBA, AP Gert er ráð fyrir að hitabeltisstormurinn Gústav, sem ríðið hefur yfir Karíbahaf, nái í dag styrk fimm, hæsta styrk storma, með yfir 250 kílómetra vindhraða.

Stormurinn náði í gær til Kúbu. Meira en 240 þúsund Kúbverjar hafa verið fluttur frá heimilum sínum fyrir komu stormsins. Ekki höfðu í gærkvöldi borist fregnir af tjóni frá Kúbu, en ýmis starfsemi í landinu lá niðri og rafmagn var óstöðugt.

Að minnsta kosti 81 hefur þegar látist í öðrum Karíbahafslöndum sökum flóða og skriða af völdum stormsins, 66 á Haítí, átta í Dómíníska lýðveldinu og sjö á Jamaíka. Nokkurt eignatjón varð á

Cayman-eyjum, en ekki hafa borist fregnir af manntjóni þar.

Gert er ráð fyrir að stormurinn fari yfir olíuframleiðslusvæði í Mexíkóflóa og nái að suðaustur-ríkjum Bandaríkjanna á morgun eða á þriðjudaginn. Starfsmenn á olíuborþöllum hafa verið fluttir burt í hundradatali og talið að allt að áttatíu prósent af olíuframleiðslu á svæðinu leggist af meðan stormurinn ríður yfir.

Meira en milljón Bandaríkjamenn hafa flúið heimili sín fyrir komu stormsins. Stöðugur bílastraumur hefur verið frá New Orleans í Louisiana-ríki. Íbúar borgarinnar muna vel eftir storminum Katrínu sem olli miklum usla þar fyrir þremur árum.

Styrkur Katrínu var minni en Gústavs. Yfirvöld í New Orleans segja þá sem verða eftir í borginni „bera fulla ábyrgð á sjálfum sér“. Lögreglumenn munu þó vakta götur borgarinnar.

Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í Louisiana og Texas. Það gerir ríkisstjórn Bandaríkjanna kleift að samræma hjálparstarf þar. George W. Bush beið nokkurn hnækki vegna slakra viðbragða við Katrínu árið 2005.

Ekki hafa borist fregnir af Íslendingum á stormsvæðum.

gunnlaugurh@frettabladid.is

Íslendingur í varðhaldi í Kína:

Sendiráðið aðstoðar Íslending

KÍNA Sendiráð Íslands í Kína vinnur hörðum höndum að því að fá unga Íslendinginn, sem hneppur var í gæsluvarðhald í Kína um síðustu helgi, leystan úr haldi, að sögn Urðar Gunnarsdóttur, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Íslendingnum, sem er við nám í Kína, sé haldið fongnum við kröpp kjör vegna þess að dvalarleyfi hans var útrunnið.

Ættingjar mannsins sögðust hafa fengið þau svör frá sendiráðinu að ekkert væri hægt að gera meðan Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, væri í Kína. Þessu neita starfsmenn sendiráðsins. - gh



FRÁ SYDNEY Fleiri konur en karlar eru í borgum Ástralíu.

Karlaskortur í Ástralíu:

Konur hundrað þúsund fleiri

ÁSTRALÍA, AP Skortur er á körlum í Ástralíu samkvæmt nýju manntali, að því er fréttavefur breska ríkisútvarpsins greinir frá. Eru nú hundrað þúsund fleiri konur í Ástralíu en karlar.

Ástæðan er sú að mikill fjöldi ungra ástralskra karla hefur flutt erlendis. Fyrir þrjátíu árum voru karmenn fleiri í Ástralíu en konur sökum innflytjendalaga sem voru vilhöll körlum.

Ástandið er verst í strandborgum Ástralíu. Margar konur hafa flutt úr sveit í borg í leit að betri störfum eða menntun. - gh

Haustvörurnar komnar

POLARN O. PYRET

Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 22° |
| Ósló | 14° |
| Stokkhólmur | 15° |
| Gautaborg | 20° |
| Helsinki | 10° |
| Eindhofen | 27° |
| Amsterdam | 25° |
| London | 23° |
| Berlín | 25° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| París | 25° |
| Basel | 27° |
| Barcelona | 29° |
| Alicante | 31° |
| Algarve | 26° |
| Tenerife | 23° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

MILT NÆSTU DAGA
Það er ekki að sjá annað en milt verði næstu daga. Jafnvel svo að á þriðjudag fari hitinn upp undir 20 stig í uppsveitum á Suðurlandi. Hins vegar er að sjá að á fimmtudag taki að kólna nokkuð fyrir norðan með frosti að næturlagi á heiðum. En sem sagt hlýtt næstu daga.

Á MORGUN 5-10 m/s.

ÞRIÐJUDAGUR 8-13 m/s með ströndum annars hægari.

Þjóðleikhúsið

Gleðilegt nýtt leikár!



**HART
Í BAK**
KLÓKUR ERTU,
EINAR ÁSKELL
UTAN GÁTTA
KARDEMOMMU
BÆRINN



ENGISPRETTUR
ÍVANOV
ÁSTIN ER DISKÓ-
LÍFIÐ ER PÖNK
SÁ LJÓTI
SKILABOÐASKJÓÐAN




08/09
FRIDA
ÖKKUBUKKA
Í ÓÐAMANS-
GARÐI



**SUMAR
LJÓS
SÆDÝRA
SAFNIÐ**
AF ÁSTUM MANNSS
OG HRÆRIVÉLAR



ÞRETTÁNDA-
**KVÖLD
ETERINN
MACBETH
HEIÐUR**



KORTASALAN ER HAFIN

KJÖRKASSINN



Á að afnema verðtryggingu?

Já 84,6%
Nei 15,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að sérstakt ráðuneyti verði stofnað fyrir efnahagsmál?

Segðu þína skoðun á visir.is



Nokkur olía hefur lekið í Seyðisfjörð úr El Grillo í sumar sökum sjávarhita:

Meiri leki úr El Grillo í sumar

SEYÐISFIÖRÐUR Óvenju mikil olía hefur lekið úr sokkna oliubirgðaskipinu El Grillo í Seyðisfjörð í sumar sökum sjávarhita, að sögn Ólafs Hr. Sigurðssonar, bæjarstjóra Seyðisfjarðar.

„Þetta er olía af gömlu gerðinni sem fer að renna þegar hitinn fer yfir níu gráður. Núna í sumar gerðist, eins og stundum áður, að sjávarhiti var óvenjumikill. Þá nær sjávarhitinn níu gráðum fyrir. Venjulega sjáum við olíubrúkir upp úr miðjum ágúst en núna fyrir hlutann í júní,“ segir Ólafur.

El Grillo var breskt skip sem þýskar flugvélar gerðu sprengjuárás á í síðari heimsstyrjöldinni.

Skipið var svo laskað eftir árásina að Bretar ákváðu að sökkva því, þó mikið magn olíu væri enn um borð. Olíu var dælt úr skipinu árið 1952 og 2001, en enn er eftir nokkuð af olíu. Olían flýtur upp í flekkjum og dreifir úr sér á yfirborði vatnsins. Ólafur segir lekann ekki vera stórt vandamál. „En þetta er hundleiðinlegt, sérstaklega fyrir þá sem sigla um fjörðinn á kajökum eða skemmtibátum og fá olíu á bátinn.“ - gh

KAFARI MAKADUR Í OLÍU Norskir sérfræðingar dældu olíu úr El Grillo fyrir umhverfisráðuneytið árið 2001. Ekki náðust þó allar olíuleifar úr flakinu.



Hitaveita Suðurnesja hagnast:

Milljarður á fyrri hluta ársins

VIÐSKIPTI Hagnaður af rekstri Hitaveitu Suðurnesja nam tæpum milljarði króna á fyrri hluta ársins. Það er þó tveimur milljörðum króna minna en í fyrra. Rekstrartekjur Hitaveitunnar jukust um tæpan fimmtung frá því á sama tíma í fyrra, að því er segir í tilkynningu til Kauphallarinnar. Þetta skýrist af auknum tekjum af raforkusölu til stóriðju. Hitaveitan skuldar ríflega 24 milljarða króna. Þar af nema skammtímaskuldir tæpum fimm milljörðum króna. Eigið fé nemur 28 milljörðum og er eigin fjárhlutfallið 54 prósent.

- ikh



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Verkefnastyrkir og samstarfssamningar við sviðslistahópa, gallerí, söfn, tónlistarhópa og hátíðir í Reykjavíkurborg.

Vakin er athygli á styrkveitingum Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 sem auglýstar eru á Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 á www.reykjavik.is/styrkir með umsóknarfresti til 1. október 2008.

Jafnframt er auglýst eftir umsóknum um samstarfssamninga Reykjavíkurborgar við sviðslistahópa, gallerí, söfn, tónlistarhópa og hátíðir í Reykjavíkurborg til allt að þriggja ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011. Umsókninni fylgi greinargerð, ef við á, um starfsemi 2006, 2007 og 2008, rekstraryfirlit ársins 2007 og framtíðaráform ásamt hefðbundnum upplýsingum um umsækjanda.

Umsóknir skulu berast til Ráðhúss Reykjavíkur eða Menningar- og ferðamálasviðs, Vesturgötu 1, 2. h., 101 Reykjavík fyrir kl. 16:15 miðvikudaginn 1. október 2008, á eyðublaðum sem þar fást. Eyðublaðin má auk þess finna á www.reykjavik.is/styrkir og www.reykjavik.is/menningogferdamal.

Eldri borgarar 60+

» Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hægt yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.



Kennsla hefst 3. september. og lýkur 24. september. Kennnt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 -16. Verð kr. 20.500,- Kennslufni innifalið.

» Framhald I

30 kennslustunda námskeið. Hentar þeim sem hafa lokið byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu og internetinu. Framhaldsæfingar í meðferð tölvupósts og stafrænna mynda í tölvu.

Kennsla hefst 4. september. og lýkur 25. september. Kennnt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 -16. Verð kr. 20.500,- Kennslufni innifalið.



Skeifunni 11B • 108 Reykjavík
www.isoft.is • Sími 511-3080

Einföldustu atriði verða vandamál

Stuðningsfjölskyldur á Akranesi búa sig nú undir komu palestínsks flóttafólks og funduðu á fimmtudaginn. Margvíslegar áhyggjur komu upp á yfirborðið enda geta hversdagslegir hlutir orðið vandamál á milli ólíkra menningarheima.

FLÓTTAFÓLK Þegar tungumálsins nýtur ekki við geta einföldustu hlutir orðið vandamál. Hvernig á að kaupa mjólkurpott eða klósett-pappír ef maður talar ekki málið? Og hvernig á að aðstoða fjölskyldu sem talar ekki sama tungumál?

Væntanlegar stuðningsfjölskyldur palestínska flóttafólksins funduðu á fimmtudaginn á Akranesi, en flóttafólkið er væntanlegt snemma í næsta mánuði. „Þetta hefur gengið framur vonum. Ég vissi að Akurnesingar væru frábærir en þetta er framar öllum vonum,“ segir Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Akranesdeildar Rauða krossins.

Athyglisvert var að fylgjast með umræðum væntanlegs stuðningsfólks. Ýmsar áhyggjur létu á sér kræla; hvernig á að tjá sig við fólk, af hverju hefur það gaman, hvað borðar það, les það latneskt letur?

Fulltrúar Rauða krossins fóru yfir reynsluna við sams konar verkefni. Við því er að búast að fyrstu vikurnar fari í praktísk mál, hvar er búðin, lækniþjónusta, félagsleg þjónusta, að læra inn á næsta umhverfi. Mikilvægt væri að hafa orðalista með algengustu orðum á báðum tungumálum og bráðsnjallt væri að skrifa heiti heimilis- og húsbúnaðar á íslensku á litla miða og líma á videigandi staði; ísskápinn, kaffivélina og svo framvegis.

Sumar stuðningsfjölskyldur hafa haldið regluleg matarboð, aðrir komið upp prjónahringjum, aðstoðað við heimanám barnanna og keyrt í búðir reglulega.



AF FUNDINUM Farið var yfir ýmis atriði á fundinum. Hlutverk stuðningsfjölskyldna er fyrst og fremst að vera til staðar ef á þarf að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



ANNA LÁRA STEINDAL

Kannanir hafa sýnt að félagslegur stuðningur er flóttafólki mikilvægastur þegar í nýtt land er komið. Jafnvel mikilvægari en lækniþjónusta.

Af fundargestum mátti skilja að menn vildu standa sig eins vel og

kostur væri. Sumir höfðu áhyggjur af því að vera allt of uppþrengjandi, aðrir af því að vera ekki nóg til staðar. Grundvallarspurningar eins og hvernig einstæðum konum af þessari menningu er heilsað komu upp.

Reynslan hefur sýnt að aðalatriði er að vera til staðar, vera vinur í raun þegar á þarf að halda. Flóttafólk er fólk eins og við og meginsteifið í samskiptum við það á að vera virðing, líkt og í öllum samskiptum.

Af áhuga væntanlegra stuðningsfjölskyldna á Akranesi að dæma munu samskiptin ganga vel þrátt fyrir tungumálaörðugleika.

kolbeinn@frettabladid.is

Íbúar á Selfossi eru áhyggjufullir yfir slyshættu við fjölfarna umferðargötu:

Blöskrar umferðarhraði við skóla

UMFERÐ Íbúum á Selfossi blöskrar umferðarhraði á Tryggvagötu og Engjavegi en við göturnar standa meðal annars grunnskóli, fjölbrautaskóli, tvö íþróttahús, sundlaug íþróttavöllur og félagsmiðstöð. Ætla má að hátt í tvö þúsund börn og ungmenni sækja skólana á hverjum degi.

„Það má segja að engar hraðahindranir séu á þessu svæði,“ segir Vilmundur Sigurðsson, einn íbúanna. Hann segir íbúa vilja lækka hámarks hraða úr 50 í 30 kílómetra á klukkustund til samræmis við gildandi hámarks hraða í öðrum skólahverfum.

Honum finnst lögreglan ekki nógu sýnileg í hverfinu og segir marga ökumenn ekki virða hraðatakmarkanir. Hann átelur sofandahátt bæjaryfirvalda og segist oft hafa rætt málið við bæjaryfirvöld í Árborg. „Maður hefði haldið að svona mál væru í forgangi,“ segir Vilmundur.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, segir bæjaryfirvöld vera að skoða leiðir til að draga úr umferðarhraða á umræddu svæði.

„Það verður farið í ákveðnar aðgerðir, bæði með lækkuð hámarks hraða á ákveðnum köflum og eins verða settar upp hraðahindranir og við munum




FRÁ SELFOSSI Gatnamót Tryggvagötu og Engjavegar eru fjölfarin enda fjöldi barna og unglunga sem sækja skóla í hverfinu.

MYND/GKS

hraða þessu,“ segir Ragnheiður. Hún tekur undir með íbúum um það að margir ökumenn aki of hratt í námunda við skólana. Þá hvetur hún ökumenn til að sýna sérstaka aðgát í námunda við skóla.

- ovd



TAX FREE

DAGAR

Dagana 29.-31. ágúst
afnemunum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjú daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 31. ágúst 2008.

OPÍÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð

Formenn stjórnarandstöðunnar senda skilaboð.

Eru þau betri?

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í aðdraganda haustfunda Alþingis hafa formenn tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna talað til þjóðarinnar um stöðu efnahagsmála og þau úrræði sem þeir sjá. Ólík efnistöð þeirra skýra um margt hvers vegna Vinstrihreyfingin – grænt framboð heldur jafn örugglega og raun ber vitni stöðu sinni sem forystuflokkur í stjórnarandstöðu.

Að sönnu eru margar hugmyndir VG umdeilanlegar og aðrar óraunhæfar. En Steingrími J. Sigfússyni hefur tekist að sýna bæði staðfestu og ábyrgð í málflutningi. Flokkurinn hefur frá upphafi afmarkað hugmyndasvið sitt lengst til vinstri og vaxtarmöguleikar hans takmarkast eðlilega við það. En forystumenn hans eru sterkir viðmælendur í íslenskri pólitík.

Fundaferð formanns Framsóknarflokksins, Guðna Ágústssonar, í síðustu viku varpaði á hinn bóginn ljósi á að honum hefur ekki með sama hætti tekist í stjórnarandstöðu að byggja upp ímynd staðfestu og ábyrgðar. Það sést meðal annars á því að í fundaherferðinni fæk mjög merkileg stefnumótun hans í Evrópumálum frá miðstjórnarfundum flokksins á liðnu sumri út um gluggann eins og hún hafi bara verið fyrir eina helgi.

Framsóknarflokkurinn hefur þó sýnt stefnufestu og ábyrgð í orkunýtingarmálum. Sú málaflýgja hefur ugglust ráðið miklu um að hann komst í meirihlutasamstarf á ný í borgarstjórn Reykjavíkur. Ýmislegt hefur bent til að sú breyting gæti einnig styrkt stöðu Framsóknarflokksins á Alþingi. Ómarkviss málflutningur á öðrum sviðum gæti þó dregið úr þeim möguleikum.

Helsti veikleikinn í efnahagsstefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er algjör andstaða við hvers kyns orkunýtingu og erlenda fjárfestingu í orkufrekum iðnaði. Þær fjárfestingar síðustu ára eru nú að skila nýjum verðmætum inn í þjóðarbúskapinn. Enginn vegur er að vinna þjóðina út úr aðsteðjandi vanda án nýrra fjárfestinga á þessu sviði. Það er spurning um hvort við ætlum að lifa á lánum eða verðmætasköpun.

Ríkisfjármálin eru eitt allra sterkasta tæki stjórnvalda við efnahagsstjórn á hverjum tíma. Niðurstæða fjárlaga mun þar af leiðandi ráða miklu um hvernig glíman við verðbólguna fer. Gáleysisleg stjórn ríkisfjármála mun leiða til nýrrar skuldásöfnunar og aukins viðskiptahalla og grafa undan gjaldmiðlinum.

Í ljósi þessara vel þekktu staðreynda veldur það miklum vonbrigðum að formaður Framsóknarflokksins skuli á þessum tíma boða umtalsverða lækkun neysluskatta og gífurlega aukningu útgjalda. Slíkar tillögur kunna að hljóma vel í eyrum eina og eina kvöldstund. Allir vilja borga lægri skatta og fá meiri opinbera þjónustu.

Málflutningur af þessu tagi er hins vegar of ódýr og ábyrgðarlaus þegar alvara er á ferðum. Afleiðingin af slíku ráðslagi yrði einfaldlega aukin verðbólga með framhaldssögu hárra vaxta. Á þessu sviði talar Steingrímur J. Sigfússon af mun meiri ábyrgð og skilningi á samhengi efnahagslífsins. Þetta er afar athyglisverður munur. Hann sýnir að vinstriflokkar þurfa ekki sjálfkrafa að vera óábyrgari í ríkisfjármálum en flokkar hægra megin við þá.

Aðhald stjórnarandstöðu er á hverjum tíma mikilvægur hlekkur í lýðræðislegri stjórnskipun. Formenn tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna hafa nú hvor með sínum hætti lagt sitt af mörkum í þeirri mikilvægu umræðu. Það á að hjálpa kjósendum að glöggva sig á hvort völ er á einhverju betra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRNARAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
ADSTOÐARRITSTJÓRN: Steinunn Stefánsdóttir
FRÉTTASTJÓRNARAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halflóason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
FULLTRUI RITSTJÓRNARAR: Páll Baldvín Baldvínsson.
VIÐSKIPTARITSTJÓRNARAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Arnmannsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlögðum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MÁLVERKAUPPBOÐ Á HILTON-NORDICA-HÓTELI Í kvöld kl 20.30



Jón Engilberts

VERKIN SÝND Í GALLERÍ BORG SKIPHOLTÍ 35
í dag sunnudag Kl. 13 til 17

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bundeskriminalt

Björn Bjarnason dóms- og kirkju-málaráðherra hefur verið á ferð og flugi síðustu daga og heimsótti meðal annars fyrir skömmu Bundeskriminalt, rannsóknarlögreglu þýska sambandsríkisins. Á bloggi sínu segir Björn frá því að lögreglustarfið í Þýskalandi mótist mjög af sjálfstæði sambandslandanna sextán sem hvert um sig hafa eigin lögreglu, þar á meðal rannsóknarlögreglu og leyningjónustu.



Skipulag þýsku lögreglunnar byggir á því meginsjónarmiði að aldrei verði til neitt í Þýskalandi sem líkast Gestapó og skýrar valdheimildir ráði öllu skipulagi hennar.

Íslenska leiðin

Nú er það spurningin hvort dóms-málaráðherra hafi ekki getað miðlað af reynslu sinni og þekkingu og opinberað þjóðverjum kosti þess að fækka lögregluembættum svo um munar. Enda segir Björn að það hafi gefið góða raun, sem sést kannski best á

því að lögreglumönnum á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað til muna frá því að hann tók við sem dómsmálaráðherra.

Oberinspektor Björn

Einkum hlýtur Björn að hafa skýrt þeim frá þeirri röggósmu miðstýringu sem hann hefur komið á með altæku embætti ríkislögreglustjóra sem sumir andans menn eins og Jónas Kristjánsson, fyrirverandi ritstjóri DV, hafa líkt við Gestapó.

kristjan@frettabladid.is
klemens@frettabladid.is

Að evra eða evra ekki



Eftir Eggert B. Guðmundsson

Þrjú af mikilvægustu atriðum í heilbrigðu efnahagsumhverfi eru lág verðbólga, lágir vextir og stöðugt gengi miðað við helstu viðskiptalönd. Á Íslandi njótum við einskis af þessu og því er von að menn horfi í kringum sig í leit að lausnum. Þegar horft er til Evrópusambandsins og evrunnar sjá menn verðbólgu, sem er um þessar mundir sennilega þriðjungur af því sem hún er á Íslandi, stýrivexti, sem eru um þriðjungur af íslenskum stýrivöxtum, og mynt, sem er ýmist beint eða óbeint tengd þeim myntum, sem langstærsti hluti okkar utanríkisviðskipta er gerður í. Til galla hafa menn bent á að með inngöngu í evrusvæði myndum við sjálfkrafa fá í kaupbæti það háa atvinnuleysisstig, sem þar ræður ríkjum. Þetta er vissulega umhugsunarefni, þótt þessi tenging sé ekki jafn augljós og þeir þrír kostir sem áður var bent á.

Af þessu öllu sögðu er því eðlilegt að menn fyllist áhuga á því að kanna betur evruna og það efnahagsumhverfi sem hún býður. Nú ber að hafa í huga að til þess að fá að ganga í myntbandalag evrunnar, þyrftum við að uppfylla ströng efnahagsleg skilyrði. Ef við yrðum fær um það, má spyrja hvort þar með yrði ekki markmiðinu náð og sjálf innngangan þar með orðin óþörf, líkt og í Ferðinni, sem aldrei var farið, eftir Sigurð Nordal. Svareð við þeirri spurningu er að það mun auka stöðugleika efnahagsumhverfisins til langs tíma að vera í slíku bandalagi, auk þess sem það verður okkur árásum spákaupmanna, sem hafa sér það helst til skemmtunar að ráðast að litlum og aukum gjaldmiðlum, eins og íslensku krónunni.

Menn hafa lengi þráttað um það hvort hægt sé að taka upp evru á Íslandi án þess að ganga í Evrópusambandið. Viðtekið viðhorf um þessar mundir er að það sé ekki hægt. Þess vegna hlýtur það að flokkast meðal kostna við mögulega aðild að Evrópusambandinu að hafa möguleika á að taka upp evru og að nálgast þar með umrædda þrjá kosti, lága verðbólgu, lága vexti og stöðugt gengi.

Því vaknar spurningin hvort það sé á sig leggjandi að sækja um fulla aðild til þess að ná því marki að komast í efnahagsumhverfi evrunnar.

Sjávarútvegsmál

Íslenskur sjávarútvegur og fólk, sem ber hag hans fyrir brjósti, hafa varað við þeirri ógn sem veiðum og vinnslu sjávarafurða

hér á landi væri búin, ef við gengjum í Evrópusambandið. Ögn þessi felst í nokkrum atriðum, sem hér skal tæpt á.

Gengi Ísland í Evrópusambandið, yrðum við aðilar að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sambandsins. Framkvæmd hennar er í höndum ráðherraþóðs ESB, sem m.a. ákveður heildarkvóta í hverri tegund. Heildarkvótanum er síðan skipt á milli aðildarlanda samkvæmt reglunni um hlutfallslegan stöðugleika. Sú regla á að tryggja að hver þjóð haldi sama hlutfalli af veiðum úr hverjum stofni, byggt á sögulegri veiðireynslu. Loks er hverri þjóð í sjálfsvald sett hvernig hún úthlutar sínum veiðheimildum. Íslendingar myndu sem sagt

Samandregið má því segja að allt umhverfi sjávarútvegsins í ESB sé fráhrindandi. Þótt hugsanlega sé hægt að semja um sérstakar undanþágur frá þessu, t.d. í ljósi þess að Íslendingar munu sennilega greiða mun meira fé til sambandsins en þeir fá frá því, þá treysta menn því ekki að slíkar undanþágur haldi til lengdar.

missa stjórn á heildarafla okkar tegunda, auk þess sem vafasamt er að reglan um hlutfallslegan stöðugleika muni halda til langs tíma.

Sjómönnum í Evrópusambandinu er skylt að kasta í sjóinn meðafla, umframafra og undirmálsfiski. Samkvæmt íslenskum lögum er brottkast á fiski hins vegar bannað. Að auki er eftirlit með fiskveiðum innan ESB mjög ábótavant. Eftirlit með veiðum íslenskra skipa er hins vegar ítarlegt, enda er slíkt forsenda traustrar virkni fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Við inngöngu í ESB myndi forsjá samninga okkar við önnur ríki um veiði úr sameiginlegum stofnum færast til framkvæmdastjórnar ESB. Þetta hefði slæmar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg, enda hefur framgangið ESB í viðræðum um slíka samninga verið óábyrg og lítt stuðlað að skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna.

Loks má benda á að á Íslandi er sjávarútvegur rekinn sem arðbær atvinnuvegur, þótt sértækar reglur hamli honum umfram

aðrar atvinnugreinar. Í Evrópu er á hinn bóginn sjávarútvegurinn víða notaður sem uppþót fyrir afskipt hérud og hráefni í pólitískar úthlutanir. Fiskveiðistjórnunin liður fyrir þetta og arðsemi verður bágborin. Þetta er ekki umhverfi, sem hentar íslenskum útvegi.

Bent hefur verið á að hægt sé að semja sig frá nefndum atriðum í aðildarviðræðum. Slíkar undanþágur frá meginreglum ESB eru þó afar sjaldgæfar og sennilega óáreiðanlegar.

Samandregið má því segja að allt umhverfi sjávarútvegsins í ESB sé fráhrindandi. Þótt hugsanlega sé hægt að semja um sérstakar undanþágur frá þessu, t.d. í ljósi þess að Íslendingar munu sennilega greiða mun meira fé til sambandsins en þeir fá frá því, þá treysta menn því ekki að slíkar undanþágur haldi til lengdar.

Hvað á að gera?

Margir kostir myndu fylgja því að taka upp evru á Íslandi og væri vert að athuga og meta þá nánar. Þessir kostir, ef sannir reynast, eru hins vegar of dýru verði keyptir, ef í kaupnum fylgir að leggja sjávarútveg á Íslandi undir stjórn Evrópusambandsins. Ljóst er, að án þess að tekinn sé af allur vafi um að hægt sé að tryggja yfirráð okkar yfir náttúruauðindum til sjós og lands kemur umsókn um aðild að ESB ekki til greina. Ekki fæst séð hvað gæti tekið af þennan vafa, en skynsamlegt hlýtur að teljast að hafa eyru og augu opin fyrir áhugaverðum ábendingum. Loks er rétt að halda áfram að huga að því hvort einhver leið finnist til þess að taka upp evru án fullrar aðildar að ESB. Þótt slík leið sé ekki sýnileg um þessar mundir, er ekki þar með sagt að hún sé ekki til.

Höfundur er forstjóri HB-Granda.



Hvað leynist undir yfirborðinu?



DIVE DeeperTM 08

Tækninámsstefna í Smárabíó 9-10 október

Dive Deeper eru námsstefnur fyrir fagfólk í upplýsinga-tækni sem vill læra um það nýjasta sem er að gerast, beint frá leiðandi sérfræðingum á sínum sviðum

Innleiðing hugbúnaðar getur verið bæði dýr, flókin og vandasöm. Með þátttöku í Dive Deeper kemur þú í veg fyrir vandamálin áður en þau gerast og sparar með því bæði fé og fyrirhöfn.

Á þessu ári hafa verið haldnar Dive Deeper námsstefnur á Bretlandi, Grikklandi, Kýpur, Danmörku, Noregi og nú er komið að Íslandi.



Andy Malone
(Skotland) Windows Server and Security Expert.



Christian Schindler
(Austuríki) Microsoft Exchange Server Arkitekt.



Rick Taylor
(Bandaríkin) Einn af höfundum SharePoint.



Úlfar Erlingsson
Dósent við HR og forstöðumaður LDDS

Fimmtudagur 9. október

- 08:00 - 08:45 Skráning og afhending gagna
- 08:45 - 09:20 Salur A - Farið yfir helstu atriði (Keynotes)
- 09:20 - 09:30 10 mín. hlé
- 09:30 - 10:45 Salur A - Adventures in Virtualization – **Andy Malone**
- 09:30 - 10:45 Salur B - Leveraging Windows Server 2008 Clustering with Microsoft Exchange Server 2007 SP1 – **Christian Schindler**
- 10:45 - 11:00 Kaffihlé
- 11:00 - 12:15 Salur A – Forms Based Authentication - How to get your Internet facing MOSS site up and running! – **Rick Taylor**
- 11:00 - 12:15 Salur B – Implementing and Managing Office Communications Server 2007 - **Guðmundur Pétur Pálsson and Róbert Jóhannsson**
- 12:15 - 13:15 Hádegisverður
- 13:15 - 14:30 Salur A – Deploying & Managing Active Directory in a Server Core Environment! – **Andy Malone**
- 13:15 - 14:30 Salur B – Using Exchange 2007 Standby Replication to Implement a Site Resilience Solution – **Christian Schindler**
- 14:30 - 14:45 Kaffihlé
- 14:45 - 16:00 Salur A - Ricks SharePoint Diaries – **Rick Taylor**
- 14:45 - 16:00 Salur B - Deploying & Managing Terminal Services 2008 – Tips & Tricks! **Andy Malone**
- 16:00 - 16:10 10. mín. hlé
- 16:10 - 17:10 Salur A og B – Technology Panel Discussion **Andy Malone, Rick Taylor, Christian Schindler**
- 17:10 - 18:30 "Ask The Experts" - Móttaka með fyrirlesurum - léttar veitingar

Föstudagur 10. október

- 08:45 - 09:30 Morgunverður í boði NTV
- 09:30 - 10:45 Salur A – Securing your data with AD Rights Management Technologies! **Andy Malone**
- 09:30 - 10:45 Salur B – Microsoft Office SharePoint Server 2007 Lifecycle Management Demofest: Methodologies, Tools, and Best Practices – **Rick Taylor**
- 10:45 - 11:00 Kaffihlé
- 11:00 - 12:15 Salur A – Designing a Namespace for Exchange 2007 Client Access in a large multi-site environment – **Christian Schindler**
- 11:00 - 12:15 Salur B - Security vulnerability mitigation: Windows Vista and beyond Part 1 - **Úlfar Erlingsson**
- 12:15 - 13:15 Hádegisverður
- 13:15 - 14:30 Salur A – IdM Cross-Forest implementations with Office SharePoint Server 2007 – **Rick Taylor**
- 13:15 - 14:30 Salur B - Security vulnerability mitigation: Windows Vista and beyond Part 2 - **Úlfar Erlingsson**
- 14:30 - 14:45 Kaffihlé
- 14:45 - 16:00 Salur A - An overview about the next Exchanger Server version – **Christian Schindler**
- 16:00 - 16:10 10. mín. hlé
- 16:10 - 17:00 Salur A og B – Event Conclusion & Farewell Allir fyrirlesarar



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is/divedeeper

ntv[®]

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

Eitt sumarkvöld árið 1984 líður lítill skemmtiprammi út Bíldudalsvog vestur á fjörðum. Hinir útvöldu farþegar sitja í stólum og sófa við borð og hlýða á Megas leika og syngja nokkur af sínum frægustu lögum úti á miðjum voginum. Bæjarbúar sperra eyrun enda ekki oft sem rödd meistarans kemur frá sjónum. Eftir dálitla kvöldsiglingu á skemmtiprammanum Söndru stímir Hafliði Magnússon þessu skemmtifleyi sínu til hafnar.

Bílddælingar fylgdust undrandi með uppátækinu en þó voru þeir ýmsu vanir, þar sem Hafliði og aðrir andans menn voru vanir að leyfa listagyðjunni að setja mark sitt á bæinn. „Ég vildi að lífið yrði eitthvað meira en að flaka steinbít,“ segir Hafliði.

Vildi fá Bubba á Söndru

En hvernig datt Hafliða í hug að smíða skemmtiprammann á sínum tíma? „Ég var í sumarfrí úti í Júgóslavíu og eftir að hafa spurt heimamenn hvar fjörið væri að finna fer ég inn í lítið hús og eftir stundarkorn rennur það af stað og heldur út á flóa með ljósasjó og dýnjandi músík. Þá hugsaði ég með mér: „Þetta er sniðugt, af hverju ekki að smíða svona skemmtipramma heima?“ Svo kom sænskur lausfrystiskápur í frystihúsið á Bíldudal en utan um hann var mikið tréverk. Þá sá ég mér leik á borði og spurði Kobba framkvæmdastjóra hvort ég mætti ekki hirða þennan risastóra trékassa. Það var auðsött mál. Því næst lét ég sjóða tómar olíutunnur undir hann og fékk síðan utanborðsmótor frá Súgandafirði, þá var þetta komið.

Á þessum tíma bjó á Bíldudal Ómar Óskarsson, sem áður var gítarleikari hljómsveitarinnar Pelican. Hann var ötull við að fá tónlistarmenn í þorpið. Fyrir tilstilli hans kom Megas og spilaði á Söndru. Svo var Bubbi með tónleika í félagsheimilinu þetta sumar og þá ætlaði ég að spyrja hann hvort hann væri ekki til í að syngja úti á sjó um borð í Söndru. Ég náði reyndar ekki til hans en svo birtist hann óvænt ásamt Rúnari Júlíusyni í sextugsafmæli mínu sem haldið var í tréverkstæðinu á Bíldudal mörgum árum síðar. Þá sagði ég honum frá þessu og sagðist hann glaður hefði spilað úti á firði í henni Söndru hefði hann fengið boð um slíkt. „Pramminn var nefndur eftir broshýrri mey sem vann með Hafliða í frystihúsinu.

Senjorinn og skakka alpahúfan

Eftir margra ára togaraslark fyrir sunnan flutti Hafliði aftur á bernskustöðvar sínar á Bíldudal árið 1966. Þar var lífið saltfiskur eins og annars staðar en alls staðar eiga menn sína drauma. „Þegar ég las bók Johns Steinbeck, Mýs og menn, þá fann ég strax mikinn samhljóm milli farandverkamanna í sögunni og togarasjómanna. Farandverkamennirnir lifðu þessu þrældómslífi en áttu sér síðan mikla drauma sem vert var að lifa fyrir. Rétt eins og sjómennirnir og þorpsbúarnir sem voru að vissu leyti einangraðir en innri veruleiki þeirra átti sér engin takmörk. Fljótlega fór ég að velta fyrir mér hvernig ég gæti sagt frá þessari togstreitu draums og veruleika og þessum kynlegu kvistum sem tog-



MARGT TIL LISTA LAGT Hafliði Magnússon grípur í harmonikkuna í garðinum við heimili sitt á Selfossi. Hann hefur samið fjölda söngleikja, gefið út bækur og málar einnig af mikilli list svo honum er ekki físað saman.

MYND/ÓN SIGURÐI

Sat uppi með stráhhatt Gísla á Uppsölum

Lífið þarf ekki að vera neitt slor þó menn stundi sjóinn eða vinni við fiskvinnslu eins og **Hafliði Magnússon** gerði lengst af. Þessi rithöfundur, myndlistarmaður og lífskúntner segir *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* blaðamanni frá því þegar hann sigldi með Megas á skemmtipramma í Arnarfirði, þegar hann sat uppi með hattinn hans Gísla á Uppsölum og frá kynlegum kvistum og listamönnum sem finnast innan um slorið.

streitan hrjáði. „Árið 1981 var síðan farvegur fyrir þessar frásagnir fundinn en þá gaf hann út bókina Togarasaga með tilbrigðum.

„Mér er sérstaklega minnstæður myndlistarmaðurinn Bjarni Valdimarsson sem var áberandi í þorpinu þegar ég flutti þangað aftur 1966,“ rifjar Hafliði upp. „Hann hafði aldrei komið út fyrir landsteinana, myndir held ég að hann hafi ekki mikið farið út fyrir Arnarfjörð. En engu að síður var hann hinn mesti heimsmáður, sérstaklega þegar hann var búinn að fá sér stjórnur í hausinn. Þá fór hann að tala esperantó og alpahúfan fór á ská. Hún var eiginlega eins og áfengismælir; eftir því sem hann drakk meira, þeim mun skakkari varð hún á kalli hans. En ég tók jafnvel þátt í þessu með honum og við fórum að mála myndir úti á götu eins og Parísarmenn. Hann kom með suðræna menningu í bæinn

enda var hann aldrei kallaður annað en Senjorinn. Hann lést árið 1973.“

Söngvarinn sem syngur ekki á ensku

Í þorpinu sogaðist Hafliði inn í samfélag manna sem lifðu þessari tvöföldu tilveru sem annars vegar stjórnaðist af lífsbaráttunni en hins vegar af listagyðjunni. Listaverk Samúels Jónssonar í Selárdal hafa líklegast verið sveitungum áminning um að jafnvel hörðustu lífsskilýrði geta ekki haldið aftur af listagyðjunni.

Hafliði sótti sjóinn fyrstu árin á Bíldudal en lengst vann hann í frystihúsinu. En í öllu stritinu þurfti hann sinn listamannsskammt eins og hann sjálfur kallar líflegar umræður með andans mönnum. „Það var alltaf ósköp gott að gera hlé á hreppaumræðum og fá sinn listamannsskammt hjá Söngvarinum,“ segir Hafliði og á þá við Jón Kr. Ólafsson sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Facon. Þekktasti smellur þeirrar sveitar var lagið Ég er frjáls. „Hann átti hins vegar erfitt með að syngja á ensku sem var allsráðandi í rokkinu í þá daga. Þetta varð til þess að hann átti ekki samleið með hljómsveitinni.“

Nú er Hafliði einmitt að rita sögu Jóns vinar síns sem getið hefur sért gott orð sem söngvari og meðal annars gefið út nokkrar plötur þar sem meðal annars má finna texta eftir Hafliða. Hann hefur einnig komið á fót tónlistarsafninu Melódíur minninganna á Bíldudal.

Listamennirnir í frystihúsinu

Allan sinn starfsaldur hefur Hafliði þurft að strita á sjó eða landi jafnliða því sem hann sinnir listagyðjunni. En voru það ekki vonbrigði að geta aldrei tileinkað sér listina eingöngu? „Ég held ég hafi ekki eirði í mér til þess, ég verð alltaf að hafa einhverja „aksjón“ í gangi. Ég var



SIGLT ÚT Á SÖNDRU SUMARÍÐ '84 Hafliði situr í skut með hattinn. Ómar Óskarsson, gítarleikari Pelican, slær á strengi en fyrir aftan hann er Hrafnhildur Schram, nú listfræðingur.

nú reyndar tekinn í Rithöfundasambandið og er ég afar þakklátur fyrir það. Það er nú ekkert gert á öðrum brjóstahaldaranum að komast þangað inn. En hins vegar fannst mér ég eiga litla samleið með herramönnum þar. Eins var lítið á þessu að græða; nema kannski eitt kokkteilboð en hvað styrkina varðar þá eru þeir veittir mönnum sem eru áskrifendur að þeim.“

En Hafliði þurfti svo sem ekki að sitja kokkteilboð fyrir sunnan til að fá sinn listamannsskammt. Óskar Magnússon, bróðir Hafliða og samstarfsmaður til margra ára, hefur getið sér gott orð sem myndlistarmaður. Styttur og gosbrunnar í heimagarði Óskars bera vott um handbragð hans. Með þeim bræðrum starfaði einnig Valdimar heitinn Ottósson, en hann átti myndatökuvél og gerði jafnvel sína eigin sjónvarpsþætti þar sem hann spjallaði við sveitungu sína.

Í nokkur skipti leiddu þeir Hafliði og Valdimar saman hesta sína. „Við Valdi gerðum til dæmis saman kvikmyndina Rósóttu stígvélin en hún var svo fjölfölduð og fékkst á einhverjum vídeóleigum. Það er ekki langt síðan að kona sem ég þekki ekki neitt hringdi í mig frá Akranesi og sagðist hafa verið að drepast úr spenningsyfyr myndinni, það þótti mér gaman að heyra.“

Þegar kom að tónlistinni í verkum Hafliða spratt enn einn listamaðurinn upp úr slorinu. „Hann Ástvaldur heitinn Jónsson, sem lengst af vann í byggingarvinnu en var einnig til sjós, var mikill tónlistarsníllingur og við unnum mikið saman.“ Þess má geta að Ástvaldur var meðlimur í hljómsveitinni Facon.

Fólkinu úr höfuðborginni þóttu þessir slorugu menn ekki listamannslegir eins og eftirfarandi

VERK HAFLIÐA MAGNÚSSONAR

BÆKUR, LEIKRIT OG SÖNGLEIKIR:

- Síðasti rauðskinninn (unglingasaga) 1951
- Gísli Súrsson (söngleikur) Menntaskólinn á Ísafirði 1974
- Bíldudals grænar baunir (gamanvísur og frásagnir) 1978, 1999
- Sabína (söngleikur) Litli leikklúbburinn 1975- L.A. 1976 -
- Togarasaga með tilbrigðum 1981, 1999
- Leiklistarhátið í Bergen 1977
- Arnarfjörður (frásagnir) 1987
- Paradísarbær (söngleikur) Leikfélagið Baldur 1975
- Gömul blöð frá Bíldudal (greinasafn) 1989
- Sólarlandaferðin (gamanleikur) L.B. 1984
- Syndugir svallarar 1991
- Stína Wóler (söngleikur) L.B. 1978, RÚV 1985
- Engill ástarinnar (smásögur) 2001
- Fjársjóður Franklins greifa (söngleikur) L.B. 1987
- Saltstorkin bros 2003
- Gífstu mér, Rósa (söngleikur) L.B. 1993
- Irja, klukkan er fjögur (söngleikur) L.B. 1995



MEÐ SENJORINN Teikning Hafliða af Senjorum (Bjarna Valdimarssyni) var notuð á samnefndan bjór sem seldur var á þorpshátíð Bílddælinga árið 2003. Í baksýn er svo málverk Senjorsins af Arnarfirðinum.

MYND/JÓN SIGURÐUR

af Alliance Française í Reykjavík

Bonjour!

FRÖNSKUNÁMSKEIÐ

Frá 15. september til 11. desember 2008

www.af.is - alliance@af.is

Innritun
hafin í síma
552 3870

LÆRÐU
AÐ TALA

FRÖNSKU

FRASARNIR HANS HAFLIÐA

Hafliði er þekktur fyrir sérstakt tungutak um ýmis mál og eru eftirfarandi tilvitnanir frá honum komnar.

- „Maður gerir þetta ekki á öðrum brjóstahaldaranum“ Um eitthvað sem ekki er einfalt í framkvæmd.
- „Hann fór þetta bara á brjóstahaldaranum“ Um einhvern sem kemur sér strax að verki.
- „Þetta er á Valaskjálfrerði?“ Um eitthvað sem er dýrt. Tilkomið vegna könnunar sem sýndi að snittur væru dýrastar í Valaskjálfrerði á Egilsstöðum.
- „Það er ófært í Ártúnsbrekkunni.“ Um þá tilhneigingu fjölmiðla að fjalla helst um það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu.
- „Ég verð að fá minn listamannskammt.“ Listamannskammturinn er samtál um lífið og listina við Jón Kr. Ólafsson söngvara.

saga ber með sér. „Eitt sinn komu sjónvarpsmenn frá Stöð 2 til Bíldudals og var þeim ráðlagt að tala við rithöfundinn Hafliða Magnússon sem ynni í frystihúsinu. Þeir fóru beint upp á skrifstofu frystihússins og töldu að rithöfundurinn væri þar bindisklæddur með framkvæmdastjóranum. Það runnu svo á þá tvær grimur þegar þeir loksins fundu mig en þá var ég inni í sal að rogast með flök í þökkun ásamt Dóra heitnum á Hóli.“

Með hattinn hans Gísla á Uppsölum

Fáir þekkja Arnarfjörð betur en Hafliði en hann hefur skrifað heila bók um fjörðinn atarna. „Einu sinni var ég að keyra unga konu út eftir firðinum og hafði ég mörg orð um allt það sem fyrir augu bar enda vel kunnugur í hverjum dal. Konan hafði hins vegar lítinn áhuga á þessum fróðleik svo ég ákvað að þegja, svolítið svekktur með viðbrögðin. En svo þegar við erum komin inn í Selárdal þá bendi ég að bænum hans Gísla Gíslasonar og segi: „Þarna er bær Gísla á Uppsölum.“ Þá fyrst verður hún afar spennu en Gísli hafði fallið frá skömmu áður. Við förum að bænum og hún sér að ein rúðan er brotin svo hún bregður sér þar inn um gluggann. Ég sat hins vegar úti í bíl. Svo kemur hún út og er með stráhattinn hans Gísla í hendinni. Ég bið hana í guðs bænum að fara með hattinn inn aftur en það er engu tauti við hana komandi. Svo var það fyrir ellefu árum að ég er að búa mig undir að flytja frá Bíldudal að ég finn hattinn. Ég vildi náttúrulega ekki hafa það á samviskunni að lúra á þessum fræga hatti svo ég hafði samband við Egil Ólafsson á byggðasafninu á Hnjóti og spurði hvort hann vildi ekki fá hann á safnið og þar er hann nú í sérstakri deild sem er tileinkuð Gísla.“

Hafliði býr nú með sambýliskonu sinni Evu Þórarinsdóttur á Selfossi. Hann er að leggja lokahönd á bókina Melódíur minninganna en svo horfir hugurinn einnig vestur á firði því hann hefur hug á því að koma verki sínu Gullkamrinum á fjalirnar með leikfélaginu Baldri á Bíldudal.

Við erum flutt!



Nýjar höfuðstöðvar í Askalind 1 þar sem Habitat var til húsa

Öryggismiðstöðin hefur opnað nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar fyrir starfsemi sína í Askalind 1 í Kópavogi. Þar finnur þú eitt fullkomnasta slökkvítækjaverkstæði landsins ásamt verslun með öryggisvörur.

Verið hjartanlega velkomin!

Prófaðu Heimaöryggi í 2 mánuði – án endurgjalds

Pantaðu núna á www.oryggi.is



Hringdu í 570 2400 og fáðu öryggi í áskrift



FRUMSAMIN BRÆÐRALÖG Sleeps Like an Angry Bear, frá vinstri: Teitur, Júlíus og Egill Björgvinssynir. MYND/JÓNAS VALTYSSON

Bræður berjast ekki í bandinu

Sleeps Like an Angry Bear er melódísk rokkhljómssveit, skipuð þremur bræðrum á aldrinum 19 til 25 ára. Hún á rætur sínar að rekja til Mosfellsbæjar.

Þótt býsna algengt sé að bræður séu saman í hljómssveitum er öllu fátíðara að þrjú bræður skipi einu og sömu sveitina. Sú er þó raunin með rokkssveitina Sleeps Like an Angry Bear, sem skipuð er þeim Teiti, Agli og Júlíusi Björgvinssonum. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvernig væri að spila með tveimur bræðrum sínum í hljómssveit. „Það er frábært. Okkar á milli ríkir djúpur skilningur, sem mætti jafnvel líkja við hugsanaflutning“, segir Teitur, sem er elstur þeirra bræðra og sér um gítarleik og söng í sveitinni. Egill (bassi) og Júlíus (trommur) taka í sama streng. „Við náum svo vel saman að við þurfum hreinlega ekki á utanaðkomandi aðilum að halda.“

Bræðurnir þvertaka fyrir að klisjan um að bræður muni berjast eigi við í hljómssveitinni. „Við höfum ekki rifist svo mikið sem einu sinni á æfingum. Þvert á móti finnst okkur gaman að geta eytt svona miklum tíma saman, sem við myndum líklega ekki gera ef ekki væri fyrir hljómssveitina“, segir Teitur.

Sleeps Like an Angry Bear leikur frumsamin, melódísk rokkhljóm, og gefa liðsmenn lítið fyrir frumleika að eigin sögn. „Við viljum fyrst og fremst spila skemmtilega tónlist. Löginn verða flest til í „djömmum“ á æfingum, og við teljum heildaráhrifin skipta meiru en fágum og fullkomnum“, segir Egill. „Við viljum að áheyrendum á tónleikum okkar líði eins og sjálfum okkur líður þegar við erum að spila. Það er takmarkið“, bætir Júlíus við.

Spurður út í hið sérkennilega nafn sveitarinnar segir Teitur það, merkilegt nokk, tengjast fjölskyldunni. „Lítill frændi okkar sagði einu sinni að ég svæfi eins og reiður

björn. Ég hef alltaf verið áhugamaður um indíána og fannst þetta flott indíánanafn, og líka flott hljómssveitarnafn.“

Sveitin hefur starfað í eitt og hálf ár og leikið á þó nokkrum hljómleikum á þeim tíma. Einnig komu þeir bræður fram á ættarmóti í sumar, og láta vel af þeirri reynslu. „Þar var fólk á öllum aldri. Sumum blöskraði hávaðinn og yfirgáfu salinn, en flestir voru hæstánægðir með okkur. Við tókum meðal annars lagið Steggjastuð með Gildrunni úr Mosfellsbæ, en Kalli Tomm, trommarinn í Gildrunni, er einmitt frændi okkar. Hann var því á staðnum, og ég er ekki frá því að karlinn hafi komist við þegar við spiluðum lagið“, segir Teitur og bræðurnir skella upp úr.

Það er reyndar mikil tónlist í ættinni hjá bræðrunum og segjast þeir í raun hafa verið að fíka við hljóðfæri frá því þeir muna eftir sér. „Tónlistin hefur verið í kringum okkur frá fæðingu, og okkur hefur alla tíð þótt það eðlilegasti hlutur í heimi að

spila og syngja saman“, segir Teitur. Faðir bræðrana er orgelsmiður og því ekki langt að leita í græjur. Júlíus starfar með föður sínum að orgelsmíði, en Teitur er æskulýðsfylltrúi í Mosfellsbæ og Egill er á leiðinni í nám til Englands. Spurðir hvort utanför Egils komi til með að hafa áhrif á starfsemi sveitarinnar segjast þeir ekki hafa miklar áhyggjur af því. „Við verðum bara enn duglegri að semja og spila þegar Egill kemur heim í frí“, segir Júlíus.

Sveitin hyggur á upptökur á næstu vikum og bræðurnir segjast opnir öllum tilboðum um hljómleikahald. Þegar blaðamaður kveður þessa skemmtilegu bræður eru þeir í óða önn að undirbúa sig fyrir tónleika á bæjarhátíðinni í túninu heima í Álafossvosinni, sem fram fóru í gær. „Umgjörðin í kvosinni er alveg svakalega falleg og ég býst við frábærum tónleikum“, segir Teitur. Áhugasömum er bent á myspace-síðu sveitarinnar; myspace.com/sleepslikeanangrybear. kjartan@frettabladid.is

EFTIRMINNILEGIR BRÆÐUR Í ERLENDUM HLJÓMSVEITUM

OASIS

Bræðurnir Noel og Liam Gallagher neyddust til að deila herbergi í lítilli bæjarblokkaríbúð fjölskyldunnar í Manchester á æskuárum sínum. Þá rifust þeir og slógust eins hundur og köttur og gera enn þrátt fyrir að hafa verið



telur málið ekki svo flókið; þeir bræður haldi friðinn með því að yrða helst ekki hvor á annan utan sviðsins og hljóðversins. Svo sem ekki verri leið en hver önnur.

THE KINKS

Illdeilur þeirra Gallagher-bræðra þykja hreinn barnaleikur í samanburði við þá heift og hatur sem oft á tíðum ríkti milli þeirra Ray Davies, gítarleikara og söngvara, og yngri bróður hans Dave Davies í bresku hljómssveitinni The Kinks. Fræg er sagan af því þegar hljómssveitin brá sér á næturklúbb eftir tónleika á öndverðum sjöunda áratugnum. Dave tók eftir því að Ray


átti í djúpum samræðum við íturvaxinn, samkynhneigðan mann mestan part kvöldsins og velti fyrir sér hvert umræðuefnið væri. Seinna um kvöldið kom upp úr kafinu að Ray hafði



stadið í samningaviðræðum við manninn um verðið á nótt með Dave bróður hans uppi á

BROS

hótelherbergi. Dave sá sér þann kost vænstan að yfirgefa samkvæmið, en þetta dæmi er talið lýsandi fyrir samskipti þeirra bræðra.



Tvívurarnir Matt og Luke Goss gerðu mikið úr þeirri staðreynd að þeir væru tvívurur þegar þeir ruddust fram á poppsjónarsviðið í lok níunda áratugarins. Þeir komu nokkrum lögum hátt á vinsældalista

á Súperman, sem hann kallaði „Super-Ang“. George hefur alla tíð þurft að sætta sig við að vera „hinn bróðirinn“ sem fæstir aðrir en hörðustu aðdáendur muna nafnið á.

AC/DC

Bræðurnir George og Angus Young fæddust í Glasgow í Skotlandi en fluttust ungir til Sydney



í Ástralíu, þar sem þeir stofnuðu AC/DC árið 1973. Angus hefur ávallt vakið mikla athygli fyrir ein-kennis-sviðsklæðnað sinn, skólalúninginn. Áður en sá varð ofan á hafði hann þó komið fram í ýmsum öðrum múðeringum, til dæmis sem Köngulóarmaðurinn, Zorro, górilla og skopstælingur.

JACKSON 5

Þeir Jackie, Tito, Jermaine og Marlon Jackson

voru dvergar, en Michael Jackson stóð svo sannarlega undir nafni sem Mjallhvít. Og gerir reyndar enn. Michael stóð uppi sem ótvíræður sigurvegari í hæfileikagenalotterí fjölskyldunnar, og meira að segja fasisstanum föður þeirra tókst ekki að lemja úr honum snilldina, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Auðvitað urðu bræður



Michael grænrir af öfund út í hann þegar hann yfirgaf sveitina og gerðist vinsælasti tónlistarmaður heims um miðjan níunda áratuginn. Þeir fengu þó örlitla uppreisn æru þegar Michael varð stjórnumil- aður, hóf að sofa í súrefnistjaldi ásamt besta vini sínum, apanum Bubbles, og missti nefið í kjölfar vinsældanna. Ekki er vítað til þess að aðrir meðlimir Jackson Five hafi fest kaup á apa, né misst nefið. Síðast heyrðist af Jermaine Jackson sem keppandi í Celebrity Big Brother-raunveruleikahættinum í Bretlandi, þar sem hann brast í grát í beinni útsendingu þegar annar keppandi, seventís-goðið Leo Sayer, var kosinn út úr þættinum. En hver hefði svo sem getað varist gráti við það tilefni?

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

29. október
Ótrúlegt sértíloð
10 náttu ferð



frá kr.
129.900

Í fyrsta sinn frá Íslandi!

Barbados

Aðeins 8 herbergi í boði á þessu verði!

Heimsferðir bjóða fráberttíloð á 10 náttu ferð til einnar helstu ferðamannaparadísar heimsins, Barbados í Karíbahafinu og gistingu á Hotel Butterfly Beach ***. Barbados hefur allt að bjóða ferðamönnum. Hvítar, pálmavaxnar og víðfeðmar draumastrendur, 25 gráðu heitan og kristaltæran sjó og meðalhitastig rétt um 30 gráður allan ársins hring. Hreinlega einstök umgjörð fyrir fríð!



Verð kr. 129.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Butterfly Beach *** með morgunverði í 10 nætur.



Gríptu þetta einstaka tækifæri og bókaðu ferð til Barbados á frábærum kjörum.

Fjölbreytt gisting í boði.



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

NÝ MENNTASTEFNA - metnaðarfull, þroskandi og skapandi skólaganga



HVAÐA TÆKIFÆRI FELAST Í NÝRRI MENNTASTEFNU?

DAGSKRÁ

MENNTAÞING 12. SEPTEMBER Í HÁSKÓLABÍÓI

Ný lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda skapa nýja umgjörð um skólastarf hér á landi. Framundan er mikilvægt starf við að móta áherslur í framkvæmd nýrrar menntastefnu og hvetur menntamálaráðuneytið alla til að leggja þar sitt af mörkum.

Þátttaka er ókeypis og öllum opin en óskað er eftir að þátttakendur skrái sig á vefsíðunni www.nymenntastefna.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um Menntaþingið og kynningarfundir haustsins.

| | |
|---------------|--|
| 8:30 - 9:00 | Móttaka ráðstefnugesta |
| 9:00 - 9:50 | Ný menntastefna Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra Umræður |
| 9:50 - 10:10 | Kaffi |
| 10:10 - 11:10 | Hlutverk kennarans á 21. öldinni - Catherine Lewis Umræður |
| 11:10 - 11:25 | Kaffi |
| 11:25 - 12:20 | Framkvæmd nýrrar menntastefnu Málstofur |
| 12:20 - 13:00 | Hádegisverðarhlé |
| 13:00 - 14:05 | Ný menntastefna í alþjóðlegu samhengi - Jens Bjornavold Umræður |
| 14:05 - 14:30 | Kaffi |
| 14:30 - 15:30 | Málstofur |
| 15:30 - 16:00 | Ráðstefnuslit - Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra |
| 16:00 - 16:30 | Léttar veitingar |

www.nymenntastefna.is

Þátttaka í Menntaþinginu er ókeypis.

Skráningu og frekari upplýsingar má finna á www.nymenntastefna.is



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

GRÍNISTINN CHRIS TUCKER
ER 36 ÁRA Í DAG.

„Mig langar að hætta að blóta. Ég held að ég sé fyndnari þegar ég sleppi því að nota ljót orð.“

Chris Tucker hefur leikið í kvikmyndum á borð við *Rush Hour* og *Jackie Brown*. Hann er þekktur fyrir ljótan orðaforða í gamanmálum sínum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 31. ÁGÚST 1997

Díana prinsessa kveður

Þennan dag fyrir ellefu árum lést Díana prinsessa í bílslysi 36 ára gömul. Unnusti hennar, Dodi al Fayed, lést einnig í slysinu.

Díana giftist Karli Bretaprinsi hinn 29. júlí 1981 í Dómkirkju Páls postula. Brúðkaupið var sveipað ævintýraljóma en hjónabandið var stormasamt og skildu Karl og Díana að borði og sæng árið 1992 en lögskiðnaður gekk í gegn fjórum árum síðar. Haft var eftir Díonu í sjónvarpsviðtali að þau hefðu alltaf verið þrjú í hjónabandinu og það hefði verið full mikið. Atti hún þar við samband Karls við fyrrum kærustu sína og núverandi eigin konu Camillu Parker Bowles.

Díana og Karl eignuðust tvo syni, Vilhjálm og Harry. Díana var vinsæl meðal almennings

og þótti alþýðleg. Hún skar sig að því leyti úr konungsfjölskyldunni sem heldur jafnan ákveðinni fjarlægð við þegna sína. Samband Díonu og tengdaforeldranna var oft talið stormasamt. Filippus prins hefur þó neitað að hafa haft horn í síðu hennar.

Díana var sögð góð móðir og það lá þungt á henni hversu mikið hún þurfti að vera frá sonum sínum tveimur vegna skyldustarfa. Díana var syrgð um allan heim þegar hún lést og var konungsfjölskyldan gagnrýnd fyrir að bregðast seinlega við tíðindunum. Þó var eftir því tekið hversu vel prinsarnir stóðu sig, en þeir gengu um milli fólks og tóku í hendur þess fyrir utan Buckingham-höll þar sem mikill mannföldi safnaðist saman.



MERKISATBURÐIR

- 1902 Hestakonan Adolph Landeburg gengur fyrst kvenna í pilsbuxum.
- 1919 Fyrsta almenna listsýningin opnuð hér á landi í barnaskólanum í Reykjavík.
- 1955 Borgarísjaker sjást um 100 sjómílur vestur af Reykjanesi.
- 1961 Alþjóðlegi ballettinn í Amsterdam settur á fót.
- 1994 Skák Jóhanns Hjartarsonar og Jóns Garðars Viðarssonar lýkur með jafntefli eftir 183 leiki.
- 1971 Dave Scott ekur bíl á tunglinu fyrstur manna.
- 1994 Síðustu hermenn rússneska hersins yfirgefa loks Eistland og Lettland.

AFMÆLI



INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR LEIKKONA er 36 ára.



ÖRN ARNARSON SUNDKAPPI er 27 ára.

SÉRA ÚLFAR GUÐMUNDSSON: LÆTUR AF STÖRFUM EFTIR 36 ÁR

Hjón ættu að signa hvort annað fyrir svefninn

Séra Úlfar Guðmundsson hættir prestskap eftir 36 ára farsælt starf og syngur sína síðustu messu í dag. Messan fer fram í Gaulverjabæjarkirkju og verður boðið upp á kaffi á eftir. Úlfar hefur þjónað Eyrarbakkaprestakalli síðustu 28 ár en áður var hann prestur á Ólafsfirði. Síðustu tíu ár hefur Úlfar verið prófastur. Úlfar segir samfélagið hafa breyst mikið á þessum tíma sem hann hefur starfað sem prestur.

„Það er eins og fólk sé feimið við að nefna Guð á nafn, til dæmis í skólum, og það finnst mér vera óþarfi og misskilningur,“ segir Úlfar, sem finnst trúariðkun þjóðarinnar og meðvitund um trú hafi farið minnkandi þegar hann lítur um öxl. Hann vill hvetja fólk til að staldra aðeins við í annrúki dagsins.

„Veröldin stendur aldrei kyrr og foreldrar hafa að sumu leyti verið gerðir óöruggir um trúaruppeldi barna sinna. Skólarnir sinna biblíusögufraeðslu ekki eins vel og þeir gerðu, þannig að það er töluverð vanþekking að verða á biblíusögum og trúararfinum. Ég hef líka hvatt til þess að fólk hugsaði um heimilisguðræðni og held að það væri mjög gott á mörgum heimilum að hafa stutta borðbæn. Það tekur enga stund að segja „guð blessi matinn“ og þá setjast allir saman að borðinu augnablik. Svo fer fólk að þykja vænt um þetta þegar frá líður. Það er bara svo mikill tætingur í samtímanum að ég held að það geti líka verið mjög gott fyrir hjón, þar sem þriðja hvert hjónaband endar með skilnaði, að þau signu hvort annað áður en þau fara að sofa á kvöldin. Þegar þau hafa prófað þetta í tvo þrjú mánuði þá vilja þau ekki sleppa því.“

Úlfari hefur líka vel í starfi sínu sem prestur. Hann segir starfið mikilvægt en presturinn vinnur með fólk bæði á gleði- og sorgartímum. Prestakallið telur um 1.370 manns sem skipa þrjár sóknir og hefur Úlfar því sinnt þremur kirkjum; Gaulverjabæ, Eyrarbakka og Stokkseyrarkirkju, og tveimur elliheimilum að auki. Tímamótin leggjast vel í Úlfar þar sem hann er í óða önn að ganga frá og flytja sig um set til Selfoss. Hann ætlar þó að taka lífinu með ró eftir starfslok og vitnar í ljóð eftir Pál Ólafsson:

„Örninn flýgur fugla hæst í forsal vinda.
Hinir sér það láta lynda
leika, kvaka, fljúga og synda.“



SYNGUR SÍNA SÍÐUSTU MESSU Í DAG Séra Úlfar Guðmundsson lætur af prestskap í dag eftir 36 farsæl ár í starfi. Tímamótin leggjast vel í hann en hann er að koma sér fyrir á Selfossi.

MYND/EGILL

„Ég ætla mér að „leika, kvaka, fljúga og synda“,“ segir hann kankvís, „en ég hef nóg að gera til að byrja með við að ganga frá og koma mér fyrir á nýjum stað. Þar verður nóg að gera hjá mér fram eftir haustinu.“ heida@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, tengdadóttir og systir,

Guðbjörg Elsa Sigurjónsdóttir

fulltrúi hjá Íslandspósti Kópavogi, Funalind 15 Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 26. ágúst. Jarðsungin verður frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á krabbameinslækningadeild 11E við Hringbraut eða Krabbameinsfélagið.

Sigurjón Ómar Niússon
Anna Björg Niúsdóttir
Niúls Birgir Niússon
Arnar Bjarki, Glódís Rún, Védís Huld og Heiðís Perla
Hulda Sigurbjörnsdóttir
Hrefna Skagfjörð
Íris Dagmar Sigurjónsdóttir
Jónanna María Sigurjónsdóttir

Elísa Harpa Grytvík
Sigurður Sigurðsson
Svanborg Gísladóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jósaþat Vilhjálmur Felixson

Húsey,

sem lést sunnudaginn 24. ágúst, verður jarðsunginn frá Löngumyrarkapelli þriðjudaginn 2. september kl. 15.00. Jarðsett verður í Víðimyrarkirkjugarði.

Inda Indriðadóttir
Felix Jósaþatsson
Indriði Jósaþatsson
afabörn og langafabörn.

Baldvina G. Valdimarsdóttir
Hrönn Helgadóttir



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug og samúð vegna andláts

Árna Jónssonar
söngvara.

Sérstaklega viljum við þakka Jóni Eyjólf Jónssyni yfirlækni og heilbrigðisstarfsfólki öldrunarsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss sem önnuðust Árna í veikindum hans. Jafnframt sérstakar þakkir til Gissurar Páls Gissurarsonar og Fóstbræðra sem heiðruðu minningu hans með fögrum söng. Guð blessi ykkur öll.

Bjarney V. Tryggvadóttir
Sigurjón Árnason
Trygvi Guðmundur Árnason
Jón Árnason
Valur Árnason
Ragnar Árnason

Helga Björk Harðardóttir
Lee Ann Greer Árnason
Guðbjörg Gissuraróttir
Kara Pálsdóttir
Kristín Helga Viggósdóttir.

Legsteinar í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

REIN

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



SUMARMYND ÁRSINS

VERÐLAUNAMYNDIR Í
LJÓSMYNDASAMKEPPNI
FRÉTTABLAÐSINS BIRTAR



FALLEGASTA HÓTEL HEIMS?

Lifandi list á Four
Seasons-hótelinu í
Flórens

LUANG PRABANG

Frumskógar og
musteri í Laos

+ ÞORGERÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR Í SHANGHAI, STASI-SAFNIÐ Í BERLÍN OG ELÍNROS LÍNDAL Í FRAKKLANDI

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELMUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

AÐ FANGA AUGNABLIKIÐ

H eimurinn hefur breyst mikið á síðustu fimm árum hvað varðar myndavélar. Þessi tæki okkar fönguðu tímann í fyrsta sinn fyrir meira en hálfri annari öld og hafa umbylt sögu okkar og fréttum með lifandi sönnunum. Myndavélar urðu stafrænar í byrjun tífunda áratugarins, en stærsta byltingin í myndavélavæðingu heimsins varð þegar slík tæki urðu ódýrari og aðgengilegri, sérstaklega þegar GSM-símar fóru að vera með innbyggðar myndavélar. Aldrei hefur verið eins auðvelt að „fanga augnablikið“; að vipa myndavél upp úr vasanum eða gemsanum sínum og festa minningu á filmu. Ljósmyndarar dagsins í dag eru ekki aðeins listamenn og atvinnumenn heldur ég og þú, ungir sem aldnir. Það varð augljóst þegar Ferðalög fór af stað með ljósmyndasamkeppni um bestu sumarmyndina að Íslendingar eru duglegir að taka myndir. Í samstarfi við Sony Center og Sumarferðir auglýstum við eftir skemmtilegum myndum teknum á ferðalögum landans bæði innanlands og utan og fengum næstum fjögur þúsund myndir, sem er klárlega metþátttaka. Það var mjög gaman að sjá að þátttakendur voru á öllum aldurskeiðum og myndirnar bárust frá fjölmörgum landshlutum og fjarlægum löndum. Valið var erfitt en að síðustu völdum við þrjár myndir sem okkur fannst lýsandi fyrir þá stemningu sem ferðalagið er: töfrandi augnablik og upphaf á nýjum ævintýrum. Vinningsmyndirnar má sjá hér í blaðinu á síðum 6 og 7. Við viljum þakka öllum þeim fjölda fólks sem sendi myndir inn á visir.is fyrir þáttökuna og benda á að enn er hægt að skoða allar myndirnar sem tóku þátt á visir.is.



Tvær hallir verða að hóteli Það tók sjö ár að endurgera hallirnar í Della Gherardesca-garðinum í Flórens.



Ekkert herbergi eins Franski arkitektinn Pierre-Yves Rochon hefur sinnt hverju einasta smáatriði meistaralega.

Fallegasta hótél heims?

NÝJA FOUR SEASONS HÓTELIÐ Í FLÓRENS

NÝTT

E f þig hefur alltaf langað til þess að upplifa þig eins og konungur og drottning á endurreisnartímabili Ítalíu með tilheyrandi engilbörnum og gyðjum í loftinu þá er Four Seasons-hótelíð í Flórens algjör paradís á jörðu. Það tók sjö ár að endurgera þessar fallegu tvær hallir sem eru í einu best geymda leyndarmáli borgarinnar – garðinum Della Gherardesca sem er stærsti garður í einkaeign innan borgarmúranna. Listaverk, freskur og stytur skreyta hvern


einasta krók og kima, hvort sem það eru borðstofur, gangvegir, svefnherbergi eða baðherbergi. Það er fransk arkitektinn Pierre-Yves Rochon, sem einnig hannaði Hotel George V í París, sem á heidurinn af þessari vel heppnuðu andlitslyftingu. Engin tvö herbergi hótelsins eru eins, og einnig er þar að finna fullkomna heilsulind ásamt stórrí sundlaug.

- amb

www.fourseasons.com

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is
Útiti Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
Forsíðumynd Hólmgeir Karlsson sjá síðu 6
Pennar Vigdís Þormóðsdóttir Kolbrún Ólafsdóttir
Ljósmyndir Fréttablaðið
Auglýsingar Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Ævintýrin liggja í loftinu!

Vestmannaeyjar frá 3.990 kr.

Flugvallarskattar innifaldir, takmarkað sætaframboð, einungis bókanlegt á netinu.



FERÐIR MÍNAR

ELÍNROS LÍNDAL, BLAÐAMAÐUR OG NEMI

UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á JÖRÐINI... er Ísland. Sama hvernig á það er lítið eða hvert ég fer þá er heima best. Það jafnast ekkert á við gömlu góðu Gufuna, kalda íslenska kranavatnið og ókeypis andlitsmeðferðina í hressandi roki og rigningu.

ÉG FERÐAST ALDREI ÁN... þess að hafa með mér gott lesefni. Mæli eindregið með tímaritinu Vanity Fair þar sem finna má skemmtileg viðtöl í bland við pólitískar greinar og frásagnir um goðsagnir liðinna tíma.

SÍÐASTA FERÐALAGIÐ SEM ÉG FÓR Í... var til Frakklands. Ferðalagið hófst í París og endaði í suðurhluta landsins. Frakkland er eitt af mínum uppáhalds löndum.

MINNISSTÆÐASTI STAÐURINN SEM ÉG HEIMSÓTTI PAR... var án efa dvergrikið og furstadæmið Mónakó.

Þetta þéttbýlasta ríki heims sem er rómað fyrir magnaða sögu, Rainier fursta og Grace Kelly, spílavíti, Formúlu 1 og fallegar hátískuverslanir sameinaði áhugasvið fjölskyldunnar.

UPPÁHALDSHÓTELIN MÍN ERU... Mandarin Oriental í New York og Delano á Miami. Mandarin er vel staðsett hótél við Miðgarð og Delano er við suðurströnd þar sem allt iðar af lífi og fjöri.

ÞEGAR ÉG ER Á FERÐALAGI ERLENDIS KAUPI ÉG ALLTAF... fót. Enda trúir ég því að góður fataskápur sé gulls ígildi.

BESTA MÁLTÍÐIN SEM ÉG HEF SNÆTT ERLENDIS ER ... rétturinn „Black Cod“ á Nobu í London.

MINNISSTÆÐASTA FERÐALAGIÐ... er þegar ég og Hreinn Líndal frændi fórum í fyrrasumar með börn og buru keyrandi um Snæfellsnesið og norður á Akureyri.

PARADÍS FYRIR MÉR ER... hvítur sandur, sól og smávægis hafgola. Þess vegna dreymir mig um lítið hús á strönd við lyngnan sjó.

NÆSTI STAÐUR SEM MIG LANGAR VERULEGA AÐ HEIMSÆKJA... er vesturströnd Bandaríkjanna.

Golfferðir



Golfvertíðinni lýkur aldrei hjá Express ferðum!

Alicante Golf

11.-20. september

Fararstjóri: Björn Eysteinnsson

Verð á mann í tvíbýli

139.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á 5* Hotel Hesperia, 7 golfhringir með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Alicante Golf

20.-27. september

Fararstjóri: Björn Eysteinnsson

Verð á mann í tvíbýli

117.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á 5* Hotel Hesperia, 5 golfhringir með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Borgarferðir

Haustferð til Berlínar

17.-20. október

Heimborgin Berlín iðar af lífi á haustin!

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting í þrjár nætur á 4* hóteli með morgunverði og íslensk fararstjórn.



Eitthvað fyrir alla ferðaglaða Íslendinga!

Express ferðir bjóða skipulagðar ferðir til áfangastaða Iceland Express og er úrvalið mikið og fjölbreytt. Einnig aðstoðum við smærri og stærri fyrirtæki, stofnanir og hvers kyns klúbba við að skipuleggja sérsniðnar skemmtiferðir. Kynntu þér þjónustuna og úrvalið á www.expressferdir.is



Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Ferðabæklingur Express ferða er kominn út. Kynntu þér úrvalið á www.expressferdir.is



Enski boltinn

Við bjóðum frábært úrval leikja og getum útvegað miða á alla leiki í Ensku úrvalsdeildinni

Stórleikir í haust

Arsenal - Hull 26.-29. sept.

Chelsea - Liverpool 25.-27. okt.

Man. Utd. - Sunderland 5.-7. des.

Nánar á expressferdir.is/fotbolti

Taktu þátt! Skráðu þig í fótboltaklúbbinn á expressferdir.is fyrir 1. október - þú gætir unnið ferð á leik West Ham - Arsenal!

Leikhúsferð til London

23.-26. október

Leiklistin blómstrar í London

Fararstjóri: Magnús Geir Þórðarson

Verð á mann í tvíbýli

76.400 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði, þrjú kvöldverður, miði á Disappearing Number og íslensk fararstjórn.

5.000 kr.
afsláttur fyrir kortagesti Borgarleikhússins!



Borgarferðir

★ Tenerife

Paradís vandlátra

PÓSTKORT FRÁ SHANGHAI

Þorgerður Þórðardóttir er 33 ára gömul ævintýramanneskja sem býr í Shanghai og gerir, að eigin sögn, „allt sem henni finnst skemmtilegt“. Anna Margrét Björnsson fékk örlitla innsýn í líf og menningu þessarar spennandi borgar.

Hvað elskar þú mest við Kína?

Þessari spurningu verður sennilega best svarað í bindi af bókum, en þar sem það er ekki í boði hér ber helst að nefna þær gífurlegu breytingar sem maður hefur orðið vitni að á síðastliðnum árum og tekið þátt í, þau tækifæri sem hér eru, þau lífsgæði sem maður býr við og loks allur aragrúinn af fólki, hédan og þaðan að úr heiminum, sem maður hefur fengið tækifæri til að kynna.

Þeim breytingum sem átt hafa sér stað í Kína á þeim fimm árum sem ég hef verið búsett hér er næstum ómögulegt að lýsa og verður líklega best lýst í einhverri sögubók síðar meir. Það að hafa fengið tækifæri til að vera þátttakandi í þessum breytingum eru forréttindi og ef ég lít um farinn veg þá er ég bara stolt af mínu framlagi, sem hefur, frá því að ég fór að ná tókum á málinu, verið allt frá því að kenna borgarbúum að klæðast samkvæmt helstu tiskustráumum hins vestræna heims, í það að kenna þeim hvernig breyta skuli gömlum versksmiðjuverfum í nýstárlegt og framúrsteftnulegt verslunar- og viðskiptahúsnæði. Hér er gott að vera og ekki margir staðir í heiminum þar sem maður hefur efni á og getur leyft sér þau þægindi að hafa ráðskonu sem sér um að þrifa og þvo af manni, strauja og elda meðan maður þeysist um bæinn í leigubíl. Loks ber að nefna að Kína iðar af tækifærum og fólk flykkist hingað í stórum stíl til að nýta sér þau. Hér er líklega hægt að finna fleiri frumkvöðla en annars staðar gengur og gerist í heiminum, ástæðan er opnun nýs markaðar, fjárhagsleg hagkvæmni og minni áhætta. Þetta skapar vissa stemningu sem erfitt er að lýsa en tilfinningin er engu lík, spennandi og rafmögnuð.

Hvað verður maður að sjá og upplifa?

Ég myndi ekki vilja koma til Kína og missa af því að koma á Kínamúrinn eða Torg hins himneska friðar. Hvort tveggja er í Peking og eru mjög sögufrægir staðir sem hafa mikið tilfinningalegt gildi meðal Kínverja. Hvað Shanghai varðar, þá er hún þekktust fyrir að vera fjármálaborg Kína. Í Shanghai er að finna Jin Mao-turninn (421 m) en það getur verið mjög gaman að koma upp í hann á góðum degi og fá 360 gráðu útsýni yfir borgina. Gönguferð meðfram The Bund, götunni sem liggur eftir endilangri Huangpu-ánni, er stórskemmtileg en þar gefur að líta fjöldann allan af stórglæsilegum byggingu í anda breska nýlendustílsins. Byggingar þessar hafa allar að geyma helstu banka og fjármálastofnanir Kína, sem og margar helstu stofnanir ríkisstjórnarinnar. Á efri hæðum þessara bygginga er oftast að finna einhverja flottustu veitinga- og skemmtistaði Shanghai. Ganga um franska hluta borgarinn er einnig mjög skemmtileg, sá hluti borgarinnar er rómaður fyrir fallegar byggingar, gróðri vaxnar götur og



Þorgerður Þórðardóttir athafnakona „Stemningin í Shanghai er rafmögnuð og engu lík.“

garða, veitinga- og kaffihús, verslanir, söfn og annað. Loks er að nefna markaðsstemninguna, en það er nú ekki hægt að koma til Kína nema prófa sig í þrúttinu á einhverjum af mörgum mörkuðum borgarinnar.

Hvað á maður að borða?

Kínverjar hafa mikla matarmenningu og hvert hérað fyrir sig hefur fram að færa eigin matargerð og má því finna allar gerðir af kínverskum mat í Shanghai. Hér er líka að finna alla helstu rétti veraldar, enda hefur mikið af útlendingum sest að í Kína og margir hverjir í veitingahúsaáttum. Minn uppáhalds kínverski veitingastaður er GUYI, sem býður upp á sterkan mat frá Hunan-héraði og þar ber helst að nefna kúmen-kryddlegin lambarifbein. Nú, maður verður líka að prufa Shanghai-gerð af mat og þá er best að fara á Yongfoo Elite í franska hluta borgarinnar. Veitingastaðurinn býður ekki aðeins upp á frábæran Shanghai-mat heldur er húsnæðið sögufrægt og þjónaði áður fyrr sem ræðismannaskrifstofa Bretlands, Rússlands og Víetnams. Loks ber að nefna allan þann mat sem fáanlegur er á götunni, en líklega kynnist maður best kínverski matargerð með því að prófa hann – þó að maður viti ekkert endilega alltaf hvað maður var að borða.

Hvað ætti maður að kaupa sér og fara með heim?

Í Kína (verksmiðju veraldarinnar) er gott að versla og allt hægt að fá. Ég þekki vart þá konu sem komið hefur til Kína án þess að yfirgefa landið með helmingi meiri farangur en við komuna. Helst eru menn að kaupa minjagrip eins og jadestein, silki, keramik og þess háttar. Hér er náttúrlega hægt að fá öll

þekktustu fata-, tösku- og skómerki heimsins frá frábæru verði, það fer svo öðrum sögum af því hvort þetta sé allt ekta. Loks ber mikið á því að fólk sé að láta sauma á sig, enda ódýrt og vinnubrögðin góð.

Hvar á maður að búa?

Shanghai er mjög rómuð borg og oftan er ekki kölluð „Paris Austursins“. Vegna legu borgarinnar við Yangtze-fljótið var borgin ákjósanlegust til viðskipta við vestrænar þjóðir. Bretar voru fyrstir þeirra til að setjast að í Kína. Fljótlega á eftir fylgdu Bandaríkjamenn, en þeir ásamt Bretunum settust að í norðurhluta borgarinnar. Loks komu Frakkarnir og ólíkt öðrum útlendingum sem sest höfðu að í norðurhluta borgarinnar þá lögðu Frakkar undir sig suðurhlutann. Sá hluti borgarinnar er hvað mest evrópskur af þessum sökum og ein af ástæðunum fyrir því að borgin er nefnd „Paris Austursins“. Í franska hlutanum er að finna gróðri vaxna garða og götur, stórbýli og höfðingjasetur, fjöldann allan af litlum flottum verslunum sem og veitinga- og kaffihúsum. Allt er þetta í bland við kínverskan hversdagseril og úr verður hið skemmtilegasta hverfi.

Hvernig á maður að klæða sig?

Það er nú óhætt að segja að það sé allur gangur á því og oftast er best að klæða sig eftir því hvað gera skuli hvern dag. Veðrið er oftast frekar milt. Hér vinna menn mikið og lengi og hafa því oftan er ekki engan tíma til að fara heim eftir vinnu. Það getur því verið gott að hafa það í huga þegar risið er úr rekkju að maður veit ekkert hvað dagurinn ber í skauti sér, eða hvar maður endar að honum loknum og því vissara að búa sig samkvæmt því.

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



KAUPMANNAHÖFN
ALLT AÐ 5 FLUG Á DAG

23 AÐRIR ÁFANGASTADIR
Á FERÐÁRINU 2008

ÞÆR DÖNSKU
ERU VITLAUSAR Í
GAMMEL DANSK

WONDERFUL
COPENHAGEN



+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is

ISLANDIAIR.IS (02) 46 122 04/08



„Leikið við náttúruna“ eftir Hólmgeir Karlsson á Akureyri Þessi mynd hreppir fyrsta vinning í ljósmyndakeppninni, ferðavinning frá Ferðaskrifstofu Íslands að upphæð 200.000 krónur og Sony dslr-A200K 10,2 megapixla myndavél að verðmæti 90.000 krónur. Myndin þótti fanga ævintýrlegt augnablik að mati dómnefndar og gæti verið af ferðalagi hvaðan sem er í heiminum. Myndina tók Hólmgeir nú síðsumars af syni sínum Karli við Bäckaskog-kastala í Suður-Svíþjóð.

SUMARMYND ÁRSINS

Íslendingar festa ferðalög liðinnar árstíðar á filmu


Ferðalög Fréttablaðsins, Sony Center og Ferðaskrifstofa Íslands stóðu fyrir ljósmyndasamkeppni um bestu sumarmyndina á vísí.is. Meðþátttaka var í keppninni en yfir fjögur þúsund myndir bárust enda vegleg verðlaun í boði. Hér gefur að líta verðlaunamyndirnar þrjár auk fleiri mynda sem vöktu athygli dómnefndar.



„Hæ, hó, jibbí, jei“ eftir Arnar Þór Hafþórsson í Mosfellsbæ.




Gaman úti Eftir Margréti frá Reykjavík.



Systur í sveitasælu Falleg mynd eftir Söndru Rut Skúladóttur frá Seyðisfirði.

VANTAR ÞIG
SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN,
MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
 Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
 Getur hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000


VINNUMÁLA STOFNUN
Tilkynning um samræmdan
opnunartíma
 Afgreiðslutími allra þjónustuskrifstofa
 Vinnuálfstofnunar um allt land verður frá og með
 1. september 2008 frá kl. 9:00 til 15:00.


MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Styrkir úr íþróttasjóði
Menntamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum
um styrki úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt
íþróttalögum nr. 64/1998, sbr. reglugerð nr.
803/2008. Veita má framlög til eftirfarandi verk-
efna á sviði íþróttar:
 1. Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og
 samtaka þeirra sem miða að því að bæta
 aðstöðu til íþróttaiðkana.
 2. Útbreiðslu- og fræðsluverkefna.
 3. Íþróttarannsóknar.
 4. Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga.
 Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert
 að sækja um á rafrænu formi.
 Eyðublöð má finna á
<http://umsoknir.menntamalaraduneyti.is/>
 Sækja þarf um aðgang að umsóknaðvef ráðuneytisins.
 Aðgengi er einungis gefið á kennitölur og er lykilorð
 sent til viðkomandi á netfang sem gefið er upp við
 nýskráningu.
 Nánari upplýsingar veitir Pálína Kristín
 Gardarsdóttir í síma 545 9500 eða í tölvupósti á
palina.gardarsdottir@mrn.stjr.is.
Umsóknarfrestur er til 1. október 2008.
 Menntamálaráðuneyti, 29. ágúst 2008.
menntamalaraduneyti.is


TÖLVUMIÐLUN
Má ekki bjóða þér betra starf.....
.....við rekstrar- og tækniþjónustu ?
 Við leitum að öflugum starfsmanni með marktæka reynslu af rekstri Windows
 netþjóna.
 Þú þarft að hafa háskólapróf í tölvunar- eða kerfisfræði, sambærilegt háskólapróf
 eða marktæka reynslu af sambærilegu starfi. MCSA/MCP gráða er nauðsynleg
 auk reynslu af rekstri Windows netþjóna, en þekking á SAN, Blade, Beinum,
 eldveggjum og Oracle gagnagrunnum er kostur.
 Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi.
 Samviskusemi, létt undarfar og lipurð í mannlegum samskiptum skiptir einnig máli.
 Í boði er bæði krefjandi og áhugaverð verkefni í traustu starfsumhverfi þar sem
 góður liðsandi er ríkjandi. Vinnuaðstaða er framúrskarandi.
 Umsóknarfrestur er til og með 8. september nk. Gengið verður frá ráðningu skv.
 nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu
 svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem
 trúnaðarmál.
 Guðný Harðardóttir og Erla Traustadóttir, hjá STRÁ MRI veita nánari
 upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga. Umsækjendur
 vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi
 prófgögnum. Þeir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendi rafpóst og
 tilkynni þátttöku.

 Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is
www.stra.is
Fagmennska í yfir 20 ár

Rio Tinto Alcan

VÉLVIRKJAR

Rio Tinto Alcan óskar eftir að ráða vélvirkja eða vélfræðinga
 til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

Starfssvið

- Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á búnaði
- Ástandsskoðun á búnaði, s.s. legumælingum, hitamyndum o.þ.h.
- Almenn viðgerðarvinna og smíði
- Samskipti við framleiðsludeildir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í vélvirkjun eða umsækjandi stefni að sveinsprófi innan árs
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Almenn tölvuþekking kostur

Nánari upplýsingar veitir Hallgrímur S. Þorvaldsson, verkstjóri aðalverkstæðis síma 560 7000.
 Umsóknarfrestur er til og með 14. september.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar, www.riotintoalcan.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið



Viltu taka þátt í að bæta samgöngur í Reykjavík?

Samgöngumálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir eftir sérfræðingi í samgöngumálum og verkefnastjóra í rekstri. Eftirfarandi störf eru auglýst laus til umsóknar hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar:

Sérfræðingur í samgöngumálum

Óskað er eftir sérfræðingi í samgöngumálum til að vinna að margvíslegum umferðarverkefnum.

Starfssvið

- Verkefni tengd umferðarstýringu, umferðarreikningum og umferðaröryggismálum
- Lausn smærri og stærri umferðarverkefna.
- Þátttaka í samvinnu og samstarfi um umferðarmál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf með sérþekkingu sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, skipuleg vinnubrögð og fagleg færni.
- Hæfileikar til samvinnu og samskipta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Bjarnason samgöngustjóri, netfang (olafur.bjarnason@reykjavik.is) og í síma 4111111.

Skrifstofa samgöngumála:

- Skrifstofa samgöngumála er ein af fagskrifstofum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og hefur m.a. umsjón með skipulagi og forhönnun samgöngumannvirkja í borginni, mati á umhverfisáhrifum nýrra mannvirkja, stýringu umferðar, umferðaröryggi, og aðgengismálum.
- Umhverfis- og samgöngusvið leigir götur og opin svæði af Framkvæmda- og eignasviði. Skrifstofa samgöngumála hefur umsjón með þjónustusamningi þar að lútandi.
- Vinnustaðurinn leggur ríka áherslu á símenntun og starfið krefst viðtæks þverfaglegs samstarfs.

Sótt skal um störfin eigi síðar en 15. september á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf eða með því að senda umsóknir merktar 1) Sérfræðingur í samgöngumálum eða 2) Verkefnastjóri – rekstur, á netfangið: umhverfissvið@reykjavik.is eða í pósti á heimilisfangið:

Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Borgartún 10-12, 105 Reykjavík, netfang: umhverfissvið@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar 411 1111 fást allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar.

Glæsilegar sérhæðir með frábæru útsýni á besta stað í Kópavoginum. Afhendast tilbúnar án gólfefna. Sölumaður er Ingunn s: 698 8080

Verð: frá 29.700.000
Herbergi: 3 - 4
Stærð: 178 fm



Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Þórdís Hermannsdóttir
Sölufulltrúi
770 8100
thordis@remax.is

Blásalir 9 - 201 KÓP

OPIÐ
HÚS

Opið hús í dag frá 16:00 - 16:30
Falleg og björt hæð í fjórþýli með sérinnangi. Stór garður með falllegum sólpalli. Eldhúsinnrétting frá GKS, tæki frá Elektrolux. Sölumaður er Kristín s: 824 4031

Verð: 29.500.000
Herbergi: 4
Stærð: 100,2 fm

Keilugrandi 8 - 107 RVK

OPIÐ
HÚS

Opið hús í dag frá 17:00 - 17:30
Laus við kaupsamning. Vel skipulögð íbúð í vesturbænum. Húsið var sprunguviðgert, málað og skipt um þak fyrir 2 árum. Sölumaður er Kristín s: 824 4031

Verð: 18.900.000
Herbergi: 2
Stærð: 52,2 fm

Eskihlíð 16A - 105 RVK

OPIÐ
HÚS

Opið hús í dag frá 15:00 - 15:30
Laus strax. Íbúðin er nýmáluð, búið að skipta um gler að hluta. Þak og skólj tekid í gegn árið 2002. Hús allt tekid í gegn að utan. Sölumaður er Hannes s: 699 5008

Verð: 19.900.000
Herbergi: 2
Stærð: 80,4 fm

Miðhús 3 - 112 RVK

OPIÐ
HÚS

Opið hús í dag frá 14:00 - 14:30
Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað í Grafarvogi. 60 fm skjólsæll pallur og 32 fm bílskur. Húsið var málað að utan sumar 2007. Sölumaður er Hannes s: 699 5008

Verð: 59.900.000
Herbergi: 5
Stærð: 210 fm



Kristín Skjaldardóttir
Sölufulltrúi
824 4031
kristins@remax.is



Ingunn Björnsdóttir
Sölufulltrúi
698 8080
ingunn@remax.is



Friðfinnur Magnússon
Sölufulltrúi
823 8964
fridfinnur@remax.is



Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignis-,
fyrirtækja- og skipasali

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is



Opin hús í dag

Starengi 54, einbýli á einni hæð – heitur pottur, skipti möguleg á minni eign. Engjaskóli örskammt frá. **Opið milli kl. 14:00 og 14:30.**

Álfkonuhvarf 55, 3ja- 4ra herb, íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi, bílageymsla, sérinnangur, mikið áhvílandi – góð lán. **Opið milli kl. 15:00 og 15:30**

Krummahólar 2, mikið uppgerð og glæsileg íbúð á fyrstu hæð, áhvílandi gott lá frá ÍLS. **Opið milli kl. 16:00 og 16:30**

Skoðaðu www.eignatorg.is fyrir frekari upplýsingar eða hringdu í síma 615-1020



Björgvin Guðjónsson
Löggiltur fasteignasali



Guðrún Hulda Ólafsdóttir
hdl.

Sóleyjargata 17, 101 Reykjavík Sími 510-3500/ 615-1020
eignatorg@eignatorg.is www.eignatorg.is

Auglýsingasími

512
5050



- Mest lesið



Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Aðalgata - Reykjanesbæ
Gistiheimili

Hraunhamar fasteignasala kynnir í einkasölu glæsilegt gistiheimili samtals um 406,9 fm. Um er að ræða glæsilegt gistiheimili allt endurnýjað og tekið í gegn á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Gistiheimilið er mjög vel staðsett miðsvæðis í Reykjanesbæ og aðeins 5 min akstur er í Leifsstöð. Í gistiheimilinu er móttaka, tæknirými, 13 leiguherbergi með aðgöngu að þremur snyrtingum, tveimur baðherbergjum, eldhúsi, setustofu og sókklum af sólstofu. Á efri hæð er góð 4ja herbergja íbúð með eldhúsi, baðherbergi, þremur herbergjum, stofu, borðstofu. Einnig er á efri hæð tvö stór herbergi með baðherbergi inn af. Vandadar innréttingar og gólfefni eru parket og flisar. Upplýsingar á skrifstofu Hraunhamars.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali



Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Strandgata - Hf.
Til sölu - leigu.

Um er að ræða heila húseign, 313 fm. sem skiptist þannig: Aðalhlæð, veislusalur, eldhús ofl. Efri hæð: Fundasalur, skrifstofur ofl. Kjallari verslunarpláss. Einstök eign og góð staðsetningin, við eina helstu- þjónusta/verslunargötu bæjarins. Verðtilboð.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

FÁLKAGATA 28B EINBÝLISHÚS



OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14-15

Fallegt og ný endurnýjað 2ja herbergja 55,4 fm einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Eignin skiptist í anddyri, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu. Frá stofu er vængjahurð út í garð og tengi fyrir þvottavél á baðherbergi. Húsið er nánast allt endurnýjað sbr. þak,

lagnir að mestu, gluggar, gler, hurðir, innréttingar, gólfefni og utanhússklæðning. Fallegar eikarinnréttingar, parket á gólfum og baðherbergi flisalagt. Húsið (bakhús) er staðsett nálægt Háskóla Íslands. Tilboð óskast.

HÚSAVÍK
FASTEIGNASALA
REYNIR BJÖRNSSON,
LÖGG. FASTEIGNASALI
ELÍAS HARALDSSON,
LÖGG. FASTEIGNASALI
SÍMI 510-3800

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET



Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidun.is • eignamidun@eignamidun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Vindakór 9-11 - til afhendingar strax

OPIÐ HÚS



Fallegar og vel skipulagðar fullbúnar 4ra herbergja íbúðir með sérinnangi af svalagangi og stæði í bílageymslu. Íbúðirnar afhendast með parketi á gólfum. Allar innréttingar eru frá Inn X innréttingum. Íbúðirnar eru frá 114 fm til 134 fm og eru til afhendingar strax.

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUGAGUR MILLI KL 14:00 OG 15:00



„Ganga á hálendinu“ eftir Einar Pál Svavarsson í Reykjavík Annar vinningur fer til þessarar kyrrlátu myndar sem dómnefnd taldi óvenjulega en mjög lýsandi fyrir íslenskt sumar. Vinningurinn er Sony Cybershot DSC-T2 12,1 megapíxla myndavél að verðmæti 50.000 krónur.



„Stattu í lappirnar drengur!“ Eftir Gunnar Frey Steinsson, Reykjavík.



Speglun – skakki turninn í Pisa á Ítalíu Eftir Rákel Björnsdóttir í Reykjavík.



Sumarnótt Eftir Braga J. Ingibergsson í Hafnarfirði.



„Sumar“ eftir Silju-Marie Kentsdóttir Sérlega lítrík og skemmtileg sumarmynd sem hreppir þriðju verðlaun í keppninni, Sony Cybershot dsc-w200 8,1 megapíxla myndavél að verðmæti 40.000 krónur.



Tour de Angkor

Hjólað frá Tailandi til Angkor í Kambódíu og ferðast áfram til Phnom Penh. Möguleiki á áframhaldandi ferð til Saigon í Víetnam.

279.000 kr.
Per mann í tvíbyli
26. október til 8. nóvember



Balí

Lífas og eróttik

267.800 kr.
Per mann í tvíbyli
3. til 21. október



Taílaodía

Kjarni þriggja landa
opinberaður:
Tailand – Laos – Kambódía.

288.400 kr.
Per mann í tvíbyli
Brottför 11. desember



www.oriental.is
Sími 577 4800 - oriental@oriental.is

STARFSFÓLK ÓSKAST!
Óriental leitar eftir hæfum aðilum til fararstjórnar og gerð ferðalýsinga. Reynsla og þekking á Suðaustur Asíu nauðsynleg. starf@oriental.is

ÁPREIFANLEG FORTÍÐ AUSTUR-ÞÝSKALANDS

Berlín á sér býsna merkilega sögu sem fer vart framhjá neinum þeim sem sækir borgina heim. Vissir hlutar þýskrar sögu fara þó hærra en aðrir og sumir hlutar sögunnar, sérlega þeir nýliðnu, eru nánast þaggaðir niður.

Í Suðaustur-Berlín kúrir lítið safn sem skráir á ápreifanlegan hátt nýliðna sögu borgarinnar. Safninu er þó lítið hampað svo ferðamenn sjái, ólíkt þeim söfnum sem sýna glæsilegri hliðar þýskrar menningararfleiðar. Stasi-safnið við Normannenstrasse hýsir nefnilega, líkt og nafnið gefur til kynna, ógnvænlega menningararfleið austur-þýsku leyniþjónustunnar.

Safnið er í húsi því sem áður var aðalbygging höfuðstöðva leyniþjónustunnar. Allt í kring eru byggingar, gerðar eftir vægðarlausriforskriftfagurfræðikommúnismans, sem hýstu hinar ýmsu deildir Stasi. Í þessum byggingum unnu um 22.000 manns við það að hnýsast í hvern krók og kima um líf Austur-Þjóðverja og reyna þannig að verja landið og ekki síst kommúnistaflokkinn frá hvers konar ógn, að innan sem utan.

15. janúar árið 1990 ruddust íbúar Austur-Berlínar inn í aðalbyggingu höfuðstöðva Stasi og gengu þar berserksgang, þannig að

húsgögn og leynileg skjöl flugu frjálsglega um ganga byggingarinnar. Skyldi engan undra að tilfinningahita hafi gripið fólk; í kjölfar þess að Berlínarmúrinn hrundi í nóvember árið áður fóru íbúar Austur-Berlínar loksins að eygja von um það sem við Vesturlandabúar höfum lengi kallað eðlilegt líf. Vesalings Austur-Þjóðverjarnir sáu fram á að geta loks átt í samskiptum um síma eða bréflega án þess að óttast að verið væri að njósna um þá. Þeir gátu loks farið í gönguferð án þess að óttast að hver steinn, hver trjágrein og hver smáfugl væri í raun og veru njósnamyndavél sem beið þess eins að festa þá á filmu. Þeir sáu fram á að geta loksins haft skoðanir á hlutunum án þess að óttast fangelsisvist eða jafnvel eitthvað enn verra.

Skynsamt fólk var þó fljótt að sjá að höfuðstöðvar Stasi geymdu menningarverðmæti og ómetanlegar heimildir um ótrúlega tíma. Það var því strax árið 1990 sem kom til tals að gera aðalbygginguna að safni sem veitti gestum innsýn í starfsemi leyniþjónustunnar.

Heimsókn í Stasi-safnið er því líkust að stíga um fjörutíu ár aftur í tímann. Byggingin og innbú hennar virðast frosin á sjöunda áratugnum; stillinn er þunglamalegur og lítil náttúruleg birta kemst að. Í safninu



Berlínarmúrinn skildi að Austur- og Vestur-Berlín í 28 ár.

má svo sjá ýmis þau tæki og tól sem Stasi-liðar notuðu til þess að njósna um samlanda sína; þau eru mörg hver býsna lygileg og ljóst að fólk var hvergi óhult frá hnýsni leyniþjónustunnar. Í safninu gefst einnig færi á að skoða fangaklefa, valsa frjálsglega um einkaíbúð yfirmanns Stasi og að fá sér kaffibolla á sérlega þrúgandi kaffistofu Stasi-liða. Safnið er að auki stútfullt af

fróðleik í formi lesefnis og hýsir til að mynda litla bókabúð þar sem þeir sem eru áhugasamir og þýskumælandi geta keypt sér margvísleg rit um átök kommúnistaráranna.

Að lokinni heimsókn á safnið eru þó flestir væntanlega því fegnastir að búa ekki við aðra eins skelfingu og íbúar Austur-Þýskalands þurftu að þola.

- vþ

Langar þig að brosa við Mónu Lisu, fara upp í Eiffelturninn, eiga rómantískt kvöld á Signubökkum eða fá konunglega tilfinningu í Versölum?

Komdu til Parísar, í helgarferð eða í sumarleyfi. Allir heillast af þessari litríku borg þar sem hún opnar faðm sinn, breiðstræti, torg og þröngar götur, á móti þeim sem vilja upplifa eitthvað nýtt og ævagamalt. Drifðu bara í því að panta far!

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Safnaðu Vildarpunktum

VISA
Punktarnir upp í

MasterCard
Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Flug aðra leiðina með sköttum. Verð gildir frá 15. ágúst 2008.

SONY



EISA verðlaunahafi Besta myndavélin 2008-2009



Þrátt fyrir að Sony α350 bjóði upp á flotta eiginleika eins og hristivörn og rykvarnarkerfi, er merkilegasti eiginleiki vélarinnar hið frábærlega hannaða Live View kerfi.*
-EISA

139.900,-
18-70mm linsa fylgir

like.no.other™

Sony Center
Kringlan
103 Reykjavík
S: 588-7669

Sony Center

LUANG PRABANG

EINN AF GLITRANDI GIMSTEINUM AUSTURSINS

Kolbrún Ólafsdóttir skrifar frá Laos

Luang Prabang er einn af þeim stöðum þar sem maður verður fyrir óútskýranlegum töfrum enda búið að skrá hann á heimsminjaskrá UNESCO. Laos er umkringt máttugum nágrönnum; Taílandi, Víetnam, Kína og Kambódíu. Laosbúar eru ljúft fólk sem tekur lífinu með ró, svo mikilli að sumum finnst nóg um. Þetta fátæka land hefur upp á margt að bjóða, stærsti hluti landsins er ósnert náttúra með fjölbreyttu dýralífi en einn fjórði landsins er frumskógur. Laos er í auknum mæli að verða vinsæll ferðamannastaður. Stærsti hluti landsmanna býr enn í þorpum og lifir einföldu lífi. Áhugavert er fyrir ferðamenn að eyða nokkrum dögum með heimamönnum í þorpunum. Luang Prabang, sem var áður höfuðborg konungveldis Laos, er vinsælasti ferðamannastaður landsins. Hann er umlukinn fjöllum og hæðum og bæði í gegnum og kringum bæinn renna ár, og einhvers konar stóisk ró virðist svífa yfir vötnum. Búddatrúin spilar stóran þátt í bjarlífínu.

ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Það er gaman að skoða konungshöllina sem er safn í dag því að konungsettin var send í útlegð 1975 í Norður-Laos og síðan hefur ekkert til hennar spurst. Nauðsynlegt er með jöfnu millibili að setjast niður á einn af mörgum veitingastöðum bæjarins eða kaffihús og fá sér hressingu. Frönsk áhrif eru sterk í matargerðinni og því mikið af gómsætu bakkelsi sem erfitt er að standast. Frönsku áhrifin blandast við suðaustur-asískar matarhefðir sem byggja á miklu kryddi, ferskum ávöxtum og grænmeti, hrisgrjónum, kjöti og fiski.

LÍFSINS LYSTISEMDIR

Það er með eindæmum ljúft að rölta aðalgötuna í ljósaskiptunum og finna hvernig mjúkt myrkríð læðist yfir bæinn og kveikt er á falletum götuljósunum. Það eina sem maður þarf að hafa áhyggjur af er hvaða veitingastað skal velja. Eftir að hafa borðað það sem hugurinn gírnist er ekki verra að



Einhvers konar stóisk ró hvílir yfir borginni Luang Prabang í Laos.

kíkja á einhvern af mörgum börum bæjarins.

LISTRÆNIR ÍBÚAR

Það kom jafnframt á óvart hversu mikil list og handverk eru í Luang Prabang. Það er verið að þurrka handgerðan pappír við annað hvert hús sem búið er að skreyta með þurrkuðum blómum úr héraðinu. Þá er ótrúlega mikið af galleríum og litlum búðum sem selja virkilega flotta muni. Mikið er af vefnaðarvöru ýmiss konar úr silki og bómull. Silfurmunir voru einnig víða til sölu sem og

einstaklega fallegir hlutir gerðir úr íbenvíði. Það er því óhætt að segja að heimamenn og fólk í nágrenninu eru mjög færir listamenn. Eins og aðrir íbúar Suðaustur-Asíu leggja þeir mikið upp úr að huga vel að heilsunni og eru nuddstofur og heilsulindir víða um bæinn. Það er því ekki amalegt að skella sér í nokkurra stunda dekur og líða eins og endurfæddum á eftir. Þetta er staður til þess að njóta. Njóta og slaka vel á í dásamlegu umhverfi. Þeir sem heimsækja Luang Prabang eiga í vændum afskaplega ljúfar stundir sem seint gleymast.

MINNEAPOLIS - ST. PAUL
ORLANDO
TORONTO
BOSTON
NEW YORK
HALIFAX
AKUREYRI
REYKJAVÍK
HELSINKI
STOKKHÓLMUR
OSLO
GAUTABORG
BERGEN
KAUPMANNAHÖFN
BERLIN
FRANKFURT
MÜNCHEN
AMSTERDAM
GLASGOW
MANCHESTER
LONDON
PARIS
BARCELONA
MILANO
MADRID

BOSTON
Frá kr. 28.130
+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

Pakkaðu ekki of miklu í töskuna áður en þú ferð til Boston. Hún er borgin þar sem þú gerir hagstæðustu innkaupin í haust.

Safnaðu Vildarpunktum

VISA
Punktarnir upp í

MasterCard
Ferðaávísun gildir


HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

WWW.ICELANDAIR.IS

ISLENSKA SÍÐIS TUE 4.04.08 08. 2008

Listmunauppböð

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppböð



Jóhannes S. Kjarval

Af gefnu tilefni tökum við fram að við vitum ekki annað en að sölubóknun sé lægst hjá okkur. Ennfremur að við höfum aldrei selt fölsuð verk eða afhent falsaðar eigendasögur.

Opið laugardaga í Galleríi Fold, Rauðarárstíg kl. 11–14,
lokað á sunnudögum í sumar

LISTMUNASALA
fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

REYKJAVÍK
SÍÐDEGIS

alla virka daga kl. 16

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

GOTTOLIC



SPENNANDI MÖGULEIKAR FYRIR ALLA

Express ferðir hafa aldrei verið fjölbreyttari en nú í vetur. Undanfarin ár hafa fótboltaferðir verið vinsælastar, sem og ferðir til Berlínar og á julefrokost í Kaupmannahöfn. Þá hafa svokallaðar formúluferðir verið afar vinsælar og í ár verður bætt við ferðum á bílasýningar og á ýmsa mótorsportatburði. Meðal þeirra nýjunga sem boðið verður upp á í vetur eru leikhúsfarir til Lundúna í samstarfi við Borgarleikhúsið, kvennaferðir til Kaupmannahafnar og fræðsluferð með Sirrý til London undir yfirskriftinni Framsækni – að tjá sig af öryggi. Express ferðir bjóða svo einnig í fyrsta skipti upp á ferðir til Kýpur en svo má auðvitað ekki gleyma tónleikaferðum sem alltaf seljast upp. Þar má nefna tónleika Madonnu í London í september og Bubba í Kaupmannahöfn 18. október. Allar frekari upplýsingar er að finna á expressferdir.is.



FERÐAHANDBÓK SEM ÞÚ SKRIFAR SJÁLFUR

World 66 er vefur þar sem fólk hvaðanæva að úr heiminum getur deilt ferðaupplýsingum og sögum með öðrum. Hér er að finna ógrynni upplýsinga um ódýr hótél, góð veitingahús og alla þá staði sem vert er að heimsækja á jarðarkringlunni. www.world66.com

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALÐAN HÁTT

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Alltaf laus sæti

www.flybus.is




Auk áætlunarferða frá BSÍ stoppar Flugrúttan einu sinni á hverjum morgni á eftirtöldum stöðvum Select og fer þaðan síðan beint út á flugvöll:

Select Vesturlandsvegi – kl. 05:00
Select Suðurfelli Breiðholti – kl. 05:10
Select Hagasmára við Smáralind – kl. 05:15
Áætlaður komutími í Leifstöð er kl. 05:50

flugrúttan

BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.flybus.is

www.ultimathule.is
Spennandi ferðir um allan heim



IOI REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.ioi.is • IOI@IOI.IS

Rauðavað 13 – 110 Reykjavík.

OPIÐ HÚS VERÐUR SUNNUDAGINN 31 ÁGÚST MILLI KL.: 15-17
OG MÁNUDAG 1 SEPTEMBER MILLI KL.: 17-18.



Mjög falleg 117,1 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi ásamt stæði í lokaðri bilageymslu. Eignin skiptist í: Forstofu með skáp, gang, stofu, borðstofu með útgengi út á 40fm verönd með skjólveggjum, gott eldhús opið við borðstofu, 3 góð herbergi með skápum, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Sameiginleg dekkja- og hjólageymsla.V-32,8millj. (5913)

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

BORGIR

Ármúla 1, sími 588 2030 – fax 588 2033
www.borgir.is borgir@borgir.is



HÖRÐUKÓR 1 - KÓPAVOGI

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG MILLI 14 OG 16.

Íbúðin er glæsilega innréttað 98 fm útsýnisíbúð á 9. hæð ásamt stæði í bílskily. Vönduð gólfefni og sér smíðaðar innréttingar með granít borðplötum, opnanlegar glerlokanir eru á svölum og einstakt útsýni til þriggja átta. Mjög góð staðsetning í þessu eftirsóttu húsi. Skipti á sérbylí allt að 150 fm. helst í Mosfellsbæ eða Kópavogi. Verð kr. 31,9 millj. Bjalla merkt 903.

SKIPTU VIÐ FAGMENN – ÞAÐ BORGAR SIG

HÚSAKAUP

Farsæl miðlun fasteigna

Sími 530 1500 | www.husakaup.is | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali

BUDAVAÐ 1-3

ÓVIÐJAFNANLEGT ÚTSÝNI YFIR ELLIÐAVATNIÐ
SÖLUSÝNING Í DAG Á MILLI KL. 14 - 15



Albert Lúðvígsson
albert@husakaup.is
s. 617-1818

- ✓ Glæsileg 237 fm parhús í Norðlingaholti
- ✓ Húsið er á tveimur hæðum
- ✓ Húsinu verður skilað fullbúnu að utan og fokheldu að innan
- ✓ Frábært óskert útsýni yfir Elliðavatnið
- ✓ Fallegar gönguleiðir

Upplýsingar gefur Jón Greтар Jónsson sölumaður í síma 840-4049

RE/MAX Lind



Kvistavellir 34 - 40 / 221 Hafnarfjörður



Velkomin á sölusýningu
Sunnudag frá kl. 16:00 - 17:00
Mánudag frá kl. 18:00 - 19:00

Verð frá 27,2 millj.

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlumum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn eru ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft á neðri hæðum.

Stærð 172,5 fm

Bílskúr

4 herbergja

Aðeins ein eign eftir - Gott verð fyrir góða eign. - Húsin eru í byggingu.

Kvistavellir 44 / 221 Hafnarfjörður

90% LÁN



Velkomin á sölusýningu
í dag á milli kl. 17:00 - 18:00

Verð frá 27,1 millj.

Glæsilegt fjölbýli með lyftu
90% Lán - Verð frá 19,5 millj.
Sölusýning í dag frá kl. 17-18

Fjölbýli m/ lyftu

90% Lánakjör

4 herb. íbúðir



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Þórarinn
Jónsson
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

OPIÐ HÚS Í DAG 14.00 milli 15.00 – SUÐURGATA 29 - 101 RVK.

OPIÐ HÚS



LAUST VIÐ KAUPSAMNING! Sérlega fallegt og skemmtilegt 195,2 fm einbýlishús á Suðurgötu í Reykjavík - eignarlóð. Möguleiki á aukaíbúð í kjallara. Mikíð búið að endurnýja, vantar þó lokafrágang.

Möguleiki á að taka minni eign upp í. **VERÐTILBOÐ.**

Ingvar Ragnarsson sölufulltrúi tekur á móti þér og þínum. 822 7300

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halli Umur Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali

STEINHELLA - HAFNARFIRÐI

Til leigu



Til leigu 165 - 650 fm bil auk möguleika á millilofti í glæsilegu atvinnuhúsnæði á besta stað í Helluhrauni í Hafnarfirði. Húsið er tilbúið til afhendingar strax.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ÁS FASTEIGNASÖLU Í SÍMA 520 2600



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is

Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-18

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

HL STÖÐIN

Starfsemin hefst
miðvikudaginn 3. september
skv. stundaskrá (sjá www.hlstodin.is).

Vinsamlega staðfestið þátttöku
í síma **561 8002**
eða á hlstodin@simnet.is.

HL STÖÐIN

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga
Hátúni 14 - 105 Reykjavík - Sími 561 8002

Viltu syngja í kór?



Söngsveitin Filharmónía verður með inntökuþróf fyrir nýja félagi þriðjudaginn 2. september kl. 19.00 í Melaskóla. Æft er á miðvikudögum kl. 19-22 í Melaskóla auk stöku laugardagsæfinga. Áhugaverð verkefni framundan, m.a. klezmertónleikar með Bardukha og Ragnheiði Gröndal, en aðalverkefni vetrarins eru Requiem Mozarts í nýrri útgáfu og messa í g-moll eftir J.S. Bach.

Nánari upplýsingar veitir söngstjóri, Magnús Ragnarsson, s. 698 9926. Sjá jafnframt www.filharmonia.mi.is.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Porlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN
1. SEPTEMBER KL 18.00-18.30
að Lautasmára 3.



Bjóðum ykkur að koma og skoða fallega **96 fm** íbúð á jarðhæð í hjarta Kópavogs. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, samliggjandi stofu og sjónvarpshol. Massíft parket er á gólfum og mahony hurðar. Innréttingar og skápar frá úr mahony. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, með baðkari, sturtuklefa og innréttingu við handlaug. Þvottahús innan íbúðar er flísalagt og með handlaug. Skjólgóður sólþallur skermaður af með timburverki móti suðri. Stutt í alla þjónustu og fallegar gönguleiðir.
Verð 26.9 millj.

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN
1. SEPTEMBER KL 18.00-18.30
Að Mosaríma 39.



Bjóðum ykkur að koma og skoða fallegt raðhús á einni hæð í Grafarvogi. Húsið er 156.7 fm. og þar af er 24.5 fm. Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, samliggjandi stofu, svefnálmú með þremur svefnherbergjum, þvottahús og bað. Stofan er sérlega há til lofts og gert ráð fyrir innfelldri halogen lýsingu. Hnotuparket er á gólfum. Eldhúsið er með nýlegri eikar innréttingu frá Innex, mosaik flísar milli efri og neðri skápa. Tækin eru úr burstuðu stáli og flísar á gólfum. Hiti er í gólfum í forstofu, sjónvarpsholi og baðherbergi. Sunnan við húsið er skjólsæll garður með 50 fm. sólþalli, afgirtur með hliði út garðinn. Pottur er á palli. Hiti í innkeyrslu.
Verðtilboð

Lágmúli 7, sími 535_1000

Stakfell.is



NOKKUR ORÐ
Þórunn
Elísabet
Bogadóttir

Árstíðin sem kemur of fljótt

Haustið kom algjörlega aftan að mér þetta árið. Í einfaldni minni hélt ég að það myndu líða nokkrar vikur til viðbótar þangað til rigningin og rokið tækju við af þessu góða sumri. Var jafnvel að vonast til þess að komast í eina útilegu til viðbótar áður en yfir lyki. En það er ekki svo gott.

Þegar veðrið er jafn gott og í sumar eru Íslendingar besta fólkið í því að njóta þess. Það er alltaf nauðsynlegt að gera svo margt í góða veðrinu, og nánast dauðasynd að vera ekki úti meðan á því stendur. Það verður að vera úti eins mikið og hægt er og helst borða úti. Þá liggur beinast við að grilla, enda hafa majónesríkar grillisósar og kaldur bjór haft sitt að segja þetta sumarið.



Svo er rosalega auðvelt að gera áætlanir fyrir haustið og veturinn á sumrin. Þá á aldeilis að taka lífið föstum tökum. Ég veit ekki hversu oft hefur verið áætlað að labba bara og hjóla og nota strætó í staðinn fyrir bíl. Fyrir utan það á auðvitað að fara í ræktina og sund og vakna alltaf snemma til að koma sér í skóla, sem á auðvitað að taka með trukki þetta árið.

Svo bara kemur haustið allt í einu og án þess að búið sé að undirbúa neitt af því sem átti að gera. Og í góða sumarveðrinu gleymdist að muna eftir því að það er hvorki sérlega skemmtilegt né þægilegt að vakna snemma í rigningu (eða snjó) og roki til þess að basla við að hjóla eða labba út í strætóskýli til þess að fara í skóla eða vinnu. Það væri miklu auðveldara að kaupa sér bíl, eða liggja bara áfram undir sæng.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LOKKA DAGUR

OPIÐ Í DAG 13-17 • ÓTRÚLEG TILBOÐ Á FARTÖLVUM



3 DAGAR
3 DAGA FARTÖLVUVEISLA • NÝ SJÓBANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ

ALLT AÐ 40 PÚSUND
AFSLÁTTUR AF TÖLVUM
OG FARTÖLVUM

TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG
13:00 - 17:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Nýtt í bíó LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



500 kr. í bíó! Glíðir á allar sýningar merktar með pöndu!

| SÝNINGARTÍMAR | |
|---------------------------|------------------------|
| GRÍSIRNIR ÞRÍR - ISL. TAL | kl. 2 - FORSYNING |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.40, 8 og 10.15 |
| GET SMART | kl. 5, 8 og 10.15 |
| MAMMA MIA | kl. 2, 4.15, 6.30 og 9 |
| WALL-E | kl. 2 og 3.40 |

SAMBÍÓINN



Sveitabréðkaup Yfir 65.000 manns

| SMÁRABÍÓ ALFABAKKA | SMÁRABÍÓ SELFOSS |
|--|--|
| TROPIC THUNDER kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20 16 | DEATH RACE kl. 10 (forsýnd) 16 |
| TROPIC THUNDER kl. 5:40 - 8 - 10:20 VP | SVEITABRÉÐKAUP kl. 3:40 - 8 - 10:10 L |
| SVEITA BRÉÐKAUP kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 L | MAMMA MÍA Síð. sýn. kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L |
| GET SMART kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 L | WALL-E m/isl. tali kl. 1:30 L |
| DARK KNIGHT kl. 5:40 - 8:30 - 10:20 12 | SKRAPP ÚT kl. 5:50 12 |
| DARK KNIGHT kl. 2 VP | X-FILES 2 kl. 8 16 |
| STAR WARS kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L | SMÁRABÍÓ AKUREYRI |
| THE MUMMY 3 kl. 1:30 - 8 12 | DEATH RACE kl. 10 (forsýnd) 16 |
| WALL-E m/isl. tali kl. 1:30D - 3:40D L | SVEITA BRÉÐKAUP kl. 4 - 6 - 8 - 10 L |
| KUNG FU PANDA m/isl. tali kl. 1:30 L | WALL-E, m/isl. tali kl. 2 L |
| SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI | GET SMART kl. 8 L |
| DARK KNIGHT kl. 6:20 - 8 - 10:10 12 | STAR WARS kl. 2 - 4 - 6 L |
| DEATH RACE kl. 10 (forsýnd) 16 | SMÁRABÍÓ KEFLAVÍK |
| STAR WARS kl. 1:30 - 3:40D - 5:50D L | DEATH RACE kl. 10 (forsýnd) 16 |
| WALL-E m/isl. tali kl. 2D - 4:10D L | TROPIC THUNDER kl. 8 - 10:20 16 |
| WALL-E m/ensku tali kl. 5:50 - 8 L | SVEITABRÉÐKAUP kl. 6 - 8 L |
| KUNG FU PANDA m/isl. tali kl. 1:30 - 3:40 L | STAR WARS kl. 1:30 - 3:40 L |
| | WALL-E m/isl. tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L |

NÝTT Í BÍÓ!



FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLIKKADASTA GRINMYND ÁRSINS!

LÚXUS 16

GRÍSIRNIR ÞRÍR

Sveitabréðkaup

550 kr. á fyrstu sýningu

650 kr. á öllum öðrum sýningum

Forsýning á frábæri teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.

ROCKER 16

SKRAPP ÚT 12

MAMMA MIA 16

| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | TILBOÐSVERÐ | REGNBÖGINN SÍMI 551 9000 | 650 kr. |
|---|-------------|--|---------------------|
| TROPIC THUNDER kl. 1 - 3:20 - 5:30 - 8 - 10:30 16 | | MAKE IT HAPPEN kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 L | ÓDÝRT Í BÍÓ! |
| TROPIC THUNDER LÚXUS kl. 1 - 3:20 - 5:30 - 8 - 10:30 16 | | X-FILES kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 16 | |
| MAKE IT HAPPEN kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10:10 L | | THE STRANGERS kl. 6 - 8 - 10 16 | |
| THE ROCKER kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 7 | | MAMMA MIA kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 L | |
| MAMMA MIA kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:30D L | | GRÍSIRNIR 3 FORSYNING kl. 3 L | |
| GRÍSIRNIR 3 FORSYNING kl. 1 L | | | |
| | 5% | | |
| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | TILBOÐSVERÐ | allar myndir - allar sýningar - alla daga | |
| SVEITABRÉÐKAUP kl. 4 - 6 - 8 - 10 L | | BORGARBIÓ SÍMI 462 3500 | TILBOÐSVERÐ |
| THE ROCKER kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 7 | | TROPIC THUNDER kl. 6 - 8 - 10:10 16 | |
| SKRAPP ÚT kl. 6 - 8 - 10 12 | | THE ROCKER kl. 10:10 7 | |
| MAMMA MIA kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 L | | MAMMA MIA kl. 3:50 - 6 - 8 L | |
| GRÍSIRNIR 3 FORSYNING kl. 4 L | | GRÍSIRNIR 3 FORSYNING kl. 4 L | |
| | 5% | | |

Rocky Mountains

Þeir Krummi Björgvins og Daníel Ágúst hafa sent frá sér rokkplötu undir merkinu Esja, í boði Senu.

Þetta er ekki mjög frumleg tónlist, þótt óvenjulegt megi teljast í svo hefðbundnu rokki að setja píanóleik í stað bassa. Gítarspil Krumma kemur á óvart og farið er smekklega með trommuleik og útsetningar.

En bestur og verstur er Daníel, sem syngur bara helvíti vel mestan partinn, þótt stíllinn sé ekki allur. Það trufur svolítið að hann flytur textana með hreim innfæddis Kansasbúa. Söknuður að gamla karakternum.

Tónlistin er og bandarísk í húð og hár – mest kannski í ætt við Suðurríkjarokk 7. og 8. áratugarins. Ekki er að heyra að þeir félagar taki sig mjög háttíðlega í texta-gerðinni og það má brosa með tormeltum húmornum: „Ah who? Through the wind machine, my howling lies in the wind machine“.

Eins og sjá má eru yrkingarnar

fremur óræðar, en fjalla kannski helst um vegmóðan ferðalang og viðskipti hans við umheiminn. Esja veigrar sér ekki við heimspökilega undirtóna á stundum: „The beauty of coincidence, it lies around and about. Who was there to save my fate? Oh, save my fate. Fade away now, my evil fate.“

Hér birtist að nýju ljóðlist hippatímans, og sést ef til vill best í Sound on Sound, þar sem er margendurtekið erindið eina: „Can you hear the music, floating all around? Does it make you feel like, there's too much sound on sound?“

Þetta er sumsé ágætis gamaldags rokk sem hljómar vel og er sungið þrýðilega. Og þessi lög hefðu verið kærkomin á íslensk-ameríska markað. En platan er súper-amerísk og dæmist því sem slík. Bandaríkjamenn eiga fullt af lögum um Drinking and Driving og þess háttar. Lagasmíðar Esju eru því miður ekki svo sterkar að þær bæti miklu við þá flóru.

Fyrir innlenda hlustanda er



TÓNLIST

Esja

Esja

★★

Sígilt amerískt rokk með hippalegum textum. Lögin þó misskemmtileg. Ágætis tilraun Esju, en handa hverjum?

aftur erfitt að falla fyrir illskiljanlegum textunum, stundum fluttum í síðhærðri falsettu þungarokks liðinna alda, um vindvælar og einhvern einfara á sléttunni.

Að því sögðu verður ekki litið framhjá því að Esjumenn hafa lagt sig fram við að skila vönduðu verki og platan ber þess merki.

Klemens Ólafur Prastarson

Tveggja ára vinna skilar sér

Önnur plata hljómsveitarinnar Mammút, Karkari, kom út nú í vikunni og hefur vakið mikla athygli. Platan þykir meira að segja svo góð að nú ganga skilaboð manna á milli á netsamfélaginu Myspace sem hvetja fólk til þess að kynna sér plötuna. „Við erum mjög ánægð og stolt af þessari plötu, hún er eins góð og við vonuðumst til að hún yrði og jafnvel betri, þannig að það er mjög ánægjulegt að heyra að aðrir séu hrifnir af henni líka,“ sagði Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar, þegar Fréttablaðið spurði hana fréttu.

Katrína segir að platan hafi verið tvö ár í vinnslu og að hljómsveitarmélimir hafi lagt mikinn tíma og mikla vinnu í hana. „Við erum búin að vera að safna og semja tónlist í næstum tvö ár og sigtuðum svo það besta úr fyrir plötuna.

Við ákváðum líka að taka þetta skrefi lengra en með fyrri plötuna og eyddum pening í góðan upptökumann og almennilegt hljóðver og það hefur skilað sér í gæðum plötunni.“ Mammút mun fagna útgáfu plötunnar á Iðnó hinn 5. september næstkomandi og stefnir á frekara tónleikahald eftir það. „Við erum að vinna í því að negla niður tónleika-staði og dagsetningar þessa dagana, við ætlum að vera dugleg að fylgja plötunni eftir,“ segir Katrína að lokum.



EFNILEG Nýja plata hljómsveitarinnar Mammút þykir með afbrigðum góð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sími: 553 2075 LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó



500 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 550kr SAMBIO.IS SAMBÍÓINN

laugardag og sunnudag



WALL-E með íslensku tali kl. 1.30 í Alfabakka kl. 2 í Kringlunni kl. 2 Akureyri, kl. 1.30 í Keflavík og kl. 1.30 á Selfossi

STAR WARS kl. 1.30 í Alfabakka kl. 1.30 í Kringlunni kl. 1.30 í keff og kl. 2 á Ak.

KUNG FU PANDA ísl. tali kl. 1.30 í Alfabakka kl. 1.30 í Kringlunni

MAMMA MIA kl. 1.30 á Selfossi

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBIÓ



KL.3.50 BORGARBIÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.4 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ

HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 31. ágúst 2008

→ Kvikmyndir

Reykjavík Shorts & Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Silfurrefurinn, verðlaunaafhending fyrir bestu íslensku stuttmyndina og bestu íslensku heimildarmyndina.

17.00 Los Angeles Plays Itself

21.00 Úrval skoskra stuttra heimildarmynda

Miðasala opnuð kl. 14.30.

→ Tónleikar

15.00 Tórshavnar Stórband frá Færeyjum og Stórsveit Suðurlands ásamt söngkonunni Guðlaugu Dröfn Ólafsdóttur, munu halda tónleika í Ráðhúsi Ölfus, Þorlákshöfn. Aðgangur ókeypis.

20.00 Kammersveit 21 heldur tónleika í Hásölum, sal Tónlistarskólans í Hafnarfirði, Strandgötu 51. Sveitin samanstendur af ungum tónlistarnemendum sem eru langt komnir í námi hér heima og erlendis.

20.00 Dagrún Ísabella Leifsdóttir sópransöngkona heldur tónleika í Sauðárkróskirkju. Jóhanna Marín Óskarsdóttir leikur undir á píanó.



→ Leiklist

14.00 Borgarleikhúsið er með opið hús þar sem hægt verður að gægjast baksviðs, fara í skoðunarferðir og bragða á vöflum svo eitt-hvað sé nefnt.

→ Opnanir

14.00 Birna Styff opnar sýningu í Gallerí Tukt í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5. Sýningin stendur í tvær vikur og verður opin á opnunartíma Hins Hússins.

→ Síðustu forvöð

Draumar um ægifygurð í íslenski samtímalist Á Kjarvalsstöðum eru til sýnis verk listamanna sem byggð eru á ólíkum hugmyndum þeirra um náttúruna sem fyrirbæri í ljósmynda- og vídeólist. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar Reykjavíkur og líkur eftir helgi. Opið kl. 10-17.

→ Leiklist

20.00 Uppljómunin Snæbjörn Brynjarsson mun flytja sitt eigið leikverkið á Kaffi Rót, Hafnarstræti 17. Verkið er hluti af sviðslistahátíðinni artFart sem haldin er af áhuga-fólki um sviðslistir.

→ Tónlist

Jazzhátíð Reykjavíkur 2008

16.00 Háskólabíó, Björkestra, Stórsveit Reykjavíkur

18.30 Norræna húsið, Eiríkur Skála og Stórband Thorshavnar

21.00 Háskólabíó, Ed Thigpen og Scantet

23.00 Nasa, Kristjana Stefánsdóttir og hljómsveit, Oliver Manoury - latin jazz funk kvartett

→ Myndlist

15.00 Á ferð með fuglum Listasafn Árnesinga sýnir verk Höskuldar Björnssonar. Í dag mun Inga Jónsdóttir ræða við gesti um Hörkuld og verk hans á sýningunni. Sýningin stendur til 28. september. Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, 810 Hveragerði

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Á barmi taugaáfalls

Leikkonan Angelina Jolie er á barmi taugaáfalls þessa dagana vegna streitu. Leikkonan á víst fullt í fangi með að sinna öllum barnaskaranum sínum og er orðin svefnvana og þreytt og brestur í grát nokkrum sinnum á dag. Angelina er víst líka farin að taka lyf til þess að létta á streitu-einkennum.

„Hún brestur í grát tvisvar til þrisvar á dag og er svo þreytt að Brad hefur tvisvar komið að henni þar sem hún hefur lagnast út af á baðherbergisgölfinu. Tvíburarnir halda fyrir henni vöku á nóttunni og hún borðar mjög lítið vegna þreytu,“ var haft eftir heimildarmanni. Heimildarmaðurinn sagði einnig að parið væri nú að leita að barnfóstru sem gæti verið með Angelínu öllum stundum til þess að létta af henni álaginu.

HAFNAFJARDARLEIKHÚSINU

FÆRRI KOMUST AB EN VILDU Í VOR EN NÚ GEFST TEKJUFÆRI Á NY TIL AÐ SJÁ ÞESSA EINSTÖKU OG SKEMMTILEGU SÝNINGU

5 AUKASÝNINGAR Í SEPTEMBER

SUN 31. ÁGÚST
FIM 4. SEPTEMBER
SUN 7. SEPTEMBER
FIM 11. SEPTEMBER
SUN 14. SEPTEMBER

„Fær hugann til að fljúga og kemur tilfinningum á röt“
M.K.MBL

„Falleg, fyndin, sönn og kvenleg“
V.G. Bylgjunn
★★★★

„Ég hvet fólk til að drífa sig á leikinn og njóta“
Jón Viðar DV
★★★★



→ TRYGGIÐ YKKUR MIÐA

→ www.midi.is → mammamma.net



Kringlan kl. 22:00
Selfoss kl. 22:10
Keflavík kl. 22:00
Akureyri kl. 22:00

Hönnunarsamkeppni um miðbæ Hveragerðis



HVERAGERÐISBÆR

ai

ARKITEKTAÞÉLAG ÍSLANDS
ASSOCIATION OF ICELANDIC ARCHITECTS



Hveragerðisbær efnir hér með til samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðisbæjar. Keppnin er haldin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Keppnin er framkvæmdakeppni samkvæmt samkeppnisreglum AÍ. Rétt til þátttöku hafa:

- félagar í Arkitektafélagi Íslands.
- aðrir þeir, sem hafa rétt til skipulagsgerðar skv. gr. 2.7 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- nemendur í arkitektúr og skipulagsfræðum.

Keppnislýsing verður afhent endurgjaldslaust frá og með 1. sept. næstkomandi á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 2. hæð, 105 Reykjavík á milli kl. 9.00 og 13.00 og á skrifstofu Hveragerðisbæjar Sunnumörk 2 á milli kl. 10.00 og 15.00, alla virka daga. Einnig er hægt að nálgast keppnislýsingu á heimasíðu Arkitektafélagsins www.ai.is og Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is Önnur samkeppnisgögn verða afhent gegn skilaftryggingu að upphæð kr. 5000, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga. Nánari upplýsingar er að finna í keppnislýsingu. Skilafrestur er til 1. desember 2008.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hveragerði.

Hveragerðisbær | Sunnumörk 2 | 810 Hveragerði | Sími 483 4000 | Fax 483 4801 | hve@hveragerdi.is |

Taktu þátt í spennandi lukkuleik á glænýjum vef og skoðaðu skemmtileg herbergi fyrir hressa stubba

stubbasmidjan.is

Lukkuleikurinn stendur til 26. september

> Mikilvægir leikir í Landsbankadeild karla

Skagamenn eru komnir með bakið upp við vegg og þurfa nauðsynlega þrjú stig á Vodafonevelli gegn Valsmönnum, sem eru aftur á móti í baráttunni á toppnum og mega ekki við því að misstíga sig. HK-ingar geta unnið sinn þriðja leik í röð þegar þeir mæta Prótturum á Kópavogsvelli og bætt þar með stöðu sína í fallbaráttunni en Próttarar gætu bjargað sér endanlega úr fallbaráttunni með sigri. Keflvíkingar eru á toppi deildarinnar og hafa að miklu að keppa þegar þeir mæta Grindvíkingum á Sparisjóðsvelli í Keflavík en Grindvíkingar hafa getið sér orð sem skæðasta útvallalið deildarinnar. Allir leikir kvöldins hefjast kl. 18.

sport
sport@frettabladid.is



ÁSMUNDUR ARNARSSON OG SVERRIR SVERRISSON: VERÐA Í ELDLÍNUNNI MEÐ LIÐ SÍN Í VISA-BIKARNUM Í DAG

Fylkismenn eiga harma að hefna gegn Fjölni

Fjölnir og Fylkir mætast í undanúrslitum VISA-bikars karla á Laugardalsvelli kl. 16 í dag. Sömu lið áttust við í undanúrslitum VISA-bikarsins síðasta sumar og þá vann Fjölnir, 2-1, eftir framlengdan leik. Fjölnismenn, sem voru þá í næstefstu deild, töpuðu svo fyrir FH í framlengdum úrslitaleik. Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, vonast til þess að hans menn séu nú reynslunni ríkari frá því í fyrra og viti hvað þurfi til þess að fara aftur í úrslitaleikinn.

„Við erum með töluvert meiri reynslu í þessari keppni núna en við vorum með í fyrra og vonandi kemur það til með að hjálpa liðinu,“ segir Ásmundur.

Hann segir að andstæðingurinn skipti ekki öllu máli á þessu stigi keppinnar.

„Við mætum Fylkismönnum í fyrra og þá unnum við en ég tel það hvorki kost né ókost að þurfa að mæta þeim aftur núna. Aðalmálið er að við náum sjálfir

að gíra okkur upp í þetta verkefni og ég hef fulla trú á því að menn geri það,“ segir Ásmundur.

Hann telur að stuðningur áhorfenda geti skipt sköpum fyrir Grafarvogslíðið, eins og það gerði í fyrra.

„Það er vonandi að sem flestir mæti úr Grafarvoginum og styðji við bakið á liðinu, því það gerði gæfumuninn fyrir okkur í bikarnum í fyrra,“ segir Ásmundur.

Sverrir Sverrisson, nýráðinn þjálfari Fylkis, hefur ekki fengið langan tíma til þess að undirbúa Árbæjarliðið fyrir leikinn gegn Fjölni

en hann veit það líklega betur en margir aðrir, hvað þarf til þess að ná árangri í bikarkeppni.

En Sverrir var hluti af Fylkisliðinu sem vann bikarinn tvö ár í röð, árin 2001 og 2002.

„Úrslitaleikurinn er náttúrulega stærsti og skemmtilegasti leikur sumarsins og menn hljóta að leggja allt í sölnar til þess að komast þangað,“ segir Sverrir, sem telur að góður leikur í bikarnum geti líka hjálpað Árbæjarliðinu að koma sér á réttan kjöl í deildinni.



ÚRSLIT

Landsbankadeild kvenna

| | |
|---|-----|
| Fylkir-Valur | 1-5 |
| 0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (15.), 0-2 Hallbera Guðný Gísladóttir (39.), 0-3 Margrét Lára (62.), 0-4 Margrét Lára (75.), 0-5 Kristín Ýr Bjarnadóttir (82.), 1-5 Ruth Þórðar Þórðardóttir (89.). | |
| KR-Fjölnir | 7-1 |
| 0-1 Elísa Ósk Viðarsdóttir. 1-1 Olga Færseth, 2-1 Hrefna Huld Jóhannesdóttir, 3-1 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir, 4-1 Hrefna Huld, 5-1 Hrefna Huld, 6-1 Hólmfríður Magnúsdóttir, 7-1 Hrefna Huld. | |
| Keflavík-Afturelding | 6-1 |
| Breiðablik-HK/Víkingur | 2-2 |
| Stjarnan-Þór/KA | 1-1 |
| 0-1 Rakel Hönnudóttir (13.), 1-1 Ásgerður S. Baldursdóttir (54.). | |

STADAN FYRIR LOKAUMFERÐINA

| | | | | | | |
|----------------|----|----|---|----|-------|----|
| 1. Valur | 17 | 16 | 0 | 1 | 83-15 | 48 |
| 2. KR | 17 | 15 | 0 | 2 | 60-15 | 45 |
| 3. Breiðablik | 17 | 10 | 2 | 5 | 42-33 | 32 |
| 4. Þór/KA | 17 | 8 | 2 | 7 | 39-24 | 26 |
| 5. Stjarnan | 17 | 6 | 4 | 7 | 26-26 | 22 |
| 6. Afturelding | 17 | 6 | 2 | 9 | 16-34 | 20 |
| 7. Keflavík | 17 | 5 | 3 | 9 | 26-44 | 18 |
| 8. Fylkir | 17 | 5 | 1 | 11 | 19-43 | 16 |
| 9. HK/Víkingur | 17 | 2 | 4 | 11 | 18-47 | 10 |
| 10. Fjölnir | 17 | 2 | 2 | 13 | 13-61 | 8 |

Næstsíðasta umferð Landsbankadeildar kvenna í fótbolta fór fram í gær og línurnar farnar að skýrast:

Það er ekkert sem stöðvar Valsstúlkur

FÓTBOLTI Nú getur ekkert komið í veg fyrir að Valsstúlkur verði Íslandsmeistarar þriðja árið í röð eftir að Valur vann Fylki 1-5 í næstsíðustu umferð Landsbankadeildar kvenna í gær. Valur er með þriggja stiga forskot á KR fyrir lokaumferðina og markatala Hlíðarenda-stúlkna er þeim mun betri að líkurnar á að KR skjótist upp fyrir þær eru litlar sem engar.

„Við getum ekki klúðrað þessu héðan í frá og við gerum það ekkert. Það er bara ósköp einfalt mál. Við erum heldur ekkert hætтар og ætlum að mæta í síðasta leikinn í deildinni og selja okkur dýrt,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals.

Fylkisstúlkur náðu að halda út í stundarfjórðung áður en Íslandsmeistarar Vals opnuðu markareikninginn á Fylkissvelli í gær.

Margrét Lára Viðarsdóttir fékk sendingu inn fyrir vörtna og afgreiddi boltann í netið án þess að Björk Björnsdóttir kæmi nokkrum vörnum við í Fylkismarkinu.

Valsstúlkur sóttu án afláts í framhaldinu og áttu skot í slá og stöng áður en Hallbera Guðný Gísladóttir bætti við öðru marki á 39. mínútu

með góðu skoti og þar við sat í hálfleik.

Fylkisstúlkur börðust vel framán af seinni hálfleik og Björk í markinu varði oft á tíðum vel, en hún náði þó ekki að stoppa Margréti Láru á 62. mínútu þegar hún skoraði þriðja mark Valsstúlkna. Margrét fullkomnaði svo þrennu sína á 78. mínútu með skoti af stuttu færi, efst í stöngina og inn.

Varamaðurinn Kristín Ýr Bjarnadóttir skoraði gott mark á 83. mínútu eftir undirbúning Margrétar Láru og kom Valsstúlkum í 0-5.

Fylkisstúlkur voru svo verðlaunaðar fyrir ágæta baráttu í leiknum þegar Ruth Þórðar Þórðardóttir minnkaði muninn í blálokin og lokatölur því 1-5.

Fyrirliðinn Hrefna Huld Jóhannesdóttir fór fyrir KR-stúlkum sem burstuðu Fjölni 7-1 á KR-vellinum í gær og skoraði fjögur mörk. En Fjölnir komst yfir í leiknum áður en flóðgáttir opnuðust hjá KR.

Þór/KA tryggði sinn besta árangur í efstu deild með 1-1 jafntefli gegn Stjörnunni og endaði þar með í fjórða sæti deildarinnar.



BARÁTTA Fylkisstúlkur börðust vel gegn Valsstúlkum en mættu einfaldlega ofjörlum sínum á Fylkissvelli í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

JÁVERK

Til stórra verka

Húsaflutningar og húsaþingar. Körfuvinna, moksturskrabbi, flatvagnar og öll almenn krana- og flutningaþjónusta.

Leitaðu frekari upplýsinga hjá okkur í síma 480 1700, 860 1700 eða á www.javerk.is

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700 Kranadeild: 860 1700
Fax +354 480 1701
www.javerk.is



MIKILL LÉTTIR Leikmenn Portsmouth höfðu ástæðu til þess að fagna í gær þegar liðið vann sinn fyrsta sigur í deildinni á þessu tímabili. Hér sést Armand Traore fagna, ásamt Jermain Defoe, marki þess síðarnefnda.

Portsmouth loks komið á blað

Portsmouth vann sinn fyrsta leik á tímabilinu í gær. West Ham, Wigan og Middlesbrough voru líka í stuði.

FÓTBOLTI Þriðja umferð ensku úrvalsdeildarinnar hófst í gær með sjö leikjum. Portsmouth og WBA náðu í sín fyrstu stig í deildinni og nú er Tottenham því eina liðið sem er ekki komið á blað. Hermann Hreiðarsson byrjaði á varamannabekki hjá Portsmouth sem heimsótti Everton í gær. Jermaine Defoe kom gestunum yfir strax á 12. mínútu leiksins og Glen Johnson bætti við öðru marki á 40. mínútu. Það var svo Defoe sem innsiglaði fyrsta sigur Portsmouth í deildinni á þessu keppnistímabili með góðu marki á 69. mínútu. Hermann Hreiðarsson kom inn á og lék síðustu tólf mínúturnar með Portsmouth.

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton sem gerði markalaust jafntefli gegn nýliðum WBA á heimavelli sínum, en þetta var fyrsta stig WBA í deildinni. Heiðar Helguson var á varamannabekk Bolton og kom ekki við sögu í leiknum.

Langræknir aðdáendur West Ham Paul Ince fékk að vanda óblíðar móttökur þegar hann sneri aftur



ANDSKOTANS Það var allt á móti Paul Ince þegar hann sneri aftur á Upton Park í gær, innan vallar sem utan.

á Upton Park, nú sem knattspyrnustjóri Blackburn, en aðdáendur West Ham eru ekki enn búnir að fyrirgefa honum að láta mynda sig í treyju Manchester United þegar hann var enn leikmaður West Ham fyrir um nítján árum. Leikurinn út af fyrir sig var heldur lítið fagnaðarefni fyrir Ince því West Ham vann að lokum stórsigur, 4-1, þar sem Carlton Cole og hinn meiðslahrjáði Craig Bellamy skoruðu sitt markið hvor í blálokin fyrir heimamenn.

„Mér fannst úrslitin, 4-1, ekki endurspeglar gang leiksins. Við fengum færi til þess að skora í seinni hálfleik en þetta var einn af þessum leikjum þar sem ekkert gekk upp. Það hafði engin áhrif á mig að fá svona slæmar móttökur frá aðdáendum West Ham, það er alltaf gaman að koma á Upton Park en ég er svektur yfir því að taka ekki einhver stig með mér,“ sagði Ince í viðtali í leikslok.

Velkomnir í úrvalsdeildina

Steve Bruce og lærisveinar hans í Wigan náðu nýliðum Hull hressilega niður á jörðina með 0-5 sigri. Sam Ricketts gerði sjálfsmark strax á 5. mínútu og leiðin lá bara niður á við eftir það og Hull tapaði þar með sínum fyrsta leik í deildinni.

Stoke var ekki langt frá því að krækja í stig gegn Middlesbrough á útivelli í gær þrátt fyrir að vera einum leikmanni færri allan síðari hálfleik, en staðan var 1-0 fyrir Middlesbrough í hálfleik. Stoke gafst ekki upp og náði að jafna leikinn á 71. mínútu með sjálfsmarki Justin Hoyte en Tuncay Sanli tryggði heimamönnum öll stigin með marki á 85. mínútu og þar við sat.

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| Bolton-WBA | 0-0 |
| Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton en Heiðar Helguson var á bekknum og kom ekkert við sögu í leiknum. | |
| Everton-Portsmouth | 0-3 |
| 0-1 Jermain Defoe (12.), 0-2 Glen Johnson (40.), 0-3 Defoe (69.). Hermann Hreiðarsson lék síðustu tólf mínúturnar fyrir Portsmouth. | |
| Hull-Wigan | 0-5 |
| 0-1 sjálfsmark (5.), 0-2 Wilson Valencia (13.), 0-3 Amr Zaki (63.), 0-4 Emile Heskey (68.) 0-5 Zaki (81.). | |
| Middlesbrough-Stoke | 2-1 |
| 1-0 Afonso Alves (37.), 1-1 sjálfsmark (71.), 2-1 Tuncay Sanli (85.). Rautt spjald: Amdy Faye (36.). | |
| West Ham-Blackburn | 4-1 |
| 1-0 Calum Davenport (12.), 2-0 sjálfsmark (20.), 2-1 Jason Roberts (22.), 3-1 Craig Bellamy (90.), 4-1 Carlton Cole (90.+2.). | |
| Arsenal-Newcastle | 3-0 |
| 1-0 Robin Van Persie (18.), 2-0 Van Persie (41.), 3-0 Denilson (59.). | |

Enska Championship-deildin

| | |
|---|-----|
| Burnley-Plymouth | 0-0 |
| Jóhannes Karl Guðjónsson lék síðustu sextán mínúturnar fyrir Burnley. | |
| Doncaster-Coventry | 1-0 |
| Richard Wellens (31.). Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Coventry. | |
| Reading-Crystal Palace | 4-2 |
| 1-0 James Harper (18.), 1-1 Nick Carle (37.), 1-2 Calvin Andrew (64.), 2-2 Kevin Doyle (68.), 3-2 Doyle (69.), 4-1 Doyle (89.). Ivar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading. | |

Skoska úrvalsdeildin

| | |
|--|-----|
| Hamilton-Hearts | 1-2 |
| 0-1 Marius Zaliukas (18.), 0-2 Andrew Driver (59.), 1-2 Derek Lyle. Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn fyrir Hearts. | |

Tónlistarnám fyrir þig!

popp blús djass sönglög



Dreymir þig um að geta spilað uppáhaldslögin þín eftir eyranu?

Skemmtilegt og hagnýtt tónlistarnám sem hentar fólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra konnum.

- Píanó
- Harmónikka
- Kassagítar
- Raffgítar
- Rafbassi
- Tölvur og tónlist

Haustönn hefst 8. september

- 4 ára og eldri
- Unglingar
- Fullorðnir
- Eldri borgarar

Innritun stendur yfir

Nánari upplýsingar og skráning

■ www.tonheimar.is og í síma 846 8888



Tónheimar

Öðruvísi tónlistarnám!

Styrkir

Reykjavíkurborgar

Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2009. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinnna málaflokka:

- félags- og velferðarmála
- menntamála - grunnskólar/leikskólar
- íþrótt- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála
- umferðaröryggismála

Vakin er athygli á því að reglur um styrkveitingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/styrkir. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/styrkir. Eyðublöðum þessum skal skilað rafrænt ásamt fylgigögnum, eða, ef þess er ekki kostur, í Ráðhús Reykjavíkur, merktum Reykjavíkurborg – styrkumsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. október nk. og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um.

Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilgreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirganga ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í árslok 2008.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið styrkir@reykjavik.is

www.reykjavik.is/styrkir

Arsenal fór illa með Newcastle á heimavelli í gær:

Yfirburðir Arsenal

FÓTBOLTI Arsenal sýndi sínar bestu hliðar þegar Lundúnaliðið lagði Newcastle að velli 3-0 á Emirates-leikvanginum í gær. Robin Van Persie skoraði fyrsta mark Arsenal af miklu öryggi úr vítaspurnu á 18. mínútu eftir að boltinn hafði farið í hendina á Charles N'Zogbia.

Annað mark Arsenal var einkar glæsilegt þar sem liðið gjör-samlega splundraði Newcastle vörninni með hröðu spili sem endaði með því að Emmanuel Eboué átti hælssendingu á Van Persie sem afgreiddi boltann í netið af stuttu færi.

Denilson bætti þriðja markinu við á 59. mínútu eftir góðan undirbúning hjá Emmanuel Adebayor og Samir Nasri.

Þetta var bara einn af þeim dögum þar sem Arsenal ræður



SÝNING Leikmenn Arsenal fóru á kostum á Emirates-leikvanginum í gær.

ferðinni og yfirspilar mótherja sína á Emirates-leikvanginum, þar sem liðið hefur aðeins einu sinni beðið ósigur. Liðið hefði hæglega getað bætt við mörkum en lokatölur urðu 3-0.



Ljósmyndasamkeppni unga fólksins

Í tilefni af **Vísindavöku 2008** efnir Rannís til ljósmyndasamkeppni meðal ungs fólks á aldrinum **13-18 ára**. Efni myndanna skal vera „**Vísindin í daglegu lífi**“. Myndum skal skilað rafrænt á alla@rannis.is eða til Rannís, Laugavegi 13, 101 Reykjavík, fyrir 15. september. **Verðlaun verða veitt á Vísindavöku 26. september 2008**. Nánari upplýsingar á...

...www.rannis.is/visindavaka

Visinda Vaka

Opið hús!

Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 26. september
kl. 17:00 til 22:00



RANNÍS

Rannísknámistöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

1100111010011



FÖGNUMBUR HK-ingar fögnuðu vel og hressilega í leikslok í gær eftir góðan sigur gegn Frömurum, sem eru engu að síður Reykjavíkurmestara. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HK keyrði yfir Fram

HK-ingar lögðu þreytta Framara að velli í úrslitaleiknum hjá körlunum í Opna Reykjavíkurmótinu í Austurbergi í gær.

HANDBOLTI HK vann Opna Reykjavíkurmótið með því að leggja Fram nokkuð örugglega að velli, 21-26, í úrslitaleik.

Fram hafði fyrir leikinn tryggt sér Reykjavíkurmestaratitilinn í ár því andstæðingurinn HK er úr Kópavogi. Engu að síður var bikar í boði og hann virtist leikmenn HK þyrsta meira í.

HK náði þriggja marka forystu strax í byrjun leiks og hélt henni allt til loka fyrri hálfleiks, 9-12. Fram náði sínum besta leikkafla snemma í síðari hálfleik og

minnkaði muninn í tvö mörk, 14-16. Þrátt fyrir frábæra markvörslu Davíðs Svanssonar komst Fram ekki nær og HK stakk af. HK komst mest sjö mörk yfir, 15-22, en vann að lokum fimm marka sigur, 21-26.

Þrátt fyrir að HK væri að spila þriðja leik sinn um daginn, eins og Fram, var liðið mun frískara en þungt og þreytt lið Fram.

Sveinbjörn Pétursson varði mjög vel í marki HK og Valdimar Þórsson var frískur í sóknarleiknum sem og Gunnar Jónsson. -gmi

Haukar unnu Val í Opna Reykjavíkurmótinu í gær:

Léttur sigur Hauka

HANDBOLTI Haukastúlkur sigruðu Valsstúlkur sannfærandi, 22-33, í úrslitaleik Opna Reykjavíkurmóts kvenna. Valur er þó Reykjavíkurmestari þrátt fyrir stórtapið í úrslitaleiknum.

Valur skoraði fjögur fyrstu mörk leiksins en Haukar náðu að jafna leikinn þegar 10 mínútur voru til leikhles, 13-13, og bættu um betur með því að skora sex síðustu mörk hálfleiksins og fóru með fimm marka forskot inn í hálfleikinn, 19-14.

Haukar spiluðu frábæran varnarleik síðari hluta fyrri hálfleiks og héldu uppteknum hætti eftir hlé og unnu að lokum 11 marka sigur á andlausum Valsstelpum.

Nína Arnfinnsdóttir var atkvæðamikil á línunni hjá Haukum með sjö mörk líkt og skytturarnar Ramune Pekarsskyte og Tatjana



Á FLUGI Haukastúlkur áttu ekki í teljandi vandræðum með Valsstúlkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Zukolva. Hanna Stefánsdóttir skoraði 6 mörk. -gmi

Golfmót Tækniskólans

fer fram 7. september á Hellu

- Ræst út af öllum teigum kl. 9:30. Mæting kl. 8:45
- Keppt er með og án forgjafar.
- Náandarverðlaun á öllum þar 3 brautum.
- Lengsta teighögg á 18. braut.
- Verðlaun veitt í kvennaflokki.

Núverandi nemendur og starfsfólk Tækniskólans ásamt fyrrverandi nemendum og starfsfólki Fjöltækniskólans og lðnskólans í Reykjavík eru sérstaklega boðnir velkomnir.

Skráning á www.golf.is



CLARINS

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



FRÁBÆR Helena Sverrisdóttir fór enn og aftur á kostum hjá kvennalandsliði Íslands í gær þegar liðið tapaði 81-70 gegn sterku liði Hollands á útivelli. Helena skoraði 27 stig, hitti úr fimm af sjö þriggja stiga skotum og tók 13 fráköst. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ísland tapaði 81-70 fyrir Hollandi í B-deild Evrópukeppninni í körfubolta í gær: Þriðji leikhlutinn afdrifaríkur

KÖRFUBOLTI Kvennalandslið Íslands varð að setta sig við svekkjandi tap gegn sterku liði Hollands í B-deild Evrópukeppninnar í körfubolta í La Almere í Hollandi í gærkvöld. Íslenska liðið átti í fullu té við þær hollensku þangað til í þriðja leikhluta þar sem leikurinn í raun og veru tapaðist. Helena Sverrisdóttir var atkvæðamest hjá Íslandi með 27 stig. Þar af skoraði hún fimm þriggja stiga körfur, úr sjö skottíraunum, sem er nýtt met hjá liðinu í Evrópukeppni.

Jafnræði var með liðunum framan að leik og staðan var 33-35 fyrir Íslandi í hálfleik.

Þriðji leikhlutinn varð hins vegar afdrifaríkur því þar skoruðu þær hollensku 28 stig á móti aðeins 9 stigum íslenska liðsins og staðan því allt í einu orðin 61-44 fyrir lokaleikhlutann.

Íslenska liðið náði að saxa á forskotið en í fjórða leikhluta en Holland vann þó að lokum 81-70.

Landsliðsþjálfarinn Ágúst Björgvinsson var svektur í leikslök en tekur þó vitanlega margt jákvætt frá leik íslenska liðsins.

„Við vorum að spila þrælvel framan af leik en þriðji leikhlutinn var alls ekki nógu góður. Helena lendir þá líka í villuvandræðum og það var dýrkeypt. Við

sýndum annars að við þurfum ekki að vera með neina minnimáttar-kennd og við getum unnið hvaða lið sem er í þessari keppni. Við verðum bara að trúna því og fara í alla leikina til að vinna þá,“ segir Ágúst. - óþ

HOLLAND-ÍSLAND 81-70 (33-35)

Stig Íslands: Helena Sverrisdóttir 27 stig (13 fráköst, 5 stoðs., hitti úr 5 af 7 þriggja stiga, 29 mínútur, 5 villur), Signý Hermannsdóttir 11 stig (6 fráköst, 4 varin), Pálína Gunnlaugsdóttir 11 stig (6 fráköst, 3 stoðsendingar), Kristrún Sigurjónsdóttir 9, María Ben Erlingsdóttir 5 (6 fráköst), Hildur Sigurðardóttir 4, Ingibjörg Jakobsdóttir 2.



GÓÐ BYRJUN Það tók Alfreð ekki langan tíma að landa titli með Kiel. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýski handboltinn:

Alfreð landar fyrsta titlinum

HANDBOLTI Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, stýrði liðinu til 33-28 sigurs gegn Hamburg í þýska ofurbikarnum í gær.

Þetta er í fimmta skiptið sem Kielar-menn landa bikarnum og það gerðu þeir án þess að besti leikmaður liðsins, stórskytan Nikola Karabatic, væri með.

Kiel leiddi í hálfleik 17-14 og nokkuð jafnræði var með liðunum framan af seinni hálfleik þangað til Kiel seig fram úr og vann að lokum sannfærandi sigur. - óþ

1. deild karla:

Stjarnan eygir enn von

FÓTBOLTI Stjörnumenn náðu að saxa á forskot Selfyssinga með góðum 3-0 sigri í frestuðum leik gegn Fjarðabyggð í gær. Nú eru aðeins tvö stig sem skilja liðin að eftir að Selfoss tapaði nokkuð óvænt 4-3 gegn Víkingi Ólafsvík í fyrrkvöld.

Botnliðin Njarðvík og KS/Leifur gerðu markalaust jafntefli og Leiknir sem er í harðri fallbaráttu tapaði gegn KA 2-3 á heimavelli sínum í gær. - óþ



ÁNÆGDUR Pavlyuchenko er sáttur við að vera kominn í ensku úrvalsdeildina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tottenham fær framherja:

Pavlyuchenko til Tottenham

FÓTBOLTI Rússneski framherjinn Roman Pavlyuchenko, sem sló eftirminnilega í gegn á Evrópukeppninni í Austurríki og Sviss í sumar, er að ganga í herbúðir Tottenham. Breskir fjölmiðlar telja að kaupverðið sé í kringum fjórtán milljónir punda en Pavlyuchenko kemur frá Spartak Moskvu.

„Þetta gerðist svo hratt að ég hafði ekki einu sinni tíma til þess að kveðja gömlu liðsfélagana í Spartak Moskvu. Ég er annars ánægður með að vera kominn til Tottenham,“ sagði Pavlyuchenko í gær. - óþ

VISA BIKARINN 2008

Undanúrslit karla

Sunnudaginn 31. ágúst kl. 16:00



Fylkir - Fjölnir

Laugardalsvöllur

Mánudaginn 1. september kl. 20:00



Breiðablik - KR

Laugardalsvöllur



VISA

VISA styður íslenska boltann

> Kevin Costner

„Hetjur hrasa og misstiga sig. Það sem gerir menn að hetjum er að þeir hafa hæfileika til að vinna úr mistökum án þess að segja skilið við hugsjónir sínar eða skuldbindingar.“ Costner leikur í kvikmyndinni Rumor Has It sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR Í LEYNDARMÁL GRAFARVOGS

Svíng og stuð í úthverfum

Þættir uppfullir af kynlífi svinvirka, nú sem endranær, til þess að laða áhorfendur að skjánum. Skjárinn virðist allavega vera sannfærður um þessa staðreynd, bauð okkur upp á hamingjusömu hórana Belle de Jour í sumar, kynlífs- og raunveruleikaþáttinn Sexual Healing og svo aðalstuð-bombuna, Swingtoun, þáttaröð sem hóf göngu sína fyrir skömmu síðan. Swingtoun á að fanga andann sem ríkti árið 1975 og gerist í úthverfi Chicagoborgar en fjallar um nokkur pör sem gera tilraunir með makaskipti og eiturlyf. Þetta var jú áratugurinn þegar kúltúr- og kynlífsbyltingin stóð sem hæst í Bandaríkjunum, hippatímabilið hafði runnið sitt skeið og diskóið var upp á sitt besta. Það sköndnasta við þættina er að horfa á klisjur eins og Farrah Fawcett-



hárgreiðslu, appelsínugulan varalit og karlmenn í útvíðum buxum með fánaleg yfirvaraskegg og sitt há. Í rauninni einmitt tiskan þegar klámmyndir voru upp á sitt besta og eitthvað við Swingtoun fangar sannarlega þann anda. Aðalkynbomban í

þáttunum er Trina Decker, leikin af Susan Parrilla, en hún og eiginmaður hennar, sem er flugmaður (auðvitað), stunda makaskipti af miklum eldmóð og eins og hún segir við nýju nágrannakonu sína, „Þá heldur þetta sambandinu spennandi, lífandi og ástríðufullu.“ Trina veiðir nýjar ástkonur til kynlífsleikja með eiginmanni sínum á lostafullan en dálítið ógnvekjandi hátt, og maður þarf ekki að bíða lengi til að sjá brestina á bak við þetta „fullkomna“ hjónaband koma í ljós. En sjónvarpsþættir endurspeglar vist tíðarandann og mér skilst á erlendum blaðgreinum að „svíngið“ sé afar vinsælt í úthverfum Lundúna um þessar mundir. Lyklapartí eru hinar nýju grillveislur. Ég er farin að spyrja mig hvaða leyndarmál Grafarvogurinn hefur að geyma.

EKKI MISSA AF



▶ 16.00 Fylkir - Fjölirnir SJÓN-VARPIÐ



▶ 17.45 Keflavík - Grindavík STÖÐ 2 SPORT



▶ 19.10 Jamie's Chef STÖÐ 2



▶ 20.00 Dresden Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.10 Robin Hood SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstudin okkar í nætur-garði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans, Síglidar teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar, Lára og Sigga liggja lá.

11.00 Hlé

▶ **15.40 Bikarkeppni í fótbolta** Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleik í Vísa bikarkeppni karla. Fylkir og Fjölirnir eigast við á Laugardalsvelli. Flautað er til leiks klukkan 16.00.

17.55 Tákn málsfréttir

18.00 Stundin okkar (e)

18.30 Á flakki um Norðurlönd (Þá luffen - Norden) (8:8) (e)

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Út og suður Gísli Einarsson heilsar uppá forvitnilegt fólk.

20.10 Frelsisþrá (Tropiques amers) (4:6) Franskur myndaflokkur frá 2006. Sagan gerist á eyjunni Martinique í Karíbahafi seint á 18. öld og segir frá árekstrum milli hvíttra plantekrueigenda og þræla þeirra. Aðalhlutverk: Jean-Claude Adelin, Fatou N'Diaye, Jean-Michel Martial og Léa Bosco.

21.05 Sápa (En Soap) Dönsk verðlaunamynd frá 2006 um samskipti eiganda snyrtistofu og kynskiptings. Aðalhlutverk: Trine Dyrholm, David Dencik, Frank Thiel og Elsebeth Steentoft.

22.50 Rebus - Fyrsti steinninn (Rebus: The First Stone) Bresk sakamála mynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögglummann í Edinborg. Aðalhlutverk: Ken Stott og Claire Price.

00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.05 Rumor Has It

10.00 Hackers

12.00 Cow Belles

14.00 Wall Street

16.05 Rumor Has It Gamannmynd með Jennifer Aniston, Kevin Costner og Shirley MacLaine í aðalhlutverkum.

18.00 Hackers

20.00 Cow Belles

22.00 Inside Man

00.05 Perfect Strangers

02.00 Kin

04.00 Inside Man

06.05 Dream Lover

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Gulla og grænjaxlamir.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

09.35 Kalli litli kanína og vinir

09.55 Stóra teiknimyndastundin

10.15 Bratz

10.40 Ævintýri Juniper Lee

11.05 Stuðboltastelpurnar

11.30 Latibær (3:18)

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 Monk (11:16)

15.00 Flipping Out (6:7)

15.45 Creature Comforts (6:7)

16.10 Beauty and The Geek (6:13)

16.55 60 minutes

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Veður

▶ **19.10 Jamie's Chef** (2:4) Í þessari þáttaröð aðstoðar Jamie Oliver lærisveina sína af veitingahúsinu Fifteen við að setja á laggimar sitt eigin veitingahús frá grunni. Þar er vægast sagt í mörg horn að líta og hindranir á veginum geta verið margar og snúnar.

20.05 Women's Murder Club (11:13) Þáttur um Fjórar perluvinkonur sem allar vinna við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögglega, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

20.50 Numbers

21.35 The Tudors (5:10) Önnur þáttaröð einnar metnaðarfullu sjónvarpsþáttaröðar síðari ára um Hinrik VIII Englandskonung.

22.30 Wire (11:13)

23.30 Hotel Babylon (3:8)

00.25 Canterbury's Law (6:6)

01.10 Murderball

02.35 Father of the Bride II

04.20 Women's Murder Club (11:13)

05.05 Numbers

05.50 Fréttir (e)

SPORT

besta sætið

07.25 Evrópukeppni félagsliða Útsending frá leik Aston Villa og FH.

09.05 UEFA Super Cup 2008 Útsending frá leik Man. Utd og Zenit í UEFA Super Cup.

11.05 Supercopa 2008 Útsending frá leik Valencia og Real Madrid.

12.45 Spænski boltinn Valencia - Mallorca

14.25 PGA mótaröðin Útsending frá Barclays-mótinu í golfi.

16.25 Þýski handboltinn Útsending frá leik Kiel og Hamburg í þýska handboltanum.

▶ **17.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Keflavíkur og Grindavíkur í Landsbankadeildinni.

20.00 Spænski boltinn Numancia - Barcelona

21.40 Timeless Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.

22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilprifin í umferðinni skoðuð.

23.00 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndverri ræða málin.

23.20 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik Keflavíkur og Grindavíkur í Landsbankadeildinni.

01.10 Landsbankamörkin 2008

SPORT 2

enski boltinn

09.15 Enska úrvalsdeildin West Ham - Blackburn.

10.55 4 4 2 Heimur Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

12.15 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

14.45 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

17.15 Enska úrvalsdeildin Sunderland - Man. City.

18.55 Enska úrvalsdeildin Arsenal - Newcastle.

20.35 4 4 2

21.55 Enska úrvalsdeildin Everton - Portsmouth.

23.35 Enska úrvalsdeildin Bolton - WBA.

SKJÁREINN

07.50 Vörutorg

08.50 MotoGP Bein útsending frá San Marínó þar sem þrettánada mótið í MotoGP fer fram. Þetta er ný braut í mótaröðinni.

13.15 Dr. Phil (e)

15.30 What I Like About You (e)

15.55 High School Reunion (e)

16.45 The Biggest Loser (e)

17.35 Britain's Next Top Model (e)

18.25 Design Star (e)

19.15 The IT Crowd (e)

19.45 America's Funniest Home Videos Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar upptakomur með börnum, fullorðnum eða jafnvel húsdýrum.

▶ **20.10 Robin Hood** (2:13) Hrói freistar þess að brjóstast inn í nýtt öryggisbergi í kastalanum þar sem fögetinn geymir peningna til að fjármagna leynilega aðgerð sína gegn kónginum. En það reynist erfiðara en hann hélt þar sem fögetinn er búinn að koma fyrir banvænum gildrum.

21.00 Law & Order: SVU (3:22) Bandarísk sakamálaferia um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Stabler og nýi félagi hans, Dani Beck, rannsaka hrottablega nauðgun. Böndin berast að virtum lögfræðingi en málinu er vísað frá vegna ófullnægjandi sönnunargagna.

21.50 Swingtoun (3:13) Það hitnar í kolunum þegar Miller-hjónin halda innflutningspartí. Susan fær Janet til að hjálpa sér við undirbúninginn en allt fer öðruvísi en ætlað var þegar Trina bætir nokkrum vinum sínum á gestalistann.

22.40 Sexual Healing (e)

23.30 Da Vinci's Inquest (e)

00.20 Trailer Park Boys (e)

01.10 Trailer Park Boys (e)

02.00 Vörutorg

03.00 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku. Endursýnt á klukkustunda fresti.

20.45 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.45 og 22.45.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Er ypsílon ý eða ekki?

Prófarkalesara vantar til starfa hjá Fréttablaðinu. Umsækjandi þarf að hafa góða tilfinningu fyrir íslensku máli, vera óskekull í stafsetningu og nákvæmur í vinnubrögðum. Um 50% starf er að ræða og er vinnutími síðdegis, á kvöldin og um helgar.

Fréttablaðið er lífandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt er upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknarfrestur er til 12. september næstkomandi. Sótt er um á vef 365 miðla - <http://www.365midlar.is/Um-365/Storf-hja-365>

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Ingibergsdóttir framleiðslustjóri á netfanginu kolbrun@frettabladid.is



365

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Numbers

Þessir traustu og vel gerðu spennuþættir hafa vaxið jafnt og þétt með hverri þáttaröðinni, jafnt hérlendis sem vestanhafs, enda koma þeir úr smíðju bræðranna Riddleys og Tonys Scott. Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, sem Rob Morrow (Northern Exposure) leikur, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiseni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Inside Man

Stöð 2 bíó kl. 22.00

Þegar bankarín breytist í hættulega gíslatöku reynir mjög á útsjónasemi Fraziers, sérfræðings lögreglunnar í gíslatökumálum. Ekki bætir úr skák þegar einn stjórnenda bankans vill semja við bankaræningjana. Þetta er stórnum hlaðin spennumynd frá Spike Lee.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | |
|---|---|
| 06.30 Árla dags | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 06.40 Veðurfregnir | 16.08 Veðurfregnir |
| 07.05 Morgunandakt | 16.10 Jazzhátíð Reykjavíkur 2008 |
| 08.00 Morgunfréttir | 18.00 Kvöldfréttir |
| 08.05 Tónlistargrúsk | 18.26 Saga til næsta bæjar |
| 09.03 Framtíð lýðræðis | 18.52 Dánarfregnir og auglýsingar |
| 10.05 Veðurfregnir | 19.00 Óskastundin |
| 10.15 Druslubækur og doðrantar | 19.40 Af minnisstæðu fólki |
| 11.00 Guðsþjónusta á Hólahátíð | 20.00 Leynifélagið |
| 12.00 Hádegisútlarp | 20.25 Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar |
| 12.20 Hádegisfréttir | 21.05 Sekt Theresu |
| 12.45 Veðurfregnir | 22.07 Veðurfregnir |
| 13.00 Sjónþing um Guðmund Ármann | 22.12 Orð kvöldsins |
| 14.00 Loftbelgur | 22.15 Umhverfis jörðina |
| 14.30 Lostafulli listræninginn | 23.10 Andrarímur |
| 15.00 Flækjgur | 00.07 Næturtonar |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (1:260)

16.25 Hollyoaks (2:260)

16.50 Hollyoaks (3:260)

17.15 Hollyoaks (4:260)

17.40 Hollyoaks (5:260)

18.00 Seinfeld (12:13) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

18.30 Seinfeld (13:13)

19.00 Seinfeld (11:24)

19.30 Seinfeld (12:24)

20.00 The Dresden Files (3:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

20.45 Twenty Four 3 (14:24) Jack kemur Ninu til CTU þar sem Tony tekur á móti henni og yfirheyrir hana. Innra eftirlitið tekur einnig á móti Jack. Kim gengur á Chase varðandi barnið. Sherry reynir að hylja slóð sína í tengslum við dauða Milliken.

21.30 Happy Hour (4:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsefnum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

22.00 Seinfeld (12:13)

22.25 Seinfeld (13:13)

22.50 Seinfeld (11:24)

23.15 Seinfeld (12:24)

23.40 Sjáðu

00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 Angry Planet 10.30 Angry Planet 11.00 The Seasoned Traveler 11.30 Treks in a Wild World 12.00 Julian and Camilla's World Odyssey 13.00 Passport To Adventure 13.30 Globe Guides 14.00 \$100 Taxi Ride 14.30 The Seasoned Traveler 15.00 Inside Luxury Travel - Varun Sharma 15.30 Opening Soon 16.00 Working Holidays 17.00 The Big Fish 17.30 Travel Oz 2 18.00 The Seasoned Traveler 18.30 Treks in a Wild World 19.00 Julian and Camilla's World Odyssey 20.00 Globe Trekker 21.00 The Big Fish 21.30 \$100 Taxi Ride 22.00 \$100 Taxi Ride 22.30 The Thirsty Traveler 23.00 Don't Forget Your Passport

DR 1

09.00 Pigen med tørklædet 09.30 Prostitution - er du med på det hele? 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SPAM 2008 11.00 Skum TV 11.15 Spam special 11.35 Family Guy 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.00 Dansk Trav Derby 14.30 Den store dag 15.30 Postmand Per 15.45 Schhhhh 15.55 Home things 16.00 De store bjørne 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.05 Den menneskelige zoo 18.00 Kronprinsessen 19.00 21. Søndag 19.40 SportNyt med SAS liga 19.55 Små og store sager. Gensyn med Louise 21.35 Trolld kan tæmmes

NPK1

09.15 Norge rundt 09.40 Dávgi - Urfolksmagasin 10.00 Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand 12.55 Motorsport. STCC 13.40 Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand 14.00 Komiprisen 2008 15.30 Åpen himmel. Når alt håp er ute 16.00 Lillefot og vennene hans 16.25 Herr Hikke 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Skiskyting, Mestermøte i Püttlingen 18.55 Miss Marple 20.30 Birkebeinerrittet 21.00 Kveldsnytt 21.20 Rally-VM 2008. Rally New Zealand 22.10 Omar skal gifte seg 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

09.30 Debatt 11.50 Race 15.00 Rally-VM 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Saltön 17.15 Hemliga svenska rum 17.30 Rapport 17.55 Regionala nyheter 18.00 Solens mat 18.30 Sportspegeln 19.15 Ashes to ashes 20.10 På resa med Homo Sapiens 20.40 Labbrättans drömliv 21.10 Filmkrönikan special 22.10 För farlig för frihet

HVERNIG ÁRANGUR VILT ÞÚ?



Ágústa, Anna og Guðbjörg hafa sett saman ný 6-vikna námskeið sem tryggja þér þann árangur sem þú vilt ná í heilsu- og líkamsrækt

Ný uppbygging, nýtt efni, nýjar æfingar!

Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun til að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

Fjölbreytt 6-vikna námskeið.

Mismunandi áherslur eftir því hvort þú ert byrjandi eða lengra komin. Hvort þú vilt meira aðhald, meira dekur eða leggja áherslu á dansinn. Á næstu síðum geturðu kynnt þér alla þá fjölbreyttu möguleika sem í boði eru.

HEFST 1. SEPT.

Láttu skrá þig straxí síma 414 4000 eða á hreyfing@hreyfing.is



Öll Árangurs námskeiðin eru byggð upp á svipaðan hátt nema með mismunandi áherslum. Allar nánari upplýsingar á hreyfing.is

Veldu þér námskeið sem hentar þér:

Árangur
Árangur/elítan
Árangur/dans
Árangur og dekur

- Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna
- Losnaðu við eilífa sætindaþörf
- Mataræðið tekið í gegn – fylgt eftir nokkrum einföldum reglum - örugg leið til árangurs
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú losar þig við aukakílóin
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er stoltust af því hvað hann er jarðbundinn. Miðað við allt sem er búin að ganga á. Hann er búinn að standa sig vel bæði í náminu og handboltanum og það stígur honum ekki til höfuðs.“

Linda Björg Finnboadóttir, móðir Björgvins Páls Gústavssonar. Björgvin er annar markmanna handboltaliðsins og varði 92 skot á Ólympíuleikumunum.

HIN HLIÐIN SONJA BENT FATAHÖNNUÐUR

Polir ekki ástandið í borgarmálum

Hvað er að fréttu? Ég er með mitt eigið fatamerki og sit sveitt við að sauma herraskyrturn og þrjúna peysur sem eiga að fara í verslanir í haust.

Augnlitur: Grænn með gulum hring.

Starf: Fatahönnuður.

Fjölskylduhagir: Árni Gústafsson hljóðmaður, stjúpsonurinn Daniel Kári og hundurinn Salka.

Hvaðan ertu? Er úr Reykjavík en ættuð að vestan.

Ertu hjátrúarfull? Já og nei.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Breskir gamanþættir og Út og suður. Ég elska þann þátt!

Uppáhaldsmatur: Er brjáluð í matinn hennar mömmu og plokkanum hans pabba, en elska líka carpaccio með mikið af parmesan osti.

Fallegasti staðurinn: Ísland eins og það leggur sig.

iPod eða geislasplari: iPod.

Hvað er skemmtilegast? Að vera í góðra vina hópi, kela við Árna og búa til fót.

Hvað er leiðinlegast? Hvað tíminn líður hratt.

Helsti veikleiki: Ég er of framkvæmdaglóð.

Helsti kostur: Ég er jákvæð og með stórt hjarta.

Helsta afrek: Það sem stendur upp úr er að mér ásamt vinnum mínum tókst að opna +354 Guerrilla Store í Slippnum í Reykjavík árið 2005.

Mestu vonbrigðin: Að hafa bitið Stefán frænda þegar ég var lítil af því að hann vildi ekki skila læknaðótinu sem ég fékk í afmælisgjöf. Maður gerir ekki svoléiðis.

Hver er draumurinn? Verða farsæll fatahönnuður og harmonikkuleikari og enda lífið í sveitinni, geðveikt „fashionable“ að taka lagið fyrir beljurnar.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Léleg þjónusta hjá toll- og skattayfirvöldum landsins og það að þurfa að láta yfir mig ganga þetta ástand í borgarmálum. Maður er farinn að skammast sín allverulega fyrir að búa í Reykjavík.

Hvað er mikilvægast? Ástin, fjölskyldan og vinirnir.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirsætan **Ósk Norðfjörð** lenti í óhugnanlegri lífsreynslu þegar hún var í fríi á Tenerife í síðustu viku ásamt sonum sínum tveimur. Breskur maður um fimmtugt elti þá Ósk og synina á röndum og er hún sannfærð um að hann hafi ætlað að ræna þeim. Ósk sagði í samtali við Vísi að hún hefði heyrt manninn lýsa þeim í símtali og beðið um að þau yrðu sótt. Ósk kallaði til lögreglu, sem handtók manninn samstundis. Að sögn Óskar viðurkendi




maðurinn að hafa elt hana og drengina en vildi ekki gefa upp ástæður þess. Þetta setti vitaskuld svip á það sem eftir var frísins. „Ég svaf ekkert það sem eftir var og við settum stóla og sófasett fyrir svalahurðina og höfðum baseball kyllu hjá rúminu það sem eftir var frísins,“ sagði Ósk Norðfjörð við Vísi. is. - hdm



ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: **553 5600**
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is



GUÐNI EYJÓLFSSON: ÖLDUNGUR Á AKRANESI VINNUR, VEIÐIR OG SPILAR BRIDDS

Hefur nóg að gera á tíræðisaldri

„Ég hef alltaf nóg að gera – það er það sem heldur mér við,“ segir Guðni Eyjólfsson, 91 árs gamall Akranesbúi sem er hvergi nærri sestur í helgan stein og slær heldur ekki slöku við í áhugamálum. Guðni vinnur á lagernum í Einarshúsi á Akranesi, en hún er í eigu dóttur hans, Ernu, og tengdasonarins Einars. „Ég er þar frá átta á morgnana og til klukkan sex á daginn, en ég legg mig samt í klukkutíma yfir daginn,“ útskýrir Guðni, sem einmitt var staddur heima í hádegishvöld þegar blaðamaður náði tali af honum.

Guðni hefur verið mikill laxveiðimaður áratugum saman og ekki er lengra síðan en tæp vika að hann lenti í mokveiði í Andakílsá. „Ég byrjaði 1946 og er búinn að vera í veiðinni í rúm sextíu ár. Ég fer í hana öll sumur,“ segir Guðni, sem heldur skrár yfir stórlaxana sem hann landar og er, eins og gefur að skilja, þaulvanur veiðimaður. „Maður þarf að læra á vatnið og finna út hvar laxinn heldur sig,“ segir Guðni. Laxveiðin er þó ekki eina veiðin sem hann hefur stundað, því Guðni var á sjó til margra ára.

„Ég byrjaði ungur sem sjómaður, um fimmtán ára aldurinn, og var þar lengi. Öll mín bestu ár átti ég á sjónum og var alltaf á mestu aflaskipunum,“ segir Guðni. Hann man enn versta veður sem hann hefur komist í tæri við á sjónum, en það var óveðrið sem geisaði við landið þegar skipið Pourquoi Pas? fórst við Íslandsstrendur, 16. september 1936. „Það er mesta veður sem ég hef lent í á sjó. Við vorum þá að koma úr Grænlandshafinu og ég var á tuttugasta aldursárinu. Ég hef bara ekki lent í vondum veðrum, nema þessu,“ segir Guðni.



Í EINARSBÚÐ Guðni Eyjólfsson, 91 árs Akranesbúi, vinnur alla virka daga í verslun dóttur sinnar og tengdasonar. MYND/SKESSUHORNI

Guðni verður 92 ára 1. nóvember næstkomandi, en slær hvergi slöku við. Auk vinnunnar segir hann líkamsæfingar, sem hann gerir heima við, halda sér ungum. „Pabbi var mikill íþróttamaður og kenndi mér alls konar æfingar. Ég held mér við með þeim. Þær eru svona eins og Müllersæfingarnar gömlu, sem voru svo vinsælar í þann tíma,“ útskýrir Guðni. Veiðin er heldur ekki eina áhugamálið sem hann ræktar. „Ég fer á fótboltaleiki eins og ég hef gert alla tíð og svo er ég mikill spilamaður í bridds, ég er líka búinn að vera í því lengi,“ segir Guðni kátur.

sunna@frettabladid.is



ÁRATUGA REYNISLA Guðni hefur áratuga reynslu af laxveiði og var á sjó til margra ára. Hann segist ekki hafa lent í verra veðri en nóttina sem Pourquoi pas? fórst. MYND/SKESSUHORNI

Ópelló Baltasars Kormáks frestað í bili

Ópelló-uppsetningu Baltasar Kormáks í Barbican-leikhúsinu hefur verið slegið á frest. Bakkaði Forest Whitaker út? „Hann er ekki búinn að bakka út. Tímarammar okkar gengu ekki upp saman á þeim tíma sem Barbican vildi gera þetta,“ segir Baltasar, en ekki liggur fyrir hvenær verið verður sett upp. „En ég er ekkert kvalinn yfir þessu og hef nóg annað að gera.“

Baltasar segist vera í verkefnahrinu. „Ég er í undirbúningi að vinna með Arnaldi að Grafarþögn. Óli Egilsson og ég erum að gera handrit að víkingamynd. Það er mikill

EKKI BAKKAÐUR ÚT Plön Baltasars og Forests eru illsamræmanleg.



áhugi á henni og aðilar búnir að sýna áhuga á því erlendis. Svo er kvikmynd sem heitir Birdartist. Ég er að fara út til Toronto með Brúðgummann og er á fundi út af því. Svo er ég með annað verkefni fyrir Þjóðleikhúsið sem ég er ekki síður spenntur fyrir en Ópelló. Svo á ég fimm börn.“

Hollywood sækir í leikstjórnann. „Það er stöðugt verið að senda mér verkefni að utan. Ég er svolítið „picky“. Ég hef ekki áhuga á að gera



GÓÐIR SAMAN Baltasar vill endilega vinna með Whitaker aftur.

hryllingsmyndir og það er erfitt að finna góð handrit þarna.“

Hann blæs hins vegar á það að hann sé orðinn Hollywood-leikstjóri. „Það er alltaf talað um Hollywood sem eitthvert hlið sem menn ganga inn um. Það er ekki þannig, þetta er svo

í VERKEFNAHRINU Baltasar hefur nóg á sinni könnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

óljóst og huglægt, hvað er Hollywood-mynd og hvað ekki. En það er æðislegt þegar draumar manns rætast. Allt í einu ertu farinn að vinna með fólki eins og Sam Shepard. Svo þegar þú ert að leikstýra honum þá er það bara eins og að leikstýra Ingvari. Margir halda að þessir leikarar séu betri þarna í Bandaríkjunum, en það er fullt af frábærum leikurum hér. Bara minna vesen í kringum þá.“ - kbs

Gerum hús að heimili



AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR

Borð + 6 stólar Verð 139.000
Nú **69.500**

Glerskápur Verð 95.000
FIGARO Nú **47.500**

Skenkur Verð 119.000
FIGARO Nú **59.500**



AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR
80%
AFSLÁTTUR

Skenkur Verð 125.000
Nú **25.000**

Sófi 4ra sæta Verð 159.000
Nú **79.500**

Sófaborð Verð 45.000
Nú **22.500**



Stóll LUCA
Verð 35.000
Nú **17.500**

Stóll BAROG
Verð 75.000
Nú **37.500**

RELAX leðurstóll
Verð 79.000
Nú **39.500**

AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR



AFSLÁTTUR
60%
AFSLÁTTUR

Borð 180x90 Verð 75.000
Nú **30.000**

Hliðarborð Verð 58.000
Nú **32.200**

Glerskápur Verð 145.000
Nú **58.000**

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

TEKK
COMPANY

ÓPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 12-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

VERÐHRUN!



BAKPANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Batnandi mönnum...

Í síðustu viku varð afar ánægju-
legur atburður sem fór ekki
eins hátt og mér fannst efni standa
til, enda bar hann að í miðju hand-
boltæði. Hann fólst í því að ken-
ískur hælisleitandi sneri aftur til
landsins eftir að ákveðið var að
taka mál hans til sérstakrar skoð-
unar. Honum hafði verið vísað úr
landi á forsendum svonefnds Dyfl-
innarsamkomulags, sem heimilar
að fólk í hans sporum sé sent aftur
til síðasta viðkomustaðar síns.

HÉR á landi hefur heimild þessi
jafnan verið túlkuð sem nánast
ófrávikjanleg regla og í þessu til-
felli sem mikilvægari en þau
ákvæði allra mannréttindasát-
tmála að forðast beri í lengstu lög
að tvístra fjölskyldum. Réttur
stjórnvalda til að snúa manningum
til baka var þannig metinn mikil-
vægari en réttur nýfædds sonar
hans til að njóta umönnunar
beggja foreldra, en hann er
tryggður í barnasáttmála Samein-
uðu þjóðanna sem Íslendingar eru
aðilar að.

HINS vegar er það einfaldlega
ekki satt, sem heyrst hefur í þess-
ari umræðu, að Íslendingar séu
með allt niðrum sig í málefnum
flóttamanna. Staðreyndin er að
miðað við höfðatölu stöndum við
okkur allvel í að taka á móti hópum
þeirra. Í hita umræðunnar hefur
meira að segja gleymst að núver-
andi dómsmálaráðherra hefur
staðið fyrir markverðum umbót-
um í þessum málaflokki með
nýjum útlendingalögum. Aftur á
móti hefur hann, eins og allir for-
verar hans í starfi, til þessa ein-
faldlega fylgt eftir mjög skýrri
pólítískri stefnu íslenskra ríkis-
stjórna. Hana má draga saman í
eina setningu: „Okkar flóttafólk
veljum við sjálf.“ Þeim sem hingað
koma á eigin vegum hefur undan-
tekningalítið verið snúið við
strax.

AF þessum sökum var ég ekki
bjartsýnn á að mál Pauls Ramses-
ar hlyti aðra meðferð í kerfinu en
fordæmi eru fyrir um. Sú ákvörð-
un ráðherra að taka það til endur-
skoðunar kom því ánægjulega á
óvart og er honum til sóma. Von-
andi er hún fyrirboði um mann-
eskjulegri vinnubrögð í framtíð-
inni. Ef til vill kemur á óvart að
ég, yfirlýstur sósíalístinn, skuli
mæra Björn Bjarnason, en rétt
skal vera rétt. Heiður þeim sem
heiður ber. Fram hjá því verður
ekki horft að í ráðherratið Björns
hefur málefnum flóttafólks á
Íslandi miðað í rétta átt. Að visu of
hægt og of stutt að mínu mati, en
Guð láti á gott vita.



Ferðabæklingur Express ferða er
kominn út. Kynntu þér úrvalið á
www.expressferdir.is



Brekkurnar bíða þín!

Bókaðu ógleymanlega skíðaferð í faðmi Alpanna með Express ferðum. Snæviþaktar brekkur í fögru umhverfi, frábær aðstaða og dekur á ekta evrópskum fjallahótelum.



Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Skíða- og
brettaferð

Flims Laax Sviss

14.-21. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
127.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Bellevue með hálfu fæði, morgun- og kvöldverði. Athugið að sérstakir skattar í Sviss, 4 svissneskir frankar á mann á dag, eru ekki innifaldir.

St. Anton Austurríki

31. janúar-7. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
169.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, ferðir til og frá flugvelli, gisting með hálfu fæði, morgun- og kvöldverði.



Oberstdorf Pýskaland

17.-24. janúar
Verð á mann í tvíbýli
159.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting í sjó nætur á Hotel Oberstdorf með morgunverðarhlaðborði, 5 rétta kvöldverði og eru tvö kvöldin sérstök hátíðarkvöld með tónlist. Skoðunarferð um þorpið og sex daga skíðapassi.

Ischgl Austurríki

21.-28. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
154.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á Hotel Central með hálfu fæði, morgun- og 4 rétta kvöldverði.



GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
31. ágúst, 244. dagur ársins.

| Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|----------------|---------|----------|
| Reykjavík 6.08 | 13.28 | 20.46 |
| Akureyri 5.47 | 13.13 | 20.36 |

Heimild: Almanak Háskólans